



ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild


Gestur Gíslason
Gunnar V. Johnsen
Halldór Ármannsson
Helgi Torfason
Knútur Árnason

ÞEISTAREYKIR

Yfirborðsrannsóknir á háhitasvæðinu

OS-84089/JHD-16

Reykjavík, nóvember 1984



ORKUSTOFNUN

Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

**Gestur Gíslason
Gunnar V. Johnsen
Halldór Ármannsson
Helgi Torfason
Knútur Árnason**

ÞEISTAREYKIR

Yfirborðsrannsóknir á háhitasvæðinu

OS-84089/JHD-16

Reykjavík, nóvember 1984

ÁGRIP

Bessi skýrsla greinir frá jarðhitarannsóknum sem voru gerðar árin 1981-1983 á Þeistareykjum. Háhitasvæði það sem kennt er við eyðibýlið Þeistareyki liggur í vesturjaðri norður-gosbeltisins og markar Þeistareykjasprungukerfið vesturjaðar gosbeltisins þar.

Jarðhitasvæðid er innan sprungukerfis sem kennt er við Þeistareyki. Sprungukerfið er skýrgreint þar sem brotalamir hafa hreyfst á nútíma (sl. 10.000 ár). Þótt eldvirkni sé lítil í nágrenni jarðhitasvæðisins eru jarðskjálftar fremur algengir. Stærstir verða jarðskjálftar á svonefndu Tjörnes-brotabelti, sem liggur um Húsavík og hefur norðvestlæga stefnu. Eldgos hafa ekki orðið innan Þeistareykja-sprungukerfisins síðastliðin 2500 ár, en þá rann Þeistareykjahraun. Eldgos í nágrenni Þeistareykja hafa orðið a.m.k. fjórtán sinnum á síðastliðnum 10.000 árum, sum trúlega í sömu goshrinu. Eldgos innan Þeistareykja-sprungukerfisins hafa ekki orðið norðan við Tjörnes-brotabeltið. Sprungukerfið hnikast til vesturs um 2 km við Bæjarfjall og er jarðhitasvæðið í þeim hlykk sem þar myndast. Jarðhiti á yfirborði þekur nálægt 11 ferkílómetra vestan og norðan við Bæjarfjall og nær upp á norðurbrún fjallsins. Gömul ummyndun vestur við Lambafjöll er ekki talin til jarðhitasvæðisins, en þekur þar um 1 ferkílómetra.

Súrt berg á yfirborði er eingöngu að finna í Mælifelli og Litla-Mælifelli og er berg að öðru leyti basalt. Pikrit er í Höfuðreidarmúla og eruhraun yfirleitt fremur dflótt. Svæði það sem fjallað er um í þessarri skýrslu fellur innan þess sem kallast megineldstöð og er hún kennd við Þeistareyki.

Mörk jarðhitasvæðisins eru kortlöggð með mælingum á viðnámi í berggrunni. Hér er 10 ohmm jafnvíðnámslína látin marka jaðar svæðisins og innan hennar fer viðnám niðurfyrir 5 ohmm. Viðnámslægðin sem tengist jarðhitasvæðinu hefur sem næst austur-vestur stefnu og nær frá Mælifelli austur fyrir Ketilfjall. Þessi stefna viðnámslægðarinnar er þvert á meginbrotastefnu í sprungukerfinu. Undir lágvíðnámslægðinni kemur fram hátt viðnám á nálægt 600 m dýpi. Þetta háa viðnám mætti túlka sem þétt innskot með lítið holrými, jarðhitakerfi í suðu eða gæti átt sér aðrar orsakir, og verður það ekki sannreynnt nema með borunum.

Með efnagreiningum á gasi úr gufuaugum á svæðinu hefur verið athugaður hiti í jarðhitakerfinu, rennslisleiðir o.fl. Hæstur hiti virðist vera vestan Ketilfjalls og við sunnanverðan Tjarnarás. Ber niðurstöðum mismunandi reikniaðferða saman um að þar sé hiti $280-310^{\circ}$. Eftir dreifingu efna í gufu og djúphita hefur hitagjafi svæðisins austur-vestur stefnu, þ.e. þvert á sprungukerfið. Renni jarðhitakerfisins er svonefnt fornvatn, líkt og jarðhitavatn á Húsavík og í Reykjahverfi, og líklega fremur salt. Meginrennsli inn á svæðið er úr norðri. Efnahiti vatnsins bendir til 280°C til 310°C hita á 900 til 1100 m dýpi. Vestan við Tjarnarás liggur kalt grunnvatn ofarlega í berggrunni og ómenguð háhitagufa nær þar ekki til yfirborðs.

Stór og mikil þyngdarlægð kemur fram í þyngdarsviðinu norðvestan Bæjarfjalls. Flatarmál hennar er um 25 km². Ónnur lægð í þyngdarsviðinu er tengd Tjörnes-brotabeltinu þar sem það teygir sig inn í Þeistareykja-sprungukerfið.

Jarðhitasvæðid á Þeistareykjum er tengt ungu brotum og því hniki sem verður á sprungukerfinu norðan Bæjarfjalls. Í jarðeðlisfræðilegum mælingum, efnafræði og þyngdarmælingum má sjá að lögun jarðhitasvæðisins er sem næst austur-vestur og stjórnast að öllum líkindum af sama fyrirbrigði og veldur hniki sprungukerfisins. Líklega er einskonar kvíkuhólf á fárra kilómetra dýpi á þessum stað og gefur frá sér hita jarðhitakerfisins. Með samanburði á efnafræði og viðnámsmælingum má ætla að gufa sem kemur fram á yfirborð á Þeistareykjum sé komin úr háviðnámslagi á 900-1100 m dýpi.

Fyrstu rannsóknarborholu er valinn staður við sunnanverðan Tjarnará og er gert ráð fyrir að hún verði a.m.k. 600 m djúp.

Talið er að með þessum rannsóknum sé yfirborðsrannsóknarstigi lokið. Gerðar eru tillögur um framhald rannsókna á háhitasvæðinu.

EFNISYFIRLIT

	bls.
ÁGRIP	2
EFNISYFIRLIT	4
TÖFLUSKRÁ	5
MYNDASKRÁ	6
1 INNGANGUR	9
2 JARÐFRÆÐI	11
2.1 Inngangur	11
2.2 Jarðlög frá síðari hluta ísaldar	11
2.2.1 I. Gamalt móberg í Klappabrekku	13
2.2.2 II. Hraun frá eldri hlýskeiðum	13
2.2.3 III. Eldra móberg	13
2.2.4 IV. Ung hlýskeiðshraun	15
2.2.5 V. Líparít	16
2.2.6 VI. Yngra móberg	16
2.2.7 VII Laus jarðlög	18
2.2.8 VIII. Eldvirkni á nútíma	18
2.3 Brotasaga	24
2.4 Yfirborðsjarðhiti	28
2.5 Niðurstöður	29
3 VIÐNÁMSMÆLINGAR	39
3.1 Inngangur	39
3.2 Viðnámsmælingar fram til 1981	39
3.3 Viðnámsmælingar sumarið 1982	39
3.4 Tulkun viðnámsmælinga	40
3.5 Niðurstöður viðnámsmælinga	42
4 EFNAFRÆÐI	56
4.1 Inngangur	56
4.2 Sýnataka og efnagreiningar	56
4.3 Um hlutföll súrefnis- og vetrnissamsæta	58
4.4 Natríum og klóríð	62
4.5 Styrkur gastegunda í gufu	65
4.6 Gashiti	68
4.7 Áhrif suðu á efnasamsetningu gufu	72
4.8 Áhrif vatnsleiðni bergs á efnasamsetningu	77
4.9 Um kvikasilfur og gashlutföll	78
4.10 Radon	78
4.11 Rennslisleiðir	81
4.12 ^{3}He : ^{4}He hlutfall	81
4.13 Efnagreiningar á sýnum úr volgrum	82
4.14 Samandregnar niðurstöður	83
5 ÞYNGDARMÆLINGAR	92
5.1 Inngangur	92
5.2 Þyngdarmælingar á þeistareykjum	92
5.3 Úrvinnsla þyngdarmælinga	93

5.4 Niðurstöður mælinga	94
6 JARDHITAKERFIÐ Á ÞEISTAREYKJUM	100
7 HELSTU NIÐURSTÖÐUR	104
8 FRAMHALD RANNSÓKNA Á ÞEISTAREYKJUM	105
8.1 Borun eftir köldu vatni	105
8.2 Veglagning	107
8.3 Rannsóknarborhola	107
8.4 Frekari yfirborðsrannsóknir	108
HEIMILDIR	109
VIÐAUKI 1 FRAMKVÆMD VIÐNÁMSMÆLINGA	113
VIÐAUKI 2 MÆLIFERLAR VIÐNÁMSMÆLINGA OG EINVÍÐ TÚLKUN	121
VIÐAUKI 3 LÝSING Á SÝNATÖKUSTÖÐUM	127
VIÐAUKI 4 KOSTNAÐARÁETLUN UM BORUN 600 M RANNSÓKNARHOLU	133

TÖFLUSKRÁ

Tafla 1 Jarðlagaskipan á Þeistareykjasvæði	12
Tafla 2 Jarðskjálftar í nágrenni Þeistareykja	25
Tafla 3 Niðurstöður greininga á sýnum úr gufuaugum 1950-1973	85
Tafla 4 Hlutföll súrefnis og tvívetnis í gassýnum	85
Tafla 5 Upphafshlutfall samsatu (δ_0)	86
Tafla 6 Niðurstöður efnagreininga gufusýna	86
Tafla 7 Nokkur efnahlutföll í gufu	87
Tafla 8 Sýrustig þéttivatns og upphafsstyrkur klóríðs	88
Tafla 9 Gashiti	89
Tafla 10 Áhrif suðu á gashita	90
Tafla 11 Nokkrir mikilvægir efnaeiginleikar	90
Tafla 12 Hlutfall ^{3}He : ^{4}He miðað við andrúmsloft	91
Tafla 13 Efnagreiningar á vatnssýnum frá 1981 og 1982	91
Tafla 14 Niðurstöður þyngdarmælinga	97-99

MYNDASKRÁ

Mynd 1	Þeistareykir, afstöðumynd	10
Mynd 2	Jarðfræðikort af Þeistareykjum (í vasa).	
Mynd 3	Brotalínukort af Þeistareykjum (í vasa).	
Mynd 4	Jarðlagaskipan í Lambafjöllum	14
Mynd 5	Riss af austurhlíð Lambafjalla	14
Mynd 6	Riss af austurhlíð Skeiðar	15
Mynd 7	Riss af ungu móbergi í Lambafjöllum	17
Mynd 8	Aldur nútímahrauna á Þeistareykjasvæð	19
Mynd 9	Myndun sníkjugíga	23
Mynd 10	Hník Þeistareykja-sprungukerfisins við Bæjarfjall	27
Mynd 11	Dreifing jarðhita á yfirborði á Þeistareykjum (í vasa).	
Mynd 12	Ljósmynd af Þeistareykjum og nágrenni	31
Mynd 13	Ljósmynd af jarðhita í norðurhlíð Bæjarfjalls	32
Mynd 14	Ljósmynd af Hitum og Tjarnarási, séð frá Bæjarfjalli	32
Mynd 15	Ljósmynd af skástígum sprungum norðan Mælifells	33
Mynd 16	Ljósmynd af hraunkatli í Þeistareykjahrauni	33
Mynd 17	Ljósmynd af Þeistareykjum og Mælifelli frá Lambafjöllum ..	34
Mynd 18	Ljósmynd af norð- og norðvestlægum (Húsavíkur) misgengjum .	35
Mynd 19	Ljósmynd af gufu í Bóndhólsskarði	36
Mynd 20	Ljósmynd af brennisteinsþúfu	36
Mynd 21	Ljósmynd af leirhverasvæði	37
Mynd 22	Ljósmynd af uppsetningu tækja við töku gassýna	37
Mynd 23	Ljósmynd af hrauni "hangandi" á misgengisfleti	38
Mynd 24	Ljósmynd af Stóra- og Litla-Víti	38
Mynd 25	Staðsetninig viðnámsmælinga	44
Mynd 26	Lína 1 mælt sýndarviðnám	45
Mynd 27	Lína 1 reiknað sýndarviðnám	45
Mynd 28	Lína 1 tvívíð túlkun	46
Mynd 29	Lína 2 mælt sýndarviðnám	47

Mynd 30 Lína 2 reiknað sýndarviðnám	47
Mynd 31 Lína 2 tvívíð túlkun	48
Mynd 32 Lína 3 mælt sýndarviðnám	49
Mynd 33 Lína 3 reiknað sýndarviðnám	49
Mynd 34 Lína 3 tvívíð túlkun	50
Mynd 35 Lína 4 mælt sýndarviðnám	51
Mynd 36 Lína 4 reiknað sýndarviðnám	51
Mynd 37 Lína 4 tvívíð túlkun	52
Mynd 38 Viðnám 200 m ofan sjávarmáls	53
Mynd 39 Viðnám við sjávarmál	54
Mynd 40 Viðnám 200 m neðan sjávarmáls	55
Mynd 41 Sýnatökustadír á Þeistareykjum	57
Mynd 42 Dreifing súrefnis-18:16 hlutfalls í gufuaugum	59
Mynd 43 Breytingar á D:H og súrefni-18:16 við suðu	59
Mynd 44 Þeistareykir-Krafla. D:H og súrefnis-18:16 hlutföll	61
Mynd 45 Svæðaskipting samkvæmt súrefnis-18 hlutfalli	62
Mynd 46 Klóríðstyrkur og pH þéttivatns eftir suðu. $\text{pH}_0=4$	63
Mynd 47 Klóríðstyrkur og pH þéttivatns eftir suðu. $\text{pH}_0=5$	64
Mynd 48 Klóríðstyrkur og pH þéttivatns eftir suðu. $\text{pH}_0=6$	64
Mynd 49 Styrkur klóríðs í gufu	65
Mynd 50 Styrkur koldíoxíðs í gufu	65
Mynd 51 Styrkur metans í gufu	66
Mynd 52 Styrkur brennisteinsvetnis í gufu	66
Mynd 53 Styrkur vetrnis í gufu	67
Mynd 54 Hitaferlar rennis við mismunandi sprunguleiðni	68
Mynd 55 Koldíoxíðhiti	71
Mynd 56 Brennisteinsvetnishiti	71
Mynd 57 Meðalgashiti	72
Mynd 58 Afgösunarstuðlar nokkura efna við $100-350^{\circ}\text{C}$	73
Mynd 59 Styrkur koldíoxíðs við 100°C og áhrif þrepasuðu	73

Mynd 60 Hlutfall $\text{CO}_2:\text{H}_2\text{S}$ í gufu	74
Mynd 61 Samband CO_2 -styrks og hlutfalls H_2S og CO_2 í gufu	75
Mynd 62 Reiknaður suðuferill og mæld gildi $\text{CO}_2:\text{H}_2\text{S}$ og $\text{CO}_2:\text{H}_2$ í gufu við 100°C	76
Mynd 63 Áhrif þrepasuðu á gashita	76
Mynd 64 Samband radonstyrks, rennslis, gufuhluta og vegalengdar við 250°C	79
Mynd 65 Styrkur radons í gufu	80
Mynd 66 Hlutfall $\text{H}_2:\text{H}_2\text{S}$ í gufuaugum	81
Mynd 67 Hugsanlegar rennslisleiðir grunnvatns	82
Mynd 68 Þyngdarbreytingar 1981-1982	94
Mynd 69 Bouger-þyngdarkort af Þeistareykjasvæði	95
Mynd 70 "Residual" Bouger-þyngdarkort af Þeistareykjasvæði	96
Mynd 71 Segulkort af Þeistareykjum og nágrenni	101
Mynd 72 Gashiti, suðuhiti og einfaldað viðnámssnið	102
Mynd 73 Staðsetning kaldavatns- og rannsóknarholu	106

1 INNGANGUR

Í þessari skýrslu er greint frá rannsóknum sem unnið var að á Þeistareykjum á vegum Jarðhitadeildar Orkustofnunar á árunum 1981 og 1982. Fram að því höfðu aðeins takmarkaðar rannsóknir verið gerðar þar. Árið 1971 voru leirmyndanir á Þeistareykjum athugaðar (Halldór Kjartansson 1972) en fyrsta skipulagða rannsóknin á jarðhitanum þar var unnin á vegum Orkustofnunar 1972-1974 (Ragna Karlsdóttir 1974, Karl Grönvold og Ragna Karlsdóttir 1975). Fyrir þann tíma var jarðhitasvæðid nær ókannað.

Árið 1981 þegar rannsóknir hófust að nýju var unnið fyrir sérstaka fjárveitingu sem Alþingi hafði samþykkt, en síðar hefur verkið notið framlags af fjárveitingu Alþingis til Orkustofnunar.


Þeistareykir eru á sunnanverðri Reykjaheiði milli Lambafjalla í vestri og Þeistareykjabungu í austri (mynd 1), 25 km í suðaustur af Húsavík. Vegalengdin frá Húsavík er um 30 km. Einnig liggur vegarslóði um 21 km til suðurs frá Þeistareykjum og tengist Kísilveginum á Hólasandi. Í báðum tilvikum er um að ræða jeppaslóðir, eingöngu færar á sumrin.

Mestallt jarðhitasvæðid er á flatlendi norðan og norðvestan undir Bæjarfjalli í hrauni eða á grónum grundum. Liggur það landsvæði í 320-370 m hæð, en efst teygir jarðhiti sig í Bæjarfjalli í 530 m hæð. Þó að Þeistareykir séu allfjarri byggð hefur verið búið þar annað veifið, og fór jörðin síðast í eyði 1873. Þá var fyrr á öldum unnninn þar brennisteinn (Ólafur Jónsson 1945).

Eins og fyrr sagði voru fyrstu jarðhitarannsóknir á Þeistareykjum gerðar 1972-1974. Þá var mest unnið að jarðfræðikortlagningu og viðnámsmælingum en í minna mæli að efnafræðirannsóknum. Um þessar rannsóknir eru til tvær skýrslur (Ragna Karlsdóttir 1974; Karl Grönvold og Ragna Karlsdóttir 1975). Í sambandi við útgáfu jarðfræðikorts af norðausturlandi var síðar aukið nokkru við jarðfræðibekkingu á svæðinu (Kristján Sæmundsson 1977).

Sú rannsókn sem hér er til umfjöllunar var að mestu unnin eftir áætlun sem gerð var í upphafi árs 1981 (Valgarður Stefánsson og fl. 1981). Unnið var að ítarlegri jarðfræðikortlagningu, söfnun á gufu til efnagreininga og viðnámsmælingum. Einnig var gert þyngdarkort. Sérstök kortagerð tengdist þessu verki og unnu Landmælingar Íslands það verk að hluta en landmælingar Orkustofnunar sú um mælingavinu. Gerð voru 10 kort í mælikvarðanum 1:10.000, svonefnd orthokort sem unnin eru beint eftir loftmyndum. Þessi kort eru notuð við gerð sérkorta í þessari skýrslu (t.d. myndir 2 og 3), en þar sem þau ná ekki til eru notuð AMS kort í mælikvarða 1:50.000.

Fjallað er um hvern rannsóknarpátt í sér kafla hér á eftir auk þess sem eldri mælingar eru endurtúlkaðar eftir því sem við á. Aftast í ritinu er fjallað um framhald rannsókna á háhitasvæðinu. Í viðaukum 1 og 2 er lýst framkvæmd og túlkun viðnámsmælinga. Í viðauka 3 er þeim stöðum lýst þar sem sýni voru tekin til efnagreininga. Viðauki 4 er kostnaðaráætlun um borun 600 m djúprar rannsóknarholu.



Mynd 1. Afstöðumynd af Þeistareykjum og nágrenni. Rannsóknarsvæðið er afmarkað með strikalínu.

2 JARÐFRÆÐI

2.1 Inngangur

Þeistareykjasvæði á við og vestan frá Lambafjöllum austur fyrir Þeistareykjabungu (mynd 1). Jarðlög og jarðmyndanir þessa svæðis má rekja til sprungukerfis, sem kennt er við Þeistareyki. Jarðfræðileg gerð Þeistareykjasvæðisins er fremur einföld, ef miðað er við jarðfræði margra annarra háhitasvæða. Súrt berg er í litlu magni og eldvirkni ekki mikil á nútíma.

Rannsóknir háhitasvæða á Íslandi voru framan af einkum bundnar við könnun á magni og gæðum brennisteins, en hin síðari ár hefur áhugi manna einkum beinst að orkunni sem í þeim er fólgin. Brennisteinn var numinn á Þeistareykjum snemma á öldum, og árið 1775 kom þar danskur námafræðingur, Ole Henkel, og lýsti aðstæðum á Þeistareykjum og víðar (Ólafur Jónsson 1945). Jónas Hallgrímsson skoðaði Þeistareyki 1839 og hugði einungis að brennisteini. Eftir það var af og til numinn brennisteinn á Þeistareykjum fram undir aldamótin 1900. Á Norðurlandi mun brennisteinn síðast hafa verið numinn í Bjarnarflagi 1940 (sjá nánar í bók Ólafs Jónssonar 1945).

Skipulögð rannsókn á jarðfræði þessa landshluta hófst rétt um miðbik 20. aldarinnar. Á Þeistareykjum eru það einkum jarðfræðirannsóknir Bemmelens og Ruttens (1955) sem eitthvað kveður að fram undir 1970. Rannsóknir þeirra beindust aðallega að hlýskeiðshraunum og móbergi, einkum móbergsstöpum. Þeir félagar rannsókuðu Lambafjöll og lýstu Bæjarfjalli og nágrenni, að mestu eftir loftmyndum. Orkustofnun hóf rannsóknir á Þeistareykjum laust eftir 1970. Karl Grönvold og Ragna Karlsdóttir (1975) unnu að jarðfræði- og jarðeðlisfræðirannsóknum á Þeistareykjasvæðinu árin 1972 og 1973, og byggja eftirfarandi niðurstöður að nokkru á rannsóknum þeirra.

Jarðfræði- og brotalínukort af Þeistareykjasvæði (myndir 2 og 3) eru í vasa aftast í skýrslunni. Fyrst verður lýst jarðlögum mynduðum fyrir nútíma (móberg og hlýskeiðslög), síðan nútímahraunum, þá brotasögu svæðisins og kaflanum lýkur á stuttri lýsingu á yfirborðsjarðhita (jarðhitakort er í vasa aftast í skýrslunni). Aldur jarðlaga miðast við daginn í dag, þ.e.a.s. talið afturábak.

2.2 Jarðlög frá síðari hluta ísaldar

Talið er að síðasta jökulskeiði (Búðaskeiði) hafi lokið á Íslandi fyrir um 10.000 árum. Lengd jökulskeiða hefur trúlega verið mismunandi og um 100.000-120.000 ár liðu milli þeirra (sjá t.d. Kristján Sæmundsson 1979). Eldvirkni var ekki síður á jökulskeiðum en á hlýskeiðum, og við gos undir jöklum og/eða vatni vard til móberg, stundum þakið hraunaskjöldum að ofan, og nefnast slíkar myndanir stapar.

Fjallgarður sá, sem liggur vestan við Þeistareykjasprungukerfið og nær frá þjóðvegi í suðri að Reykjaheiði í norðri, er nefndur Lambafjöll. Í vesturhlíðum þeirra finnst öfugt segulmagnað berg í Tröllagili í

Reykjahverfi (Kristján Sæmundsson, pers. uppl). Mörk rétts og öfugs segulmagnaðs bergs marka tímamótin Bruhnnes/Matuyama, sem voru fyrir um 700.000 árum. Lambafjöll eru að miklum hluta til mynduð úr móbergi á nokkrum jökulskeiðum. Hafa jöklar sorfið þau og haldid vexti þeirra í skefjum. Elstu jarðmyndanir á jarðfræðikortinu eru hraunlög frá hlýskeiðum. Koma hraunlög þessi í ljós við misgengi á Hólasandi. Að öllum líkindum eru a.m.k. tvö jökulskeið síðan þessi hraunlög runnu.

Hér verður gerð grein fyrir jarðlögum sem mynduð eru á þremur síðustu jökulskeiðum ísaldar og hlýskeiðum milli þeirra. Undirkraflar eru nefndir eftir þeim einingum sem þeir fjalla um og sýndar eru í töflu 1.

TAFLA 1 Jarðlagaskipan

Jarðlög á Þeistareykjasvæði, einingar í aldursröð og er elsta eining neðst. Einingsarnar finnast hvergi allar saman í einu sniði.

TÍMI	EINING	BERGMYNDUN
Nútími	VIII. Nútímahraun	14 basalthraun á Þeistareykjasvæði.
	VII. Laus jarðlög	Sandar, jarðvegur og skriður. Sandar og urðir á Hólasandi frá lokum síðasta jökulskeiðs.
10.000 ár	VI. Móberg frá síðasta jökulskeiði	200-300 m þykkt og díflasnautt í Lambafjöllum, á Hólasandi, Gæsafjöllum og Bæjarfjalli.
Jökulskeið	V. Líparít	A.m.k. 150 m, í Mælifelli og Litla Mælifelli.
Hlýskeið	IV. Hlýskeiðshraun -dyngjur	200 m í Höfuðreiðum, hefur runnið upp að Lambafjöllum, ólivínbasalt. 400 m í N-Lambafjöllum. Pyroxen-, ólivín- og plagióklasdílótt.
Jökulskeið	III. Móberg	Allt að 300m þykkt, díflalaust.
Hlýskeið	II. Dyngju- og sprunguhraun (Hraf nabjargadyngja)	100-200 m, illa opin eining. Ýmist plagióklasdílótt eða díflalaus.
Jökulskeið	I. Móberg	50 m þykkt díflalaust móberg í Klappabrekku, tengt hraunlögum.

þar sem jarðmyndanir í Lambafjöllum eru huldar skriðum og lausum jarðlögum frá síðjökultíma, er erfitt að gera ljósa grein fyrir þeim. Í töflu 1 og á mynd 2 er reynt að gefa grófa mynd af helstu jarðlagasyrpum, en þeim ekki lýst í smáatriðum. Þykkar móbergsmyndanir bera bess vott að, líklega séu að minnsta kosti þrjú jökluskeið varðveitt í jarðlagastaflanum. Á hlýskeiðum hafa runnið mikil dyngjuhraun og eru merki um tvö slík. Í sambandi við brotasögu svæðisins og eldvirkni skipta þessar myndanir miklu máli, þótt þær komi jarðhitum ekki beint við.

2.2.1 I. Gamalt móberg í Klappabrekku

Á Hólasandi er lágor ás sem nefnist Klappabrekka. Neðri hluti ássins er úr dílalitlu móbergi og sér í það í vesturhlíðum hans. Greinilega má sjá hvernig móbergið er tengt hraunlaginu sem ofan á liggur, og telst þessi myndun því stapi. Hraunið er um 5% plagióklasdílótt og leggjast yngri hraunlög ofan á það, en þau skil sjást ekki í Klappabrekku. Bemmelen og Rutten (1955) geta þess, að einnig sést í móberg þetta við Hamraskard.

2.2.2 II. Hraun frá eldri hlýskeiðum


Svæðið umhverfis Klappabrekku er að mestu hulið jökulurðum frá lokum síðasta jökluskeiðs. Hér og hvar stinga grágrýtishraun sér upp gegnum jökulurðirnar, einkum við misgengi, sem eru ófá. Hraun þessi eru ýmist beltaskipt dyngjubasalt eða stök og óbeltaskipt. Austan við Lambafjöll er klettabelti sem nefnist Hamrahlið og er það dílalaus dyngja úr ólivínpóleifti. Svæði það sem nefnist Grjót er einnig úr samaldra hlýskeiðshraunum. Guðmundur Guðmundsson o.fl. (1971) nefna grágrýtið á Hólasandi Hraf nabjargadyngju og telja hraunin runnin frá Hraf nabjörgum, sunnan Gæsafjalla. Vel getur verið, að grágrýtið á Hólasandi sé þaðan komið, en ekki er líklegt að dyngjuhraunin undir Lambafjöllum séu þaðan og er sennilega um nokkur hraun að ræða. Á norðurjaðri jarðfræðikort eins eru ásarnir Dimmadalsháls og Langahlíð úr hlýskeiðshraunum, að öllum líkindum af sama aldri.

2.2.3 III. Eldra móberg

Neðst í austurhlíðum Lambafjalla sér í móberg sem lagst hefur ofan á þau lög sem fjallað var um hér að framan. Móbergið er dílalaust og er því öldungis óskyldt dyngjuhrauninu sem ofaná liggur, eins og síðar verður vikið að (mynd 4). Þessi móbergsmyndun kemur fram undir öllum Lambafjöllum og er mesta þykkt hennar a.m.k. 300 m. Í Skeið eru dílalaus hraunlög ofan á þessu móbergi og er ekki ólíklegt að þar hafi eitt sinn staðið myndarlegur stapi, nú grafinn í yngri jarðlög. Í sunnanverðum Lambafjöllum sést í gamalt móberg sem trúlega er sama myndun, og liggur yngra móberg í Gustahnúki beint ofan á því, en opnur eru mjög slæmar þar og skil þessi sjást illa.

Í vesturhlíð Skeiðar leggst þunnt plagióklasdílótt bólstraberg og þursaberg ofan á þetta eldra móberg. Móbergslagid þynnist til norðurs og vel getur verið að það tengist dílóttri dyngjusyrpu sem ofan á liggur (mynd 5).


84.12.1619-HeTo



Mynd 4 Jarðlagaskipan í Lambafjöllum.

Kvíhólar liggja sunnan við Bæjarfjall og vestan við Kvíhólfjöll. Hólarnir eru gömul gígfylling sem hefur harðnað umfram móbergið í kring og hafa roföflin því unnið verr á þeim. Bergið er lítið díflótt og sker sig ekki frá móberginu í nærliggjandi fjöllum. Þetta gamla móberg liggur inn undir móbergið í Kvíhólfjöllum og Bæjarfjalli, en í þeim myndunum eru gígar varðveittir mun betur. Ekki er unnt að ákvarða aldur þessarar myndunar með neinni nákvæmni, og ekki tengjast nein hraunlög henni svo vitað sé. Vegna ellilegs útlits og afstöðu til yngri móbergsmýndana eru Kvíhólar taldir til eldra móbergs, þ.e. frá næstsíðasta jökulskeiði.

84.12.1620-HeTo




Mynd 5 Riss af austurhlíð Lambafjalla. Eldra móberg (A) liggur undir díflóttri dyngju (D) og efst er ungt móberg frá síðasta jökulskeiði (E).

2.2.4 IV. Ung hlýskeiðshraun

Lambafjöll. Efri hluti Lambafjalla samanstendur að mestum hluta af þyku dyngjuhrauni og ungu móbergi, sem leggst þar ofan á. Dyngjuhraunið er auðþekkt því að bergið er grófkorna og mjög díflótt, og eru það plagióklas, pyroxen og ólivín sem mynda dílanu. Eins og minnst var á hér að framan er gamalt móberg undir þessu dyngjuhrauni, en ekki er líklegt að dyngjuhraunið tengist henni. Að vísu er bunnt móbergs- og bólstrabergslag á milli hins gamla móbergs og dyngjunnar, líklega tengt dyngjunni, eftir dílasamsetningu að dæma. Það er því mögulegt að ís eða vatn hafi verið á svæðinu er díflóttu dyngjan rann, en ekki hefur jökullinn verið þykkur, hafi hann verið til staðar, og er því varla hægt að gera hér ráð fyrir jökulskeiði nema fleiri rök komi til.

Bemmelen og Rutten (1955) og Karl Grönvold og Ragna Karlsdóttir (1975) nefna þessa myndun stapa, en þar sem móbergið sem gæti tilheyrт þessari myndun er mjög bunnt er óvist að svo sé. Illfært er um lóðrétt hamrapilin í austurhlíðum Lambafjalla til að skoða skil milli jarðmyndana. Eins og sýnt er á mynd 6 er undirlag þessarar díflóttu dyngju óslétt og hefur hraunið runnið upp að eldri myndunum, þ.e. eldra móberginu. Bergið er ólivínpóleit og eru upptök þess óviss, en líklega nálægt Kistufelli.



Mynd 6 Riss af austurhlíð Skeiðar. Gamalt móberg (A) og dyngjuhraun tengt því (B) liggur undir móberglinsu (C) sem bynnist út til norðurs. Díflótt dyngja (D) myndar efri helming fjallsins.

Höfuðreiðar nefnist landið sem liggur austan við Geldingadal og norðan Lambafjalla. Hæsti punktur er í um 460 m í hæðapyrpingu sem vafalítio er gígavæði dyngju sem sennilega er frá síðasta hlýskeiði. Berg frá dyngju þessarri hefur runnið að vesturhlíðum Lambafjalla og breitt úr sér til suðvesturs. Til norðurs hefur það runnið upp að svonefndri Grjóthálsdyngju sem einnig er frá síðasta hlýskeiði (Kristján Sæmundsson 1974). Berg frá Höfuðreiðadyngju er ekki að sjá í

austurhlíðum Lambafjalla og er dyngjan trúlega yngri en eldra móbergið, og hefur að öllum líkendum runnið upp að dílóttu dyngjunni, sem lýst var hér að framan. Bergið er ólivíndilótt ólivínþóleifit. Mögulegt er að gamla móbergið sé tengt þessari myndun, en erfitt verður að sanna það, því að mótt þeirra sjást ekki. Útbreiðsla bergs frá Höfuðreiðadyngju var ekki kortlagt sérstaklega, enda mjög hulið yngri myndunum, einkum jökulruðningi.

2.2.5 V. Líparít

Mælifell og Litla-Mælifell standa upp úr nútímahraunum inni í sprungukerfinu (myndir 15 og 17). Mælifell er 125 m og Litla-Mælifell um 20 m hærra en landið umhverfis. Þæði fellin eru úr súru bergi, líparíti sem myndast hefur við gos í jökli. Þetta eru einu merkin um súrt berg í þeistareykjaeldstöðinni. Bergið í Litla-Mælifelli er áberandi dílóttara en í Mælifelli og ekki víst að um sömu myndun sé að ræða. Líklega eru þessar súru jarðmyndanir fyrirferðarmeiri er neðar dregur í berggrunninn, en þær sem nútímahraun hafa runnið upp að þeim, og kaffært þær að hluta, er ómögulegt að geta sér til um rúmmál þeirra.

2.2.6 VI. Yngra móberg

Á síðasta jökluskeiði gaus á nokkrum stöðum innan sprungukerfisins og í nágrenni þess. Grísatungufjöll liggja í norður frá Lambafjöllum og skilur Reykjaheiði þar á milli. Þær eru jarðmyndanir frá síðasta jökluskeiði og þaðan af eldri, en þær myndanir voru ekki skodaðar í sambandi við rannsóknirnar sem hér um ræðir.


Móberg frá síðasta jökluskeiði er einkum að finna á jöðrum sprungukerfisins og í minna mæli innan hans. Auk móbergs gaus einnig líparíti, að öllum líkendum á síðasta jökluskeiði. Ekki hefur gosið súru bergi á nútíma, né heldur sjást þess merki í eldri myndunum en þessari. Hér á eftir verður í stuttu máli gerð grein fyrir móbergsmyndunum frá síðasta jökluskeiði.

Gustahnúkur liggur sunnan við Lambafjöll og er að því er best verður séð úr tveimur myndunum. Neðri hlutinn er líklega gamalt móberg frá næstsíðasta jökluskeiði. Ofan á það leggst síðan móberg frá síðasta jökluskeiði. Þær á milli mun þá vanta dílóttu hlýskeiðshraunið, sem að framan er lýst. Unga móbergið í Gustahnúk er plagíóklasdílótt.

Grjót nefnist svæði sunnan við Lambafjöll og eru þær nokkur hrúgöld úr dílalausu móbergi og bólstrabrotabergi. Víða sér í slíkar móbergshreytur, en ekki er unnt að segja til um hvort um eitt samfellit lag hafi verið að ræða, og raunar ólíklegt að svo sé.

Lambafjöll eru þakin ungu móbergi frá síðasta jökluskeiði. Leggst móberg þetta yfir dílóttu hlýskeiðsdýngjuna í Lambafjöllum og sést það nrst í Jónsnípu. Þykkt móbergsins er mest um 250 m sunnan til í Lambafjöllum og vottar fyrir gíg í einum tindanna þar. Kistufell er úr þessu unga móbergi og eru nokkuð greinilegir gígar þar. Móbergið í Kistufelli liggur í sigdal sem myndast hefur í dílóttu hlýskeiðsdýngjuna. Þetta móberg hefur lagst ofan á talsvert rofið landslag og er því mjög misþykkt. Eins og sjá má á myndum 5 og 7

leggst yngsta móbergið eins og kápa utan á eldri myndanir, og liggur jafnvel utan á lóðréttum misgengisflötum móti austri. Móbergið er víða lagsskipt og túffkennt og er Bemmelen og Rutten (1955) skoðuðu Kistufell álitu þeir að móbergið væri set myndað í jökulhlaupi. Það er fjarri lagi því hér er aðeins um venjulegt móberg að ræða.



Mynd 7 Riss af ungu móbergi í Lambafjöll og sýnir hvernig móbergið hefur lagst utan á lóðréttu misgengisfleti austan í Lambafjöllum.

Jónsnípa er nyrsti hluti þessa yngsta móbergs. Þar hefur gosið snemma á nútíma og hylja þunn og ræfilsleg hraunlög móbergið að nokkru.

Klappabrekka er innan virka sprungukerfisins. Að ofan er Klappabrekka bakið ungu móbergi, en neðri hlutinn er úr hrauni. Móbergið er díflalaust, bólstraberg neðst en túff efst. Sama berg er í tveimur hæðum sunnan við Klappabrekku, við jeppaslóðina að þeistareykjum.

Rauðhóll er móbergshæð sem stendur upp úr nútímahraunum norðan til á svæðinu. Hann er umluktur a.m.k. 30 m þykkum hraunum, og er aðeins hluti af öllu stærri myndun.

Gæsafjöll eru myndarlegur stapi frá síðasta jökluskeiði og standa þau austan við sprungukerfið (mynd 12). Jónstind (882 m) ber þarna hæst og er hann á barmi álitlegs gígs, sem er meira en 100 m djúpur og um 800 m í þvermál. Tveir til þrír gígar aðrir eru á fjallinu, líklega frá sama gosi. Neðan til eru Gæsafjöll úr móbergi en mikill hraunaskjöldur ofan á fjallinu sýnir að gosið hefur náð upp úr jöklinum. Bemmelen og Rutten (1955) geta þess til að nútímahraun séu á toppi Gæsafjalla, en það er ólíklegt. Enn fjarstæðukenndari eru hugmyndir þeirra um að nútímahraunin umhverfis Gæsafjöll séu komin frá hinum mikla gíg á fjallinu. Kvíhólfafjöll eru frá síðasta jökluskeiði og má sjá nokkuð greinilega gíga, um 500 m í þvermál, í móberginu. Fjöllin eru ekki mikil rofin og leggst yngra móbergið mislægt ofan á eldra móberg í Kvíhólum.

Bæjarfjall er flatt að ofan og líkist því stapa í útliti (myndir 12 og 13). Engin hraunlög eru þó á fjallinu og er ekkert sem bendir til

að svo hafi verið, svo að ekki telst það vera stapi. Neðan til er Bæjarfjall úr bólstrabergi en að ofan er það úr móbergstúffi. Bergið í Bæjarfjalli er smádfílótt og ber einkum á plagíóklasi. Líklega hefur gosið sem Bæjarfjall myndaðist í orðið seitn á síðustu ísöld. Jökull hefur síðan sorfið fjallið svo vel sem raun ber vitni, varla þó til muna að ofan, því gígur mikill er á fjallinu, um 80 m djúpur og um 900 m að þvermáli (mynd 12). Hefur hann líklega verið fullur af ís yfir jökultímann og jökullinn skriðið, eftir skriðflötum í ísnum, yfir hann án þess að geta hróflað mikið við honum eða fyllt af grjótmulningi. Barmar gígsins hafa fallið inn í hann og hefur hið raunverulega gosop því verið mun minna en nú sést, varla meira en 500-600 m í þvermál og nokkrir tágir metra á dýpt. Veggir þessara gíga eru brattir mjög og eru þeir líkir gígunum sem eru nú á Þeistareykjabungu. Bæjarfjall er nokkuð sprungið og gengur 400-500 m breið og sakleysisleg sigdæld norður eftir fjallinu. Jarðhiti er á fjallinu norðanmegin (í 525 m hæð) og er greinilega tengdur sprungum þar. Höggun setur ekki mikinn svip á fjallið en ungar jarðskjálftasprungur vestan við gígana benda þó til hreyfinga á sl. 100 - 200 árum.

Ketilfjall er móbergshryggur sem liggur norður frá Bæjarfjalli. Milli fjallanna er Bóndhólsskarð, kennt við móbergshæðina Bóndhól (mynd 12). Ketilfjall heitir eftir skál (katli) með gufuverum vestan í fjallinu. Móbergið er túff og hefur gosið á sprungu með stefnu 015° réttvisandi. Ekki er ólíklegt að Ketilfjall sé framhald Kvíhólafljalla til norðurs. Jafnframt er sennilegt að móbergshálsar sem standa upp úr nútímahraunum norðan við Ketilfjall séu af sama toga, því að hraun frá Þeistareykjabungu hafa runnið að Ketilfjalli og kaffað stóran hluta þess. Sé svo, hefur gosið á um 10 km langri gossprungu. Ekki er hægt að segja mikið um aldur Ketilfjalls og hálsanna þar norðan við annað en að líklega eru þessar myndanir frá síðasta jökluskeiði.

Bórunnarfjöll og Einbúi eru móbergshrúgöld, sennilega frá síðasta jökluskeiði (mynd 12). Þau eru umlukin nútímahraunum og eru frá gosum milli Þeistareykja- og Kröflusprungukerfanna. Ekki voru þessar myndanir skoðaðar í sambandi við rannsóknir á Þeistareykjum.


2.2.7 VII Laus jarðlög

Ekki er hægt að segja að laus jarðlög séu fyrirferðamikil á Þeistareykjasvæði. Jarðvegur er líklega yfirleitt undir 1 m á þykkt og er mest fokmold og öskulög. Foksandur er talsverður og hefur magnast hinum síðari aldir vegna ofbeitar sauðfjár. Einkum er það Hólasandur sem leggur til efni í sandfokið. Skriður eru talsverðar í Lambafjöllum en öllu minni í Bæjarfjalli. Úr skriðunum má fá efni til vegagerðar, en varla telst það gott sem slikt. Vegna náttúruverndarsjónarmiða væri þó æskilegra að taka efni til vegagerðar á Hólasandi.

2.2.8 VIII. Eldvirkni á nútíma

Á Íslandi lauk ísöld fyrir um 10.000 árum og er tímabilið síðan nefnt nútími. Þá er miðað við þann tíma er jaðar ísaldarjöklusins hörfæði frá jökulgörðum þeim sem kenndir eru við fossinn Búða og er kalda tímabilið þar á undan nefnt Búðastig (Þorleifur Einarsson 1968). Hraun runnin eftir ísöld nefnast nútímahraun.

84.12.15II-HeTo



Mynd 8 Aldur nútímahrauna á Þeistareykjasvæði.

Eldvirkni á nútíma getur ekki talist mikil í Þeistareykjasprungukerfinu. Milli Þeistareykja- og Kröflusprungukerfanna hefur gosið í Þeistareykjabungu, austan Kvíhólafjalla og vestan undir Gæsafjöllum. Elstu hraunin á svæðinu eru Skildingahraun, mikil dyngjuhraun, og gömul hraun í Höfuðreiðarmúla. Raunar er talið að í Höfuðreiðarmúla hafi gosið í lok ísaldar er jökull lá enn á svæðinu (Karl Grönvold og Ragna Karlsdóttir 1975). Mikil dyngjuhraun mynda Þeistareykjabungu og hafa þau runnið vestur að Lambafjöllum. Nútímahraun eru sýnd í rauðum lit á mynd 2 (jarðfræðikortinu).

Beinar aldursgreiningar eru engar til á hraunum á svæði því sem hér er lýst. Hraun eru greind til aldurs eftir öskulögum, einkum ljósum öskulögum frá Heklu, eftir afstöðu hrauna hvers til annars og í minna mæli eftir útliti og sprungum. Einkum eru það ljósu Heklulögin H1 (846), H3 (um 2900), H4 (um 4500) og H5 (um 7000) sem stuðst er við. Þau Guðrún Larsen og Sigurður Þórarinsson (1977) fjölluðu um aldur súrra öskulaga frá Heklu og er sá aldur sem þau gefa upp notaður hér. Aldurstölur eru miðaðar við daginn í dag, eins og fyrr getur. Aldursröð hrauna er sýnd á mynd 8. Hér á eftir verður þeim hraunum lýst stuttlega, sem við sögu koma. Nöfn hrauna eru "heimasmíðuð". Einnig er stuðst við öskulagasníð í Guðmundur Guðmundsson o.fl. 1971.

Múlahraun myndar neðri hluta Höfuðreiðarmúla og er talið vera myndad við gos í jökuljaðri, eða punnum jökli í lok síðasta jökluskeiðs. Bergið hefur glerjast við hraða kólnun eins og sjá má norðaustan í múlanum (Karl Grönvold og Ragna Karlsdóttir 1975). Hraunið er samkvæmt því um 10.000 ára, en gæti verið eitthvað yngra, því að jöklar hafa ef til vill verið brautseigari til fjalla. Bergið er pikrit (þ.e. mjög ólivínrikt) og eru gígarnir sem það kom frá huldir yngri hraunum. Hraun þetta er ekki mikil að flatarmáli en nokkuð bykkt, gæti verið um 100 m eða meira.

Laufrandarhraun er pikrit, frá svipuðum tíma en þó líklega eilítid yngra en Múlahraun. Það liggur sunnar og hefur komið upp um annan gíg en Múlahraun. Bergið er mjög ápekkt í þessum hraunum bádum. Laufrandarhraun myndar háa brún sem að öllum líkindum er jaðar á hraunröð. Hraunið er nefnt eftir örnenfni á staðnum. Það er ekki mikil að vöxtum, þykkara en 50 m og flatarmál a.m.k. 2 km^2 . Svo virðist sem hraun þetta hafi ekki hlaðist upp að jökli, heldur runnið niður á jafnsléttu og er því talið yngra en Múlahraun, eða um 9500 til 9800 ára.

Ónýtahraun liggur austan í móbergsfellinu Jónsnípu. Það er punnt og ræfilslegt, ógreinilegt og ekki sjást vel tengsl þess við önnur hraun. Hraunið er dílasnautt, lítið eitt er þó af litlum feldspatdílum. Eftir útliti þess og afstöðu til annarra hrauna er giskað á aldur um 9500 ár.

Óvissahraun myndar efsta hluta Höfuðreiðarmúla og eru mörk þess óviss. Það er nær dílalaust og sker sig því frá Múlahrauni sem liggur undir. Gígar eru á toppi fjallsins. Er hraunið runnið þaðan og sjást greinilegar hrauntraðir við gígana, sem eru tveir eða fleiri. Mörk hraunsins er erfitt að rekja vegna þess hve punnt það er, gamalt og gróið. Það hefur runnið fram af fjallinu til nordurs og vesturs og undir Skildingahraun. Aldur þess er um 9000 ár, en 2-3 ljós öskulög liggja ofan á hrauninu, og er neðsta ljósa lagið líklega H5. Flatarmál hraunsins er ekki mikil meira en 2 km^2 .

Jónsnípuhraun hefur komið upp á stuttri sprungu í móberginu er myndar Jónsnípu. Hraunið er mjög punnt og hefur runnið vestur af nípunni og Hvammahraun síðar runnið yfir það svo stærð þess er óviss. Sá hluti hraunsins sem sést er fremur lítill, varla meira en nokkur hundruð fermetrar. Hraunið er dílalaust og er 20-30 cm ösku- og gjalllag milli hrauns og móbergs. Aldur þessa hrauns er talinn vera um 8500 - 9000 ár og eru engin öskulög til að ákvarða aldur þess frekar.

Hvammahraun hefur komið upp við stórt misgengi austan í norðanverðum Lambafjöllum. Eftir að hraunið rann hefur það misgengið og landið

austan misgengisins sigið um eina 50 m. Gígar eru greinilegir við misgengið og hefur hraunið runnið til nordurs niður í svokallaða Árnahamma og liggur þar undir Skildingahrauni. Til austurs hefur hraunið runnið niður á jafnsléttu og hverfur þar einnig inn undir Skildingahraun. Hraunið er dílalaust og líkist því hinum yngri hraunum á Höfuðreiðarmúla. Eftir afstöðu til annarra hrauna að dæma er aldur Hvammahrauns um 8000 til 8500 ár.

Skildingahraun er nefnt eftir Skildingahól, en þar telur Kristján Sæmundsson (1977) vera dyngjugíg sem mikið hraun er komið frá. Hraun þetta hefur runnið yfir mikið svæði. Það liggur meðfram Lambafjöllum austanverðum (sjá t.d. mynd 15) og undir hraunið frá Stórvíti. Til nordurs hefur það runnið í Öxarfjörð er sjávarstaða var hærri en nú er (Kristján Sæmundsson, pers. uppl.). Til vesturs hefur hraunið runnið um Reykjaheiði, niður Geldingadal og niður í Reykjahverfi þar sem það myndar háa hraunbrún í Stöplum. Að vísu er ekki öruggt að um sé að ræða eitt og sama hraunið, en útlitið er mjög áþekkt, grófkorna, plagióklasdílótt, beltaskipt og mjög þykkt hraun. Mesta þykkt sem sést er í sprungunni Gæsku, vestur við Lambafjöll, en þar er hún a.m.k. 30 m, og sér ekki undir hraunið. Hraunið er víða í misgengisstöllum og sér hvergi í undirlag þess, en stallarnir eru oft 20-25 m háir.

Í bergstáli í Kelduhverfi sem nefnt er Veggir er nútímahraun, mjög áþekkt því sem er í Skildingahrauni. Á korti eftir Kristján Sæmundsson (1977, og pers. uppl.) sýnir hann það sem hluta af Skildingahrauni og gerir þá ráð fyrir að það hafi runnið meðan sjávarstaða var hærri snemma á nútíma, eða land hafi lyfst síðan hraunið rann. Í Stöplum er svo að sjá að hraunið hafi mætt fyrirstöðu sjávar eða jökuls, því að hraunbrúnin er óvenjulega há af dyngjuhrauni að vera. En þar eð Stöplar eru í um 150 m hæð yfir sjó dugir sjávarsþýringin ekki hér. Einnig er ótrúlegt að jökull hafi legið í Reykjadal á þessum tíma. Sennilegust skýring á hinni háu hraunbrún er því sú að hér sé um tvö eða þrjú hraun að ræða. Verður úrskurður um það þó að bíða betri tíma, en hraunin nefnd einu nafni hér. Samkvæmt öskulögum er Skildingahraun nokkuð eldra en H5 og eftir jarðvegsþykkt ofan á hrauninu að dæma ætti aldur þess að vera 7500 til 8000 ár.

Klappahraun er ellilegt hraun suður undir Hamraskardí. Það er að mestu hulið yngri hraunum, og hefur Borgarhraun runnið yfir það. Hraunið er mjög ólivíndílótt og eru greinilegar hrauntraðir í því, en ekki sjást greinilegir gígar. Hraunið hefur verið talsvert stærra en þeir tærir 2 km² sem nú sjást af því. Það er mjög sandorpið og liggur H5 ofan á því en litill jarðvegur er á milli. Aldur þess er 7000 til 7500 ár samkvæmt öskulögum og afstöðu til annarra hrauna.

Skessuhraun er gamalt hraun í 650 m hæð í Lambafjöllum. Hraunið hefur komið upp á vesturjaðri virka sprungukerfisins og markar þannig vesturjaðar gosbeltisins á þessu svæði. Þar hefur gosið nokkuð fjarri öðrum eldstöðvum en þar sem tímaákvarðanir eru svo ó öruggar er ekki ótrúlegt að gosið hafi hér á sama tíma og þegar hraunin runnu í nágrenni Höfuðreiðarmúla. Bergið er um 5% ólivíndílótt og ellilegt að sjá. Fallegur gígar er undir fjallshlíðinni og hefur gosið hér á misgengi, sem þó hefur lítið hreyfst eftir að hraunið rann. Að vísu eru ungar jarðskjálftasprungur rétt vestan við gígginn, en færslan er lítil. Hraunið er mjög lítið að flatarmáli, um 0,5 km², og þykktast um 30-40 m. Þrjú ljós öskulög liggja ofan á hrauninu og er það því eldra

en H5 (H1 sést yfirleitt ekki). Milli hrauns og H5 er gjall og aska, en lítill jarðvegur og hraunið því örлítið meira en 7000 ára.


Stórvítishraun er komið frá gígnum Stóra-Víti. Það hefur runnið yfir Skildingahraun og nærri því að Lambafjöllum til vesturs. Til nordurs hefur það runnið niður í Kelduhverfi og er Ásbyrgi grafið í þetta hraun. Gjástykki sker austurhluta hraunsins svo ekki er unnt að rekja það austar. Til suðurs hefur það runnið að Gæsafjöllum og út á Hólasand. Erfitt er að greina á milli Skildingahrauns og Stórvítishrauns, því að dílamagn er mjög mismunandi innan Stórvítishrauns, hraunbrúnir litlar sem engar og jarðvegur þykkur. Þó virðist mega greina þau sundur á öllu stærri dílum í Skildingahrauni, og eru útlínur Stórvítishrauns norðan megin á jarðfræðikortinu dregnar að mestu eftir korti Kristjáns Sæmundssonar (1977). Stóra-Víti er aðalgígur dyngjunnar og er hann um 700 m í þvermál og um 130 m á dýpt (mynd 24). Litla-Víti er hraunketill (pit crater) sem að öllum líkendum hefur myndast seitn í gosinu í Stóra-Víti, þegar flotid hefur undan storknaðri hraunskorpunni við gíginn og hún brotnað niður. Litla-Víti er um 70 m á dýpt og um 140 m í þvermál samkvæmt mælingum Hjartar Tryggvasonar á Húsavík (pers. uppl.). Á börmum Stóra-Vítis eru stór stykki sem þeyst hafa upp úr gígnum í goslok, en bergið í þeim er það sama og í klettum neðst í gígnum. Ekki er ólíklegt að í lok gossins hafi hraun að mestu streymt nedanjarðar, fremur en að það hafi runnið ofan á dyngjunni. Stórvítishraun er ólivínpóleít og mikil er af smáum plagióklas- og ólivíndílum í því. Við vesturjaðar hraunsins hefur tekist að grafa undir það, sé það sama hraunið, og er H5 öskulagið frá Heklu undir hrauninu og enginn jarðvegur á milli. Aldur hraunsins er því um 7000 ár, enda finnast aðeins H3 og H4 ofan á því þar sem grafið hefur verið.

Langavítishraun hefur komið upp um aflangan gíg norðan í þeistareykjabungu sem nefndur hefur verið Langa-Víti. Það liggur ofan á Stórvítishrauni og hefur runnið norður í Kelduhverfi. Misgott er að rekja hraunjaðra þess því oftast eru þeir lágar og gróður hamlar nákvæmum rannsóknum, eins og algengt er. Hraunið sker sig nokkuð frá Stórvítishrauni því það er greinilegar ólivíndílótt og að mestu án plagióklasdíla. Reynt var að grafa undir hraunið við Bláskógaveg, en þar er hugsanlega um þróðja hraunið að ræða, í hlíðum þeistareykjabungu. Reyndist H4 liggja ofaná hrauninu og svart öskulag, sem sést nokkuð víða, liggja undir því og aldur því talinn vera 5500 - 6000 ár.

Bóndhólshraun hefur komið upp um gíga sem eru vestan megin við rætur Gæsafjalla. Hraunið hefur runnið í vestur, niður á Hólasand og yfir totu úr Stórvítishrauni. Hraunið er ólivín- og plagióklasdílótt og mjög sandorpið. Ofan á því liggja ljósu öskulögin H3 og H4, og þunur jarðvegur (6 cm) á milli þess neðra og hraunsins. Aldur hraunsins er því talinn um 5000 - 5500 ár.

Borgarhraun kemur upp í gígum austan við Kvíhólfafjöll og er óvist hvoru sprungukerfinu það tilheyrir. Bergið er mjög greinilega ólivín- og pyroxendílótt og sker sig vel frá öðrum hraunum á svæðinu. Lengst norður hefur það runnið að þeistareykjum og til vesturs hefur það runnið að misgengjum undir Lambafjöllum. Hraunið hefur síðan runnið suður með Klappabrekku, út á Hólasand, og hulið mestan hluta Klappahrauns. Samkvæmt öskulögum er Borgarhraun nokkuð eldra en H4 og líklega kringum 5000 ára gamalt.

84.12.1510-HeTo



Mynd 9 Myndun sníkjugíga. Lítioð sem ekkert hraunrennsli er úr gíg þeim sem er yfir gosrásinni. Hraun rennur í lokaðum rásum frá gígnum (hraunhellum) og kemur upp á yfirborð um "sníkjugíga" fjarri gosrásinni. Mjög lítil gjóska myndast í þessum gosum og lítið gjall er kringum sníkjugíginn.

Þeistareykjahraun er yngsta hraunið í sprungukerfinu og er raunar um mörg lítil hraun að ræða, komin upp um fjöldamörg sjálfstæð eldvörp, líklega í einni goshrinu. Hraunið hefur verið þunnfljótandi og ekki liðið langur tími milli hraunrennsla. Mörg eldvörp eru í hrauninu og eru sum trúlega sníkjugígar, þ.e. hraun hefur komið upp um gíga sem myndast hafa í eða á hraunstraumum (mynd 9). Mörg dæmi eru til um slíkt á Reykjanesi (Jón Jónsson 1976, 1978) og í Hallmundarhrauni (Kristján Sæmundsson, pers. uppl.). Á Reykjanesi álítur Jón að hraun hafi komið upp um marga gíga á takmörkuðu svæði, svæðisgos, en einnig hefur hann bent á að hraun kunni að brjóta sér leið upp úr lokaðum hraunrásum og mynda gíga þar (Jón Jónsson, pers. uppl.). Sum eldvarpanna í Þeistareykjahrauni eru aðeins um 30-40 m lægri en aðalgígurinn, sem er syðstur (sjá kort), og því ólíklegt að sá hæðarmunur nægi til að byggja upp aðra gíga. Það má því benda á þann möguleika að gosið hafi í goshrinu sem þá hafi staðið yfir í nokkurn tíma, mánuði eða ár og sum eldvarpanna verið tengd við uppstreymisrásir kvíkunnar, fremur en verið sníkjudýr á hrauni frá einum gíg. Stærsti gígurinn er um 100 m í þvermál og um 30-40 m á dýpt. Annar gígur er norðar, einnig um 100 m í þvermál, en varla yfir 15 m á dýpt. Mögulegt er að gosið hafi á tveimur eða þremur samhlíða sprungum og hafi komið hraun upp víða á sprungunni. Síðast hefur gosið í stærsta gígnum og talsvert hraun þaðan runnið. Mjög algengt er að sjá niðurföll eða katla (mynd 16) í hrauninu, þar sem hrunið hefur ofan í hraunrásir eftir að hraun tæmdist úr þeim, og styður það þá hugmynd að talsverður hluti af eldvörpunum séu sníkjugígar. Hraunkatlar þessir eru yfirleitt 10-20 m í þvermál og stundum flangir og margir í einni keðju. Þeir liggja í fornnum hrauntröðum.

Á nokkrum stöðum má sjá hvar Þeistareykjahraun hefur runnið upp að misgengjum sem hafa síðan hreyfst aftur. Þar má sjá luftsúr úr þessu yngsta hrauni hanga utan á misgengisveggjum eða hafa mikinn halla frá

misgenginu (sjá myndir 18 og 23).

Bergið er mjög áþekkt í hinum einstöku hraunstraumum, en þó má finna mun í dílamagni milli sumra hraunanna. Þar sem grafið var undir hraunið var mjög líttill jardvegur milli H3 og hraunsins og hefur það því runnið rétt eftir að H3 féll og er aldur þess um 2600 til 2800 ár.

2.3 Brotasaga

Gert var sérstakt brotalínukort af Þeistareykjasvæði (mynd 3) og er það í sama mælikvarða og jarðfræðikortið (í vasa aftast). Ekki er rúm til að gera brotalínukortinu viðhlítandi skil og verður því stíklað á stóru.

Brotum er skipt í two megin flokka. Þau sem hafa sannanlega hreyfst á nútíma hnika nútímhraunum og yngstu lausum jarðlöggum (rauðlituð) og hin sem eru eldri, eða ekki er öruggt að hafi hreyfst á nútíma (svört). Þessi brot eru aðgreind á brotalínukortinu. Einnig er greint hvort lóðrétt misgengi hafa orðið um sprungur, eða hvort eingöngu er um brot að ræða (opnar gjár í nútímhraunum og lokað brot í eldri myndunum). Brot eru kortlögd eftir loftmyndum og með athugunum á staðnum.

Norð-vestur brot hafa lengi verið þekkt á Tjörnesi og er belti með norð-vestur brotum kennt við Tjörnes og nefnt Tjörnes-brotabeltið (sjá Kristján Sæmundsson 1974). Á norður helmingi brotalínukortsins (mynd 3) eru norð-vestur brotin greinileg í nútímhraunum. Norð-vestur brot eru rekjanleg í ungum sem í eldri myndunum. Þau hafa sömu stefnu og Tjörnes-brotabeltið og eru hluti af því. Svonefnd Húsavíkurmisgengi eru hluti af Tjörnes-brotabeltinu og heita eftir misgengjum nálægt Húsavík. Þau hreyfðust síðast árið 1884 í miklum jarðskjálfta (sjá töflu 2). Tjörnes-brotabeltið nær frá Þeistareykjasprungukerfinu í norð-vestur (sjá mynd 18), þvert um Húsavík og um Flatey og Flateyjardal (sjá Kristján Sæmundsson 1974). Á þverbrotabelti þessu hafa oft orðið jarðskjálftar og eru þeir helstu teknir saman í töflu 2. Líttill vafi er á að þessir skjálftar koma vel fram á Þeistareykjum, en hvort þeir geti valdið þar tjóni á mannvirkjum þarf að athuga sérstaklega.

Ekki hafa orðið miklir jarðskjálftar á Húsavíkurmisgengjum frá síðustu aldamótum. Rekja má misgengi frá Húsavík og inn í virka sprungukerfið við Guðfinnugjá, sunnan Bláskógavegar (mynd 18). Norð-vestur misgengin sveigja þar til suðurs og tengjast norður-suður brotum í sprungukerfinu. Sama gerist í öðrum ungum norð-vestur misgengjum, að þau sveigja til suðurs í nokkrum stökkum, t.d. á Reykjaheiði.

Tvö kerfi brota hafa verið virk frá því á ísöld, eða fyrr, og sér þess merki í eldri jarðmyndunum. Norð-vestur migengi eru talin vera tengd hniki gosbeltisins til vesturs, en ekki er lokið rannsóknar um á því fyrirbrigði og ekki fjallað um það hér. Hins vegar gæti hniki sprungukerfisins við Bæjarfjall verið tengt norð-vestur sprungu-stefnunni.

TAFLA 2

Helstu skjálftar sem vitad er um í nágrenni við þeistareykjasvæði og á Tjörnes-brotabeltinu fram til 1960. Byggt á þorvaldi Thoroddsen (1899, 1905), Eysteini Tryggvasyni (1978 a og b, 1979) og Kjartani Ottóssyni 1980). Rómverskar tölur vísa til Mercally-kvarða (sem segir til um áhrif skjálfta), en M til Richters-kvarða (sem segir til um stærð skjálfta).

ÁR	ÁHRIFASVÆÐI	ATHUGSEMDIR
1260	Jarðskjálftar í Flatey.	
1724	Mývatnseldar byrja, stóðu til 1729.	Mikið um skjálfta.
1755	Jarðskjálftar við Skjálfanda, Tjörnes.	Á Húsavík félru hús og sprungur komu í jörð.
1867	Jarðskjálftar á Tjörnesi, Húsavík.	Töluverðar sprungur komu í jörð - gos norðan Mánáreyja?
1872	Jarðskjálfti á Húsavík, Langanesi, Eyjafirði, Flatey á Skjálfanda, Flateyjardal.	Miklar sprungur í jörð ein í Húsavíkurfjall 1 1/2 alin. Hús skemmast.
1884	Jarðskjálftar á Húsavík, Kelduhverfi og Þistilfirði.	Lítið tjón á húsum.
1885	Jarðskjálftar í Kelduhverfi, Eyjafirði, litlir á Húsavík.	Jarðrask á Tjörnesi, húsaþrun og miklar sprungur í Kelduhverfi.
1910	Jarðskjálfti úti fyrir Norðurlandi, fannst á Akureyri og víðar.	Stærð metin M:6,9.
1924	Jarðskjálftar með upptök nálægt Húsavík.	
1925	Nokkrar hræringar á Húsavík.	
1928	Snarpír kippir á Húsavík.	
1929	Margir kippir í Axarfirði, og á Húsavík.	
1934	Harður jarðskjálfi á Dalvík, fannst á Húsavík (og miklu víðar).	Stærð VIII-IX á Dalvík, mest M:6 1/2.
1936	Snarpír kippir á Húsavík.	Lítil áhrif III.
1939	Vægir skjálftar á Húsavík.	Lítil áhrif III.
1940	Nokkuð miklar hræringar á Húsavík.	Stærð II-V stig.
1942	Hræringar á Húsavík.	Sprungur í jörð og 20-30°C gufa kom upp um sprungur.
1944	Snarpír kippir á Húsavík.	Stærð II-IV, áhrif á innanstokksmuni.
1952	Hræringar á Húsavík.	Stærð II-IV.
1953	Hræringar á Húsavík.	Stærð IV, stærð M:3.
1955	Skjálftar á Norðurlandi, ekki á Húsavík upptök norðan til í Öxarfirði.	Mesta stærð M:4,3.
	Önnur hrina með upptök milli Grímseyjar og Melrakkasléttu.	Fannst á Húsavík,
1956	Skjálftar á Norðurlandi, upptök suðaustan við Grímsey.	Mesta stærð M:5,0.
1958	Skjálftar á Tjörnesi.	Mesta stærð M:5,1
	Skjálftar á Húsavík, og öllu Norðurlandi, upptök á Skjálfanda, skammt frá Húsavík.	Stærð II-III.
	Tvær skjálftahrinur með upptök suðvestur af Grímsey.	Mesta stærð M:4,6.
1959	Hræringar nálægt Grímsey og Húsavík.	Mesta stærð M:4,8.
		Litlir.


í myndunum frá næstsíðasta jökluskeiði og eftir það má sjá hnik á brotum með norð-vestur stefnu. Yfirleitt eru misgengin fallin niður til suðurs, um nokkra tugl metra. Í Lambafjöllum var unnt að athuga eitt bessara misgengja og reyndist lóðrétt færsla vera um 11 m, sigið að norðan, og lárétt færsla virtist vera um 5 m, vinstra sniðgengi (þ.e. lárétt færsla til vinstri sé horft þvert yfir brotið). Þetta er nokkuð sérkennilegt, ef sátt reynist, því að færsla Tjörness-brotabeltisins er hægra sniðgengi (Kristján Sæmundsson 1974). Norð-vestur misgengi eru ekki áberandi í nágrenni þeistareykja, þó sú stefna komi þar fram, t.d. þar sem Tjarnarás-misgengið sveigir upp í Bæjarfjall (mynd 14). Ekki er mikil lárétt hreyfing á bessum brotum svo séð verði, en lárétt hreyfing á Tjörnes-brotabeltinu er talin vera um 60 km (Kristján Sæmundsson 1974). Greinileg eru merki þess að norð-vestur brot voru virk lengra til suðurs á síðustu kuldaskeiðum ísaldar en nú er. Lítíð vottar fyrir því að norð-vestur brot hafi verið virk sunnan Húsavíkur-misgengisins síðasliðin 10.000 ár, ef undan eru skilin brot í Bæjarfjalli og ógreinileg brot vestur af Kvíhólfafjöllum.

Höskuldsvatn liggur á jaðri Húsavíkur-misgengisins og hefur Skildingahraun runnið par áður en vatnið náði núverandi stærð. Auðvelt er að rekja hraunið í norðurbakka vatnsins og eru engin merki þess að það hafi runnið út í vatn. Misgengi í hrauninu er yfir 20 m í norðurbakka vatnsins, og hefur lóðrétt hreyfing þarna því orðið nokkuð yfir 20 m, jafnvel allt að 50 m á síðastliðnum 7000-8000 árum.

Norður-suður brot eru greinilegasta brotastefna á þeistareykjasvæði. Raunar er stefna bessara brota á bilinu 000° (hánorður) til 025° ($N25^{\circ}A$). Meginhlut brota á nútíma hefur þessa stefnu og eru misgengi vestan í sprungukerfinu sigr til austurs og hin austan megin sigr til vesturs. Myndast þannig 5 km breið sigspilda og nemur sigið innan hennar a.m.k. 50 m á nútíma, og nokkur hundruð metrum á síðustu milljón árum. Á nútíma hefur sigið numið um 0,5 mm á ári að jafnaði, eða meira. Óljóst er hve mikið stóru misgengin í Lambafjöllum hafa hreyfst á nútíma.

Stærð misgengja er allt að 250 m í Lambafjöllum, en mest um 30 m í nútímahraunum. Í nútímahraunum er greinilegt að sum misgengin hafa hreyfst oft og talsverður tími liðid milli færslanna. Við Gæsku má t.d. sjá vitnisburð um a.m.k. þrjár færslur, og að nokkurra metra sig hefur átt sér stað milli þess sem hraun hafa runnið.

Norður-suður brotin eru viða skástig (mynd 15), en sú skástigni ber lítinn vott um hlíðarhreyfingar. Þæði er að skástigni er lítil, þ.e. lítið horn milli sprungna og heildarstefnu sprungukerfis, og hitt að ekki hefur mælst sannfærandi lárétt hreyfing um sprungurnar sjálfar. Mögulegt er að skástigni komi fram þar sem spildur missíga, og er það reyndar algengt í sprungukerfum (Nakamura 1970). Ekki er ólíklegt að yfirborð jarðar brotni óreglulega og springi þótt sprungan sé samfelld lína á 1 km dýpi eða meira. Það sem þessu veldur er ýmis óregla í yfirborðinu, misþykk hraun o.fl. Því er farið varlega í að túlka skástigar sprungur sem merki um láréttar hreyfingar í þeistareykjasprungukerfinu. Algengt er að sprungukerfi séu sýnd skástig, en slikt er ekki greinilegt í þeim hluta sprungukerfisins sem hér var skoðaður, hins vegar hnikast það greinilega til (sjá mynd 10).



Mynd 10 Hnik þeistareykjasprungukerfisins við Bæjarfjall.

Yfirborðsjarðhiti á Þeistareykjum er greinilega tengdur ungu brotum í berggrunninum, þó opnar gjár séu ekki þar sem jarðhiti er hvað mestur. Sunnan Kvíhóla er mikið um ung brot, en um Bæjarfjall hnikast þau til vesturs og á Þeistareykjum sjást ekki opnar sprungur (en berggrunnur er engu að síður mikið sprunginn). Vesturhnik þetta er sýnt á mynd 10 og er jarðhitasvæðid á einhvern hátt tengt þessu hniki. Mögulegt er að hér eigi norð-vestur brot einhvern þátt, en erfitt er að fullyrða um slíkt.

Í megineldstöðvum er algengt að miðhluti eldstöðvarinnar sígi og myndi öskju (calderu). Slíkt hefur gerst á Kröflusvæðinu og víðar (Kristján Sæmundsson 1982). Ekki eru þess nein merki á yfirborði að öskjusig hafi orðið á Þeistareykjum, en mögulegt er að það sé hulið af yngri myndunum. Helst er þó hallast að því að öskjusig hafi ekki orðið þar enn sem komið er.

Það er athyglisvert að eldvirkni á nútíma hefur ekki orðið norðar í sprungukerfinu en að Húsavíkur-misgenginu sem liggur inn í sprungukerfið við Guðfinnugjá. Né heldur hefur eldvirkni verið að marki sunnar í kerfinu en á móts við hnikið í sprungukerfinu við háhitasvæðid. Sama er að segja um eldvirkni á seinni hluta ísaldar eftir því sem best verður séð (sjá mynd 10).

2.4 Yfirborðsjarðhiti

Yfirborðsummerki jarðhita á Þeistareykjum eru dæmigerð fyrir háhitasvæði á Íslandi. Þar er að finna fjölmarga bullandi leirhveri, gufuugu, brennisteinsþúfur og ummyndaðan jarðveg. Vatnshverir eru engir en á nokkrum stöðum eru volgrur.

Í júlí 1982 var yfirborðshiti kortlagður á Þeistareykjum. Mynd 11 sýnir niðurstöður þeirra mælinga, en einnig útbreiðslu jarðhita sem athuguð var samfara öðrum rannsóknum á svæðinu. Afbræðslur voru athugaðar í febrúar 1982 og eru þær einnig merktar inn á jarðhitakortið á mynd 11.

Jarðhitananum var skipt í nokkrar heildir sem eru sýndar á kortinu í mismunandi litum, og eru þær flokkaðar á eftirfarandi hátt:

Leirhver eða byrping leirhvera. Leirhverir eru mjög misstórir, frá fáum tugum cm í þvermál upp í 2-3 m. Oft eru þeir nokkrir saman í byrpungum (mynd 21). Yfirleitt er nokkuð djúpt niður á yfirborð kraumandi leirsins í hverunum (0,5-1 m), og í þurrkatíð þorna þeir upp og verða þá tíðum hvæsandi gufuugu í botninum. Hiti á 1 m dýpi er alltaf yfir 99°C og mælist hæstur $102,1^{\circ}\text{C}$. Jarðvegur er mjög ummyndaður af súru vatni en hreinn brennisteinn sést ekki á yfirborði.

Brennisteinsþúfur. Í brennisteinsþúfum er hreinn brennisteinn á yfirborði, og hiti yfir 97°C á 1 m dýpi (mynd 20). Brennisteinn er mjög mismikill, allt frá þunnri skán upp í það að mynda þykkar brennisteinsþúfur. Eins er gufuútstreymi mjög mismunandi. Sums staðar er gufa vart sjáanleg en á öðrum stöðum eru hvæsandi gufuop.

Ummundun á yfirborði. Erfitt er að kortleggja ummyndun nákvæmlega, því að gras vex vel í ylnum sem tíðast er á jarðhitasvæðum. Þar sem

hitinn er orðinn of mikill fyrir venjulegan gróður verða auð flög, yfirleitt litrík og fáar plöntur kæra sig um dvölinu þar (myndir 13, 14, 21 og 22). Jarðvegur er að mestu leir og verður sleipur og hættulegur í vætu. Hitastig er yfirleitt fremur lágt, venjulega undir 20°C . Af þessum svæðum bráðnar snjór á vetrum og má þá sjá hvar volgt er undir (mynd 11).

Gufur undir 90°C . Vatnsgufur þar sem hiti mælist undir 97°C , allt niður að 20°C eru aðallega á jöðrum jarðhitasvæðisins. Þessir staðir eru alltaf án brennisteinsútfellinga, oft þannig að gufa líður upp úr hráungjótum eða úr sprungum í móbergi (mynd 22). Yfirleitt er ummyndun aðeins samfara þessum gufum þar sem heitast er.

Volgrur. Heitt vatn er á yfirborði á nokkrum stöðum og eru þeir staðir merktir sérstaklega á jarðhitakortið. Rennsli frá þessum laugum er mjög lítið og hiti vatnsins mælist á bilinu $11,8 - 41,7^{\circ}\text{C}$.

Afbræðslur. Í febrúar 1982 var farið sérstaklega á jarðhitasvæðið til að kanna afbræðslur. Það er ódýr og auðveld aðferð til að kanna Útbreiðslu jarðhita, en skilyrði er að veður sé stillt og kalt. Bandaríkjamein (NASA) tóku árið 1973 loftmyndir af Þeistareykjum að vetrí til og voru þær myndir notaðar til að finna helstu afbræðslusvæðin. Reyndust afbræðslur í febrúar 1982 vera á nánast sömu stöðum og 1973. Því miður hefur ekki verið flogið aftur yfir Þeistareyki að vetrí til með það fyrir augum að kortleggja breytingar á yfirborðshita. Afbræðslur í norðurhluta Bæjarfjalls og á Þeistareykjagrunnum má sjá á mynd 12.

Köld ummyndun. Vestur undir Lambafjöllum þekur köld ummyndun um 1 km^2 svæði, þ.e. nokkrum stærri flöt en áður var talið. Nær ummyndun upp í 460 m hæð í hnúk nokkrum sunnan Mælifells og þar er bólstraberg og móberg sundursoðið af jarðhita. Ekki eru heimildir fyrir því að þarna hafi nokkurn tíma sést hiti á yfirborði. Samkvæmt lauslegri athugun á öskulögum í jarðvegi sem liggur ofaná ummynduninni hefur jarðhiti dáið út þarna fyrir um 1000 árum (eða fyrir landnám).

Útlínur þess svæðis þar sem virkur jarðhiti er á yfirborði eru sýndar á brotalínukortinu (mynd 3) og er flatarmál þess um $10,3 \text{ km}^2$. Auk þess er ummyndaða svæðid vestur við Lambafjöll, en varla er rétt að telja það til virka jarðhitasvæðisins lengur.


2.5 Niðurstöður

1. Jarðhitasvæðið á Þeistareykjum liggur í virku sprungukerfi. Sprungukerfið er lítið eldvirkrt en stórir jarðskjálftar eru fremur algengir innan þess, en einkum á Tjörnes-brotabeltinu.
2. Eldvirkni er lítil miðad við Kröflu-sprungukerfið, og ekki hefur orðið eldgos á Þeistareykjasvæði s.l. 2500 ár. Alls hafa a.m.k. 14 eldgos orðið innan og í nágrenni Þeistareykjasvæðis s.l. 10.000 ár, og nokkur mjög mikil dyngjuhraun myndast.
3. Jarðhiti er á um 11 km^2 svæði og er virkasta svæðið umhverfis norðanvert Bæjarfjall.

4. Jarðhitasvæðið á Þeistareykjum er tengt hniki í sprungukerfinu og svo virðist sem eldvirkni takmarkist einnig af þessu hniki. Hnikið verður ekki skýrt með láréttum hreyfingum samsíða norður-suður brotum, fremur virðist það tengt norð-vestlægum brotum.

5. Misgengi eru einkum með norður-suður stefnu ($000-025^{\circ}$) og norð-vestur stefnu. Tjörnes-brotabeltið liggur um Húsavík og teygir sig inn í sprungukerfið austur af Reykjaheiði. Í jarðlöögum frá ísöld eru merki þess að norð-vestur stefna brotalína hafi verið virk í langan tíma. Norð-vestur misgengi hafa líklega áhrif á jarðhitasvæðið á Þeistareykjum.

6. Súrt berg er í litlum mæli á svæðinu og ekki hafa sést merki öskjusigs.



Mynd 12 Ljósmynd af þeistarreykjum og nágrenni, horft til suðausturs.
Afbræðslur í norðurhlíð Bæjarfjalls sýna hvor jarðhiti er undir.
Ljós. Oddur Sigurðsson.



Mynd 13 Horft suður til Bæjarfjalls. Jarðhitasvæðið nær á brún fjallsins og markast af ljósri ummyndun. Til vinstri er Neðri-Bóndhóll, og séluhúsið er fyrir miðri mynd. Ljósm. Helgi Torfason.





Mynd 14 Horft af Bæjarfjalli til norðurs yfir Tjarnarás. Tjarnarás er misgengi sem sveigir til suðausturs og sker Bæjarfjall. Þeistareykjahraun sker sig úr (dökkt) til vinstri á myndinni. Ljósm. Helgi Torfason, 4.júlf 1981.



Mynd 15 Séð til norðurs af Mælifelli. Skástígar sprungur í Skildingahrauni eru rétt vestan við brún Þeistareykjahrauns, sem er áberandi gróðurminna. Líparíthæðin Litla-Mælifell er rétt ofan og hægra megin við miðja mynd. Ljósmt. Helgi Torfason.



Mynd 16 Hraunketill í Þeistareykjahrauni. Sumir eru svo veggbrattir að ókleift er upp úr þeim. Mælifell er í baksýn og síðan Lambafjöll. Framan og hægra megin við Mælifell sér í lága hraunbungu sem er yfir sjálfstæðri gosrás. Ljósmt. Helgi Torfason.




Mynd 17 Horft frá Lambafjöllum, yfir Melifell og til peistareykja.
Ljósmaður. Helgi Þorfason.



Mynd 18 Svonefnd Húsavíkur-misgengi liggja með norðvestlægri stefnu inn í mitt þeistareykjasprungukerfið. Til vinstri er norðvestur-misgengi og annað með norðlægri stefnu er hægra megin á myndinni. Misgengin skerast undir náll. 55° horni. Ljóssm. Helgi Torfason.



Mynd 19 Gufur stíga upp úr Stórvítishrauni neðarlega í Bóndhólsskarði. Hitastig er $40-50^{\circ}\text{C}$. Ljósm. Halldór Ármannsson.




Mynd 20 Brennisteinsþúfa við Neðri-Bóndhól. Hiti er um 100°C þar sem brennisteinn fellur út við yfirborð og yfirlleitt er einnig gifs við þessa staði. Ljósm. Helgi Torfason.



Mynd 21 Leirhverasvæði við Tjarnarás. Brennisteinn og gifs sjást yfirleitt ekki, en mikil er um leir og brennisteinssambönd (pýrít). Ljósm. Helgi Torfason.



Mynd 22 Uppsetning tækja við töku gassýna. Ljósm. Halldór Ármansson.



Mynd 23 Misgengi vestan við Guðfinnugjá. Þeistareykjahraun hefur flætt upp að misgengi (til hægri) sem síðan hefur færst aftur. Hraunið liggur því utan á misgengisfletinum. Í baksýn er norðvestur misgengið sbr. mynd 18 og hefur Þeistareykjahraun flætt norðuryfir það brot, og brotið síðan hreyfst aftur. Ljósm. Helgi Torfason.



Mynd 24 Horft til norðvesturs yfir Litla- og Stóra-Víti. Þvermál Litla-Vítis er 140 m og dýpt þess um 70 m. Stóra-Víti er um 700 m í þvermál og um 130 m á dýpt. Ljósm. Oddur Sigurðsson.

3 VIÐNÁMSMÆLINGAR

3.1 Inngangur

Viðnámsmælingar á Þeistareykjum hófust sumarið 1972. Það summar voru gerðar 17 Schlumbergermælingar á svæðinu. Sumarið 1973 voru gerðar 13 mælingar til viðbótar og nokkrar eldri mælinganna framlengdar. Þráðurinn var síðan tekinn upp að nýju sumarið 1981, en þá voru gerðar 7 mælingar. Sumarið 1982 var enn bætt við 16 nýjum mælingum. Nokkrar mælinganna frá 1981 voru gallaðar vegna bilana í tækjum og voru þrjár þeirra (þ-35, þ-36, þ-37) endurmældar 1982. Schlumbergerviðnámsmælingarnar á Þeistareykjasvæðinu er því 53 að tölu. Þær eru auðkenndar með bókstafnum þ og númeraðar frá 1 upp í 56. Í rununa vantar þó þ-35, þ-36 og þ-37, því að við endurmælinguna voru þær skírðar upp og kallaðar þ-54, þ-55 og þ-43. Staðsetning viðnámsmælinga er sýnd á mynd 25. Hér verður fjallað um úrvinnslu og niðurstöður þessara viðnámsmælinga. Í viðauka 1 er almennt yfirlit yfir framkvæmd og úrvinnslu viðnámsmælinga og er lesaranum bent á að kynna sér hann áður en lengra er halddið. Allar myndir sem eiga við pennan kafla eru aftast í honum.

3.2 Viðnámsmælingar fram til 1981

Um viðnámsmælingar á Þeistareykjum framkvæmdar fyrir 1982 er fjallað í skýrslunum "Forundersögelser af Þeistareykiromradet" (Ragna Karlssdóttir 1974) og "Geoelectrical sounding and its application in the Theistareykir high-temperature area, NE-Iceland" (Domingo B. Layugan 1981).

I fyrnefndu skýrslunni er fjallað um viðnámsmælingar frá árunum 1972-3. Þar kemur fram að á allstóru svæði norðan og vestan við Bæjarfjall er viðnám í jörðu lágt. Útmörk þessa lágvíðnámssvæðis eru hinsvegar ekki vel ákvörðuð. Við staðsetningu viðnámsmælinga árið 1981 var tekið mið af nýjum og endurbættum aðferðum við úrvinnslu viðnámsmælinga (tvívíðri túlkun). Þær voru flestar staðsettar á línu frá vestri til austurs í gegnum jarðhitasvæðið og straumarmar þeirra hafðir samsíða línumnni. Þar sem hluti mælinganna frá 1981 var gallaður, vegna bilana í tækjum, varð árangur ekki sem skyldi. Niðurstöður síðarnefndu skýrslunnar eru áþekkar fyrri niðurstöðum, nema hvað þar kemur fram að meginsteftna lágvíðnámssvæðisins virðist vera frá vestri til austurs. I síðarnefndu skýrslunni eru birtir mæliferlar viðnámsmælinga fram til ársins 1981 og einvíð túlkun þeirra.

3.3 Viðnámsmælingar sumarið 1982

Ef beita á tvívíðri túlkun á viðnámsmælingar með árangri þarf straumarmur þeirra að vera sem næst þvert á þau viðnámsskil sem kanna skal. Eins og áður sagði bentu eldri niðurstöður til þess að lágvíðnámssvæðið á Þeistareykjum hefði í meginindráttum austur-vestur stefnu. Með þetta tvennt í huga var sumarið 1982 lögð megináhersla á að staðsetja mælingar á línum með sem næst norður-suður stefnu og fá með því móti viðnámssnið þvert á meginstefnu lágvíðnámssvæðisins.

Einnig var haft í huga að eldri mælingar mættu nýtast sem best í þessum viðnámsnáðum.

Mælingum sumarið 1982 var að meginhluta raðað á þrjár línur með norður-suður stefnu. Sú vestasta, lína-1, er um það bil miðja vegu milli Bæjarfjalls og Lambafjalla. Sú í miðið, lína-2, liggur með vesturrótum Bæjarfjalls og áfram norður með vegarslóðanum norður frá Þeistareykjum. Sú austasta, lína-3, liggur með austurrótum Bæjarfjalls og norður með Ketilfjalli að austan. Ennfremur var bætt við mælingum í austur-vesturlínuna, línu-4, frá sumrinu 1981, sem liggur meðfram norðurrótum Bæjarfjalls og vestur til Lambafjalla skammt sunnan við Mælifell. Lega línanna ásamt staðsetningu mælinganna er sýnd á mynd 25. Einnig var meiningin að reyna að nota eldri mælingar til tvívíðrar túlkunar á norður-suðurlínu með austurrótum Lambafjalla. Það reyndist ekki unnt vegna þess hve mesti straumarmur þeirra er stuttur og dýptarskynjun lítil. Æskilegt hefði verið að bæta við nýjum mælingum á þessari línu en til þess vannst ekki tími.

Í viðauka 2 eru birtir mæliferlar viðnámsmælinga sumarið 1982 ásamt einvíðri túlkun þeirra.

3.4 Túlkun viðnámsmælinga

Í viðauka 1 er fjallað almennt um túlkun viðnámsmælinga og verður það ekki endurtekið hér. Ekki verður fjallað sérstaklega um né birtar niðurstöður einvíðrar túlkunar, heldur er litið á hana sem lið í undirbúningi undir tvívíða túlkun.

Til túlkunar voru teknar þær mælingar sem liggja á og með straumarm samsíða línum 1, 2, 3 og 4. Aðrar mælingar á svæðinu henta ekki til tvívíðrar túlkunar, bæði vegna óhentugra staðsetninga og vegna of stutts straumarms og þar með of lítillar skyndýptar.

Hér á eftir verður gerð stutt grein fyrir túlkun mælinga á hverri línu fyrir sig.

LÍNA 1:

Að henni eru (talið frá suðri til norðurs): þ-24, þ-42, þ-26, þ-25, þ-40, þ-41. Á mynd 26 er mælt sýndarviðnám þessarra mælinga (sem fall af AB/2) sýnt sem sýndarviðnámsnáð. Á mynd 27 er sýnt sýndarviðnámsnáð reiknað út frá viðnámslíkani. Viðnámslíkanið, sem telst lokatúlkun mælinganna, er sýnt sem viðnámsnáð á mynd 28. Viðnámslíkanið ber að líta á sem grófa nálgun að raunverulegri viðnámskipan jarðarinnar. Með því að bera saman reiknað og mælt sýndarviðnámsnáð er hægt að meta gæði viðnámslíkansins.

Við samanburð á mældu og reiknuðu sýndarviðnámsnáði fyrir línu 1 (myndir 27 og 28) sést að þeim ber nokkuð vel saman nema í mælingunni þ-42. Ástæðan fyrir því er trúlega sú að í nágrenni þ-42 sé viðnámskipanin þrívíð, þ.e.a.s. að verulegar viðnámsbreytingar séu í láréttu stefnu þvert á línu 1 þó að ekki sjáist þess merki á yfirborði. Því er trúlega þörf þrívíðrar túlkunar ef samræmi á að fást, en eins og fram kemur í viðauka 1 er í tvívíðri túlkun ekki gert ráð fyrir viðnámsbreytingum í láréttu stefnu þvert á mælilínu. Samanburður við mælingar nálægt línu 1 styður þennan grun.

Eins og sjá má á mynd 28 er viðnámslíkaníð nokkuð flókið undir syðri hluta línunnar. Það kann að einhverju leyti (en ekki eingöngu) að stafa af því að um tvívíða nálgun að þrívíðri viðnámsskipan sé að ræða.

I viðnámslíkaninu er lágvíðnámslag á 300 - 600 m dýpi. Hafa verður í huga að þetta er að verulegu leyti jafngildislag (sjá viðauka 1) og neðri mörk þess þar af leiðandi ekki vel ákvörðuð. Að öðru leyti skal ekki fjölyrt um viðnámslíkaníð, heldur myndin látin tala sínu máli.

LÍNA 2:

A henni eru (talið frá suðri til norðurs): b-27, b-47, b-5, b-44, b-45, b-2, b-46 og b-3. Á mynd 29 er sýnt mælt sýndarviðnámssnið og á mynd 30 er syndarviðnámssnið reiknað út frá viðnámslíkaníð á mynd 31. Við samanburð á mældu og reiknuðu sýndarviðnámssniði fyrir þessa línu sést að þeim ber nokkuð vel saman ef undan eru skildar syðstu mælingarnar. Hér er eins og í línu 1 trúlega um að ræða verulega þrívíðra viðnámsskipan, enda sjást þess nokkuð glögg merki á yfirborði. Línan fylgir í gráfum dráttum meiriháttar misgengi sem gengur í gegnum jarðhitasvæðið og við suðurhluta línunnar er yfirborðsjarðhiti greinilega tengdur þessu misgengi. Eins og áður ber að hafa í huga að lágvíðnámslagið í viðnámslíkaninu frá b-5 og norður að b-46 er að nokkru jafngildislag og neðri mörk þess þar af leiðandi nokkuð óviss.

LÍNA 3:

A henni eru (talið frá suðri til norðurs): b-50, b-9, b-51, b-20, b-53, b-19 og b-5. Við úrvinnslu kom í ljós að gæði eldri mælinganna, þ.e. b-9, b-20 og b-19 voru ekki nægjanleg til þess að unnt væri að hafa gagn af þeim. Við lokatúlkunina var því eingöngu stuðst við mælingar frá sumrinu 1982. Á mynd 32 er mælt sýndarviðnámssnið fyrir þessar mælingar og á mynd 33 er sýnt reiknað sýndarviðnámssnið út frá viðnámslíkaninu á mynd 34. Ekki er að sjá neitt verulegt ósamræmi milli mælds og reiknaðs sýndarviðnámssniðs og verður því að telja viðnámslíkaníð nokkuð trúverðugt með venjulegum fyrirvara um óviss neðri mörk lágvíðnámslagsins sem fram kemur sunnan við b-9.

LÍNA 4:

A henni eru (talið frá vestri til austurs): b-54, b-39, b-32, b-31, b-48, b-33, b-49, b-34. Mælingarnar b-32, b-33 og b-34 eru óreglulegar í endann og því tæplega marktækar fyrir lengri straumarm en 500 - 800 m. Á mynd 35 er sýnt mælt sýndarviðnámssnið fyrir línu 4. Á mynd 36 er reiknað sýndarviðnámssnið út frá viðnámslíkaninu á mynd 37. Mældu og reiknuðu sýndarviðnámssniði ber nokkuð vel saman nema hvað ekki tókst að ná fullkomnu samræmi milli mældra og reiknaðra ferla mælinganna b-31 og b-48. Reiknaðir sýndarviðnámsferlar gefa nokkuð hærra sýndarviðnám fyrir AB/2 > 1200 m.

Eins og áður eru neðri mörk lágvíðnámslagsins sem fram kemur milli b-54 og b-49 nokkuð óviss. Eins og sést á mynd 37 gerir viðnámslíkaníð ráð fyrir því að þetta lágvíðnámslag nái niður á meira dýpi vestan við b-32 en milli b-32 og b-48. Þessi dýptarmunur er á mörkum þess að vera marktækur, en samanburður við viðnámslíkon línu-1 og línu-2, sem skera línu 4 við b-39 og mitt á milli b-32 og b-31, bendir til þess að hann sé raunverulegur. Rétt er að benda á að í viðnámslíkaninu fyrir línu 4 er gert ráð fyrir lágvíðnámi á 400 m dýpi 1250 m vestan við b-54. Einu vísbindinguna um þetta lágvíðnám er að finna í b-54 og verður því tilvist þess að teljast nokkuð ótrygg. En án þess að gera

ráð fyrir þessu lágvíðnámi, er ekki hægt að fá samtímis samræmi milli mældra og reiknaðra ferla þ-54 og þ-39 og það eru nokkuð sterk rök fyrir því að það sé til staðar.

3.5 Niðurstöður viðnámsmælinga

A myndum 38, 39 og 40 eru niðurstöður túlkunar viðnámsmælinga á Þeistareykjum dregnar saman. Þær eru settar fram sem viðnámskort er sýna viðnám í jörðu 200 m ofan sjávarmáls (mynd 38), við sjávarmál (mynd 39) og 200 m neðan sjávarmáls (mynd 40). Þessar hæðartölur má auðveldlega umreikna í dýpi frá yfirborði því að vestan Ketilfjalls er mælisvæðið í 300-350 m hæð yfir sjó, en um 470-500 m austan Ketilfjalls.

Viðnámskortin eru byggð á niðurstöðum tvívíðrar túlkunar nema hvað á myndum 38 og 39 er í norður-suðurlínu meðfram Lambafjöllum notast við viðnámsgildi frá einvíðri túlkun þar eð tvívíð túlkun þeirrar línu var ekki möguleg eins og áður hefur verið nefnt. Til hægðarauka við skoðun kortanna hafa verið dregnar jafnviðnámslífur fyrir 10, 50 og 100 ohmm viðnám. Lega þessara jafnviðnámslína er ekki eingöngu fundin með línulegri brúun milli uppgefinna viðnámsgilda við hverja mælimiðju heldur er einnig stuðst við viðnámskilkil í tvívíðum viðnámslíkönnum.

Athugull lesari rekur ef til vill augun í það á mynd 39 (viðnám við sjávarmál), þar sem línlínu 3 og 4 skerast að innan 10 ohmm línlínnar eru í tveim mælingum í línlínu 3 gefin upp viðnámsgildi sem eru hærri en 10 ohmm. Ástæðan fyrir þessu er að þar sem línlínu 3 og 4 skerast ber viðnámslíkönnum þeirra ekki saman. Viðnámslíkan línlínu 4 gefur 5 ohmm, en viðnámslíkan línlínu 3 gefur 25-35 ohmm. Línlínu 4 er látin ráða því að línlínu 3 liggur þarna samsíða austurmörkum lágvíðnássvæðisins og forsendur tvívíðrar túlkunar því betur uppfylltar fyrir línlínu 4 en línlínu 3.

Um áreiðanleika túlkunarinnar og kortanna er það að segja að hann minnkar með vaxandi dýpi. Viðnámskortin 200 m ofan sjávarmáls og við sjávarmál eru trúlega nokkuð áreiðanleg, en kortið yfir viðnám 200 m neðan sjávarmáls er aftur á móti ekki eins áreiðanlegt vegna þess hve viðnámsmælingar greina illa viðnámsbreytingar neðan við áberandi lágvíðnámslögum.


Af viðnámskortunum sést að stefna meginlágviðnássvæðisins er frá vestri til austurs. Það afmarkast í grófum dráttum af Mælifelli í vestri og nær skammt austur fyrir Ketilfjall. Lágvíðnám virðist einnig koma fram um og neðan við sjávarmál vestast í línlínu 4 um 1500 m vestan við Mælifell og syðst í línlínu 1 milli Bæjarfjalls og Lambafjalla. Þessi lágvíðnássvæði eru á útmörkum mælisvæðisins og eru ekki jafn vel staðfest og meginlágviðnássvæðið því að ekki er hægt út frá þeim mælingum sem fyrir hendi eru að afmarka þau nánar. Í öllum mælilínunum kemur fram hátt viðnám (um 100 ohmm) undir meginlágviðnássvæðinu, en lágvíðnámið virðist ná mestu dýpi undir línlínu 1 milli Mælifells og Bæjarfjalls. A kortinu yfir viðnám við sjávarmál er áberandi háviðnámsþryggur frá suðvestanverðu Bæjarfjalli í stefnu norðvestur. A kortinu yfir viðnám 200 m neðan sjávarmáls kemur einnig fram háviðnámsrani frá Þeistareykjagrundum í stefnu suðvestur. Af þessu sést að viðnámskipan vestur af Bæjarfjalli er mjög flókin og fróðlegt væri að reyna að tengja hana jarðfræðilegum athugunum. Lágt viðnám í jörðu bendir til þess að til staðar sé hátt hitastig og tiltölulega mikil

vatn í jarðlögum. A því byggist notagildi viðnámsmælinga til kortlagningar jarðhitasvæða. Því má ætla að viðnámskortin, t.d. kortið yfir viðnám við sjávarmál (mynd 39) gefi í grófum dráttum mynd af legu meginjarðhitasvæðisins á Þeistareykjum.


Eins og áður var á minnst kemur í öllum mælilínum fram hátt viðnám (um 100 ohmm) neðan við meginlágviðnámssvæðið. Ekki er ljóst hvað veldur þessari viðnámshækkan. Þar kemur einkum þrennt til greina:

- 1) Þétt innskot með lítið holurými og þar með lítið vatnsinnihald.
- 2) Að hitastig í jarðhitakerfinu sé orðið það hátt að það sé í hálfstuðu, þ.e.a.s. að til staðar sé bæði vatns- og gufufasi og að verulegur hluti holurýmis í berginu sé fylltur gufu.
- 3) Eins og segir í viðauka A lækkar viðnám í jarðhitavökva með hækkandi hitastigi. Þetta gildir þó aðeins upp að ákveðnu marki. Fyrir hitastig ofan þessa marks fer viðnámið aftur ört hækkandi (Meidav 1980). Hugsanlegt er að við ákveðin skilyrði geti hitastig í jarðhitakerfum náð þessu marki án þess að kerfið sé komið í hálfstuðu.


Ekki er unnt með viðnámsmælingum einum saman að greina á milli þessara möguleika. Þar verða að koma til annars konar athuganir s.s. efna- og jarðfræðiathuganir.



Mynd 25 Staðsetninig viðnámsmælinga.




Mynd 26 Lína 1 mælt sýndarviðnám.




Mynd 27 Lína 1 reiknað sýndarviðnám.

JHD-JED-6607 KA
83 05 0609 Sy.J.


ÞEISTAREYKIR LÍNA I
Tvívíð túlkun viðnámsnið



Mynd 28 Lína 1 tvívíð túlkun.




Mynd 29 Lína 2 mælt sýndarviðnám.




Mynd 30 Lína 2 reiknað sýndarviðnám.


ÞEISTAREYKIR LÍNA 2
Tvívíð túlkun viðnámsninið



Mynd 31 Lína 2 tvívíð túlkun.




Mynd 32 Lína 3 mælt sýndarviðnám.




Mynd 33 Lína 3 reiknад sýndarviðnám.

PEISTAREIKIR LÍNA 3.


Tvívíð túlkun viðnámsnið




Mynd 34 Lína 3 tvívíð túlkun.




Mynd 35 Lína 4 mælt sýndarviðnám.




Mynd 36 Lína 4 reiknað sýndarviðnám.




Mynd 37 lína 4 tvinid túlkun.



Mynd 38 Viðnám 200 m ofan sjávarmáls.



Mynd 39 Viðnám við sjávarmál.



Mynd 40 Viðnám 200 m neðan sjávarmáls.

4 EFNAFRÉÐI

4.1 Inngangur

Þegar gufa myndast við suðu í jarðhitakerfi dreifast þau efni sem eru uppleyst í vatninu milli vatns og gufu eftir ákveðnum lögþáum. Út frá efnainnihaldi þeirrar gufu sem nær yfirborði er reynt að segja fyrir um ýmsa eðlisþátti jarðhitakerfisins, svo sem helstu uppstreymissvæði og hita. Það er ljóst, að efnainnihald gufu sem myndast á nokkur hundruð metra dýpi getur breyst verulega á leið sinni til yfirborðs. Halldór Ármannsson og Trausti Hauksson (1980) hafa rakið helstu férli jarðgufu og víast hér til þeirrar samantektar. Hér á eftir eru rakin nokkur áhrif sem þepasúða hefur á efnasamsetningu gufu (kaflar 4.7 og 4.8).

Þau efni í gufu sem yfirleitt eru mæld og notuð við túlkun eru gastegundirnar koldíóxíð (CO_2), brennisteinsvetni (H_2S), vetni (H_2), metan (CH_4), súrefni (O_2) og köfnunarefni (N_2). Að auki var við þessa rannsókn mældur styrkur eftirfarandi efna: Radons (Rn), kvíkasilfurs (Hg), natriums (Na) og klóríðs (Cl). Þá voru mæld samsætuhlutföll fyrir vetni (D/H), súrefni ($^{18}\text{O}/^{16}\text{O}$) og helium ($^{3}\text{He}/^{4}\text{He}$). Einnig var mælt pH og hiti.


Allar töflur sem vitnað er til í þessum kafla eru aftast í honum.

4.2 Sýnataka og efnagreiningar

Yfirborðsjardhiti á háhitavæðum getur verið með ýmsu móti, og verður að gæta varúðar við val á sýnatökustað ef marktæk sýni eiga að nást. Eins og kemur fram í kafla 2 og á mynd 11 eru leirhverir og gufuaugu algengustu virku jarðhitaummerkin á þeistareykjum, en vatnshverir fáir. Leirhverir myndast þar sem vatn er til staðar í efstu jarðlöggum og geta súrar gastegundir, eins og H_2S , myndað í því sterka sýru sem nær að leysa upp jarðveginn. Vegna hæftu á breytingum á hlutföllum og styrk efna í gufu við snertingu við yfirborðsvatn voru leirhverir sniðgengnir þegar sýnatökustaðir voru valdir. Þess vegna eru öll gufusýnir frá þeistareykjum tekin úr gufuaugum.

Áður hafa Baldur Líndal (Jarðboranir ríkisins 1951) og Karl Grönvold og Ragna Karlsdóttir (1975) safnað sýnum á þeistareykjum til efnagreininga. Í fyrnefndu könnuninni voru greind rúmmálshlutföll gastegunda, og heildar gasstyrkur gufunnar var mældur, en eingöngu voru mæld rúmmálshlutföll í þeiri síðarnefndu. Því var unnt að reikna gashita á mismunandi hátt (sjá 4.6) úr niðurstöðum Jarðborana ríkisins (1951). Niðurstöður allra ofangreindra efnagreininga; 00 þeirra reikninga eru í töflu 3.

Árin 1981 og 1982 var safnað sýnum úr 34 gufuugum og 2 volgrum. Sýnatökustaðir eru merktir á mynd 41 og er lýst í viðauka 3. Fyrstu sýnatökustaðirnir voru valdir þannig að dreifing þeirra um jarðhitavæði væri nokkuð jöfn. Sýrustig (pH), styrkur CO_2 og H_2S voru mæld jafnóðum í sýnatökubíl Orkustofnunar. Þegar niðurstöður lágu fyrir var hægt að velja sýnatökustaði mun markvissar þar sem helstu drættir í dreifingu viðkomandi gastegunda tóku að skýrast.



Mynd 41 Staðir á Þeistareykjum þar sem sýni voru tekin til efnagreininga.

Sýnatakan sjálf er nokkuð margslungin og tímafrek. Ekki er því að búast við nema tveimur til þremur sýnatökum á dag, m.a. vegna efnagreininga á staðnum.

Eftir að hentugt gufuútstreymisop hafði verið valið var komið fyrir trekt og þétt vel að með leir. Þar sem streymi er lítið, svo sem oft vill verða, þarf að gæta þess, að einangra trektina sem best til þess að koma í veg fyrir þéttingu í henni, en slíkt getur haft áhrif á styrk og hlutföll efna í gufunni. Sýni til greininga á einstökum efnum voru tekin á eftirfarandi hátt:

- Styrkur CO_2 og H_2S : í lofttæmda flösku með þekktu magni natriumhydróxiðlausnár (40% W/W).
- Sýrustig (pH): Mælt á staðnum úr glerflösku.

- Rúmmálshlutföll aðalgastegunda: Á gastúbu sem fyllt var með súrri saltlausn.

- Natrium og klórið: í mæliglas með þekktu rúmmáli zinkasetatlausnar.

- Radon: í lofttæmda flösku.

- Kvika silfur: í mæliglas með þekktu rúmmáli saltpétursúrrar kalíumpermanganatlausnar.

- H og ^{18}O -samsætur: í 100 ml glerflösku.

- He-samsætur: í eirrör, sem loka má í skyndingu með því að leggja það saman í báða enda.

Eins og fyrr sagði voru pH og styrkur CO_2 og H_2S ákvörðud á staðnum. Nánari greining fór fram á efnarannsóknastöfu Orkustofnunar nema á samsætum. Þær voru mældar í háskólunum í East Anglia (Árný E. Sveinbjörnsdóttir 1982) og Cambridge á Englandi. Nánari lýsingu á sýnatöku og efnagreiningaðferðum er að finna í samantekt Magnúsar Ólafssonar (1984). Uppsetning tækja er sýnd á mynd 22.

4.3 Um hlutföll súrefnis- og vetrnissamsæta

Algengustu samsætur súrefnis og vetrnis í náttúrunni eru súrefni-16 og vetrni-1 (^{16}O og ^1H). Í öllu vatni er til staðar snefilmagn af öðrum samsætum, mest þó af súrefni-18 (^{18}O) og tvívetni (D). Örðugt er að mæla styrk hverrar samsætu en næsta auðvelt að mæla hlutföll þeirra í massagreini.

Oftast er notuð aðferð Craigss (1961 b) til að skýra frá niðurstöðum slíkra hlutfallamælinga á náttúrulegu vatni. Þá eru hlutföll samsætanna í sýni og í staðalsjó (SMOW = Standard mean ocean water) frá National Bureau of Standards borin saman og niðurstaðan skráð sem ð með mælieiningunni 0/00 (hér eftir kallað súrefnis 18/16-hlutfall eða D/H hlutfall, þar sem

$$\delta = ((R/R_+)-1)1000,$$

en R = hlutfall samsæta í sýni ($^{18}\text{O}/^{16}\text{O}$ eða D/H)


R_+ = samskonar hlutfall í staðal-sjó.

Af því leiðir, að ð gildi verða pósítív, þar sem meira er af þyngri samsætunni (^{18}O eða D) en í sjó, en negatíf þar sem minna er af henni.


Slík gildi eru yfirleitt negatíf í úrkomu, og fer það í stórum dráttum eftir breiddargrádu, fjarlægð frá og hæð yfir sjó, hve langt þau víkja frá sjávargildum. Þótt ýmis ferli hafi áhrif á samsætu hlutföll vatns, sem streymir um berggrunn, ber það oftast merki regnuppruna síns. Samsætu hlutföll gegna því þýðingarmiklu hlutverki við rannsóknir á ferli vatns um berggrunn og vangaveltur um uppruna þess og skyldleika við annað rennsli.

Hlutfall súrefnis-18/16 var mælt í 15 gufusýnum og einu vatnssýni, en tvívetnis/vetrnis í einu gufusýni og einu vatnssýni frá Þeistareykjum (Árný E. Sveinbjörnsdóttir 1982). Niðurstöður, gefnar upp sem δ í 0/00 miðað við SMOW eru skráðar í töflu 4. Dreifing súrefnis-18/16

hlutfalls í gufu frá ýmsum sýnatökustöðum á Þeistareykjum er sýnd á mynd 42. Í samanburði við aðrar niðurstöður mælinga á súrefni-18/16 á Íslandi eru gildi þau, sem fást fyrir gufuna mjög lág (Bragi Árnason 1976, Hrefna Kristmannsdóttir og Sigfús Johnsen 1981).



Mynd 42 Dreifing
súrefnis-18/16
hlutfalls í gufu-
augum.




Mynd 43 Breytingar á D/H og súrefni-18/16 við suðu.

Eftirtalin ferli geta breytt D/H og $^{18}\text{O}/^{16}\text{O}$ samsætuhlutföllum í vatni eftir að það hefur fallið sem regn.

- 1) Suða, gufun. Samsætuhlutföll eru háð suðuhita eins og sýnt er á mynd 43 og má yfirleitt búast við lækkun $^{18}\text{O}/^{16}\text{O}$ hlutfalls í gufu miðað við vatn. Breytingin er þó mjög lítil við 300°C , en eykst smátt og smátt með lækkandi suðuhita. Enn meiri breyting verður við hæga gufun án suðu við lægri hita en 100°C , og er það eina ferlið, sem getur valdij þeirri stórfelldu breytingu, sem þyrfti til að fá gufu með $\delta^{18}\text{O}$ um $-20\text{ }0/00$ frá grenndarvatni ($\delta^{18}\text{O} \approx -10\text{ }0/00$). Sama árangri mætti ná með tveimur suðum við 100°C . Hvorugt er líklegt, og verður að teljast nokkurn veginn útilokað, að sú gufa, sem kemur úr gufuaugum, sé soðin beint af grenndarvatni.
- 2) Súrefnisfærsla (oxygen shift) verður vegna samsætuskipta við berg og virkar til hækkunar $\delta^{18}\text{O}$. Mismunur á hlutfalli grenndarvatns og gufu gufuaugna verður því ekki rakinn til þessa ferlis. Hins vegar er ekki unnt að útiloka að mun á $\delta^{18}\text{O}$ í sýnum frá Tjarnarási annars vegar og Þeistareykjagrunum og Ketilfjalli hins vegar, megi rekja til þessa ferlis. Þó verður það að teljast ólíklegt, þar sem munur þessi er mikill og stutt á milli svæðanna.
- 3) Upptaka súrefnis í leirsteindir. Við hana myndi $\delta^{18}\text{O}$ í renni (renni = það, sem rennur. Getur verið blanda mismunandi fasa, e: fluid) lækka. Ólíklegt verður þó að telja, að sú lækkun verði af þeirri stærðargráðu, sem hér er nefnd, þannig að gufa gufuaugna eigi uppruna sinn í grenndarvatni. Þess má t.d. geta, að í Kröflu eru öll skilyrði til slíkra skipta, en raunin hefur alls ekki orðið sú, að $\delta^{18}\text{O}$ í renni sé verulega lágt þar (sjá t.d. Árný E. Sveinbjörnsdóttir 1982, Darling og Bath 1983). Mismunur milli $\delta^{18}\text{O}$ í sýnum frá svæðunum tveimur er einnig mikill og erfitt að sjá, hvers vegna þetta ferli ætti að vera afgerandi á örðru en ekki hinu.
- 4) Þéttung. Gufa getur að einhverju marki þést á leið frá suðudýpi til yfirborðs. Við það myndu δD og $\delta^{18}\text{O}$ lækka. Sú lækkun yrði meiri í tregu uppstreymi en ella. Þá fer hins vegar að verða hætta á prepasuðu, sem líklega hefði meiri áhrif.

Eins og fram kemur á mynd 43 er það háð suðuhita hvaða samsætuhlutföll koma fram í gufu- og vatnsfasa eftir suðu. Í töflu 5 eru rakin þau gildi fyrir $\delta^{18}\text{O}$ sem fundist hefðu í ósoðnu djúpvatni, sem soðið hefði af sér gufu með þau $\delta^{18}\text{O}$ gildi, er mældust í sýnum frá Þeistareykjum, ef einföld suða hefði farið fram frá mismunandi hitastigum í 100°C . (þau gildi yrðu ekki mjög frábrugðin, þó að suðan fari fram í þrepum (t.d. $280 \rightarrow 260$ og $260 \rightarrow 100^{\circ}\text{C}$)). Því hærrí sem suðuhitinn er því minni er munurinn á $\delta^{18}\text{O}$ í ósoðnu djúpvatni og gufu þeirri, sem soðið hefur af því.

Ólíklegt er að gufa, sem í mælast ofangreind samsætuhlutföll (sjá töflu 4) geti átt uppruna í vatni, sem fallið hefur sem úrkoma í grennd við Þeistareyki. Hins vegar eru samsætuhlutföll fyrir vatn úr uppsprettu (V-1) lík þeim sem Bragi Árnason (1976) telur vera í úrkому á þessu svæði, og bendir það til þess að þar sé um grenndarvatn að ræða.




Mynd 44 Þeista-reykir-Krafla. D/H og súrefnis-18/16 hlutföll.

Craig (1961 a) ákvarðaði δD og $\delta^{18}\text{O}$ í sýnum frá öllum heimshornum af regnvatni, snjó, árvatni og vatni úr stöðuvötnum. Hann komst að raun um, að línulegt samband er milli δD og $\delta^{18}\text{O}$ í öllu regnvatni og vatni, sem ekki hefur tekið þátt í breytiferlun á bord við gufun og súrefnispærslu. Þetta samband er:

$$\delta\text{D} = \delta^{18}\text{O} + 10 \quad (1)$$

og er nefnt regnlína Craigs. Á mynd 44 er hún sýnd ásamt δD og $\delta^{18}\text{O}$ í uppsprettuvatnssýninu, einu gufusýni frá Þeistareykjum og einu úr holu KJ-6 í Kröflu. Gildi uppsprettuvatnsins liggja nærrí línunni, en fyrst eina gufusýni, sem hlutföll beggja samsæta voru mæld, reyndist $\delta^{18}\text{O}$ lægra en búast mætti við samkvæmt henni. Eilítill lækkun af bessu tagi hefur komið fram í Kröfluholum, og er gufugildi frá holu KJ-6 líka sýnt á mynd 44. Talið er líklegt, að í Kröflusýninu sjáist áhrif suðu við tiltölulega lágt hitastig, þar sem sýnið var tekið við 2,2 bar a þrýsting, sem jafngildir 123°C hita. Bau áhrif til lækkunar eru þó öllu minni en bau, sem þarf til að skýra hið lága $\delta^{18}\text{O}$ gildi í sýninu frá Þeistareykjum.

Líklegast má telja, að hin lágu gildi, sem fundust í gufu frá Þeistareykjum, megi rekja til vatns, sem hefur mjög lágt $\delta^{18}\text{O}$ og fundist hefur á nokkrum stöðum á Norðausturlandi (Húsavík, Hveravellir í Reykjahverfi, Eyjafjörður) (Bragi Árnason 1976, Hrefna Kristmannsdóttir og Sigfús Johnsen 1981). Ýmsar tilgátur eru uppi um orsakir þessara lágu gilda, m.a. að um sé að ræða vatn, sem fallið hefur sem regn hátt á jöklum uppi, eða langstaðið ísaldarvatn ("fornvatn").



Mynd 45 Svæða-skifting samkvæmt súrefnis-18 hlutfalli.

Í grófum dráttum er unnt að skipta jarðhitasvæðinu á Þeistareykjum í tvo hluta skv. þessum niðurstöðum - Tjarnarás (svæði A, $\delta^{18}\text{O} < -17\text{‰}$), þar sem súrefnis-18 hlutfall gufu er tiltölulega lágt og Þeistareykjagrundir (svæði B, $\delta^{18}\text{O} > -17\text{‰}$), þar sem súrefnis-18 hlutfall gufu er nokkuð hærra, svipað og í ofangreindu vatni frá Norðausturlandi (sjá mynd 45). Eðlilegt virðist að álíta, að um tvenns konar aðrennslí vatns á svæðid síðum að ræða, en að það blandist síðan. Við Tjarnarás (svæði A) kemur upp gufa með lágt $\delta^{18}\text{O}$ en á Þeistareykjagrundum (svæði B) gufa með töluvert hærra $\delta^{18}\text{O}$ sem hugsanlega gæti stafað af blöndun við grenndarvatn.

4.4 Natrium og klóríð

Styrkur natriums og klóríðs er skráður í töflu 6 og hlutfall þeirra í töflu 7. Uppruni jarðvats á Íslandi er venjulega regnvatn, sem upphaflega er komið úr sjó, og að meðaltali er hlutfall natriums og klóríðs í slíku vatni líkt því sem gerist í sjó. Á jarðhitasvæðum hækkar það venjulega vegna aukinnar leysingar natriums úr bergi við hækkandi hita (Halldór Ármannsson og Trausti Hauksson 1980). Við suðu breytist hlutfall þetta lítið. Óvenjulegt er, að það lækki. Þó getur það gerst í gufufasa ef súr, tiltölulega saltrík lausn sýður við háan hita. Fylgir þá frítt HCl gufunni og verður hún súr og klóríðrík. Fræðilega er unnt að reikna út ferla slíkrar gufu, og dæmi eru til um hana í náttúrunni í Matsao, Taiwan (Ellis og Mahon 1977). Klórvetni hefur og fylgt þurri gufu úr holu KG-12, Kröflu (Halldór Ármannsson o.fl. 1982). Reikningar hafa verið gerðir skv. formúlu frá Ellis og Mahon (1977).

$$\log P_{\text{HCl}} = 1 + \log m_{\text{Cl}} - \text{pH}_0 - \log K_a \quad (2)$$

þar sem

P_{HCl} = hlutþrýstingur HCl í gufu

m_{Cl} = mólalstyrkur Cl í upphafsvatni fyrir suðu


pH_0 = sýrustig upphafsvatns fyrir suðu

K_a = klofningsfasti HCl við suðuhitastig.


og eru útkomur miðaðar við pH 4, 5 og 6 í upphaflegu ósoðnu vatni sýndar á mynd 46, 47 og 48.

Nokkrir möguleikar til að fá fram $\text{Cl} = 60-200 \text{ mg/kg}$ í gufu við suðu þess háttar lausnar, eru síðan sýndir í töflu 8, og virðist líklegast að hún sjóði frá vatni með upphafsstyrk $800-8000 \text{ mg/kg}$ með pH $0-5$ við $250-300^\circ\text{C}$. Dreifing klóríðgilda í gufusýnum frá Þeistareykjum er sýnd á mynd 49. Þau þrjú sýni, sem verulegur klóríðstyrkur fannst í, voru úr gufuaugum G-9, G-10 og G-19, en af þeim var pH einungis mælt í sýninu úr G-19, og fellur sú gufa næst því að geta verið soðin úr vatni með pH $0 \approx 5$ og Cl $\approx 2000 \text{ mg/kg}$ við 250°C .


Erfitt er að skýra hvers vegna önnur gildi eru lægri, en ekki má miklu muna í sýrustigi og hitastigi til þess, að mun minna klór berist í gufu, og geta tiltölulega litlar breytingar skipt sköpum. Þá er hugsanlegt, að einn grunnvatnsstraumur inn á svæðið beri með sér slíka saltlausn, en aðrir minna. Í framhaldi af umræðu um lág samsætuhlutföll á Norðurlandi eystra má geta þess að vatn úr neðri æðum borhola á Húsavík, sem var lágt í δD og $\delta^{18}\text{O}$ var klóríðríkt (Cl=17-1800 mg/kg) (Bragi Árnason (1976)).




Mynd 46 Klóríðstyrkur og pH þéttivatns eftir suðu. $\text{pH}_0=4$.



Mynd 47 Klóriðstyrkur og pH péttivatns eftir suðu. $\text{pH}_0 = 5$.




Mynd 48 Klóriðstyrkur og pH péttivatns eftir suðu. $\text{pH}_0 = 6$.




4.5 Styrkur gastegunda í gufu


Niðurstöður efnagreininga á gufu eru í töflu 6 og reiknuð hlutföll milli styrks helstu efna í töflu 7. Á mynd 50 er sýndur styrkur koldíoxíðs í gufu á Þeistareykjum. Þar kemur fram svæði með hámarksgildum, sem teygist í ANA-VSV stefnu. Hæst gildi fundust vestan undir Ketilfjalli annars vegar og syðst á Tjarnarási hins vegar. Fyrnefnda svæðið er ekki vel staðfest, þar sem eingöngu þrjú gufuaugu fundust til sýnatoku. Á hinn böginn eru 8 sýni frá Tjarnarássvæðinu og staðfesta öll háan styrk. Víða fer saman lágur styrkur koldíoxíðs og lítil virkni á yfirborði þó að svo sé ekki alls staðar, t.d. er styrkur efna í gufu tiltölulega lágur á Þeistareykjagrundum þó að virkni sé þar mikil á yfirborði.




Aðrar aðalgastegundir (aðalgastegundir = þær gastegundir, sem mest er af þ.e. H_2S , H_2 , CH_4) reynast hafa hæst gildi á þeim stöðum þar sem koldíoxíð mældist mest. Metanstyrkur (CH_4) (mynd 51) er einnig mjög lágur í gufu á Þeistareykjagrundum, en styrkur brennisteinsvetnis (H_2S) (mynd 52) er þar tiltölulega mikill. Útbreiðsla hámarksstyrks metans og brennisteinsvetnis í gufu er í ANA-VSV stefnu og á það einnig við um koldíoxíð. Mynd 53 sýnir styrk vetrnis (H_2) í gufu. Dreifing hans er mjög óregluleg en hæstur er hann þó á sömu stöðum og hjá fyrnefndum gastegundum.



Mynd 51 Styrkur metans í gufu.



Mynd 52 Styrkur brennisteinsvetnis í gufu.




Mynd 53 Styrkur
vetnis í gufu.

Sýnt hefur verið fram á, að styrkur flestra efna í jarðhitavatni ræðst af hitastigi þess (Stefán Arnórsson o.fl. 1983 a). Styrkur aðalgastegunda í gufu er háður upphaflegum styrk þeirra í því vatni sem hún kemur frá og þá um leið hita þess. Þess vegna benda fyrrgreindar niðurstöður frá Peistareykjum til þess að aðaluppstreymissvæðin í jarðhitakerfinu séu á Tjarnarási og vestan undir Ketilfjalli. Ennfremur kemur fram að hámarksgildi mælast á svæði sem teygist í ANA-VSV stefnu. Þessi stefna kemur ekki fram í jarðfrædilegum fyrirbærum á yfirborði. Dreifing gastegunda bendir til þess að hitagjafi jarðhitans á Peistareykjum hafi A-V-læga stefnu. Fylgni virks jarðhita á yfirborði við sprungur með stefnu N-S (myndir 3 og 10) sýnir að misgengin mynda rásir fyrir vatn og gufu til yfirborðs en tákna ekki að hitagjafinn hafi sömu stefnu.

Á nokkrum stöðum er styrkur gastegunda í gufu mjög lágur og stafar það oftast af því að komið er nærri útjöðrum svæðisins og hiti því orðinn tiltölulega lítill. Á þetta við um staði eins og G-29, G-30, G-32 og G-33 (tafla 6, mynd 41). Á nokkrum stöðum öðrum verður þó að leita annarra skýringa. G-23 er neðst í brekkunum í Bóndhólsskarði, þar sem allmiklar gufur stíga upp um glufur í hrauninu. Styrkur efna í gufum þarna er mjög lítill, þótt uppstreymisaugun séu inni á jarðhitasvæðinu. Líklega stafar þetta af því, að kalt grunnvatn streymir niður Bóndhólsskarð milli Bæjarfjalls og Ketilfjalls, enda er hæðarmunur milli hraunbreiðanna austan og vestan Ketilfjalls um 150 m. Kalda vatnið nær nánast að kæfa jarðhitann í brekkunni, en hitnar þó nágu mikið til þess að 85°C heit gufa myndast. Líklega er uppruni gufunnar í Hitum í Peistareykjahrauni (G-34) af svipuðum toga (mynd 41). Að vísu eru þessar gufur vestan við virkasta jarðhitasvæðid miðað við yfirborðsummerki, en samkvæmt viðnámsmælingum nær lágt viðnám mun lengra til vesturs heldur en yfirborðsjarðhiti sýnir (kafla 3). Einnig er þar lag með háu viðnámi yfir lágvíðnáminu og er það túlkað sem kalt grunnvatn. Af einhverjum ástæðum ná háhitagufurnar ekki til yfirborðs upp í gegnum kalda lagið, en gufur og miklar afbræðslur á þessu svæði sýna að hiti er mikill undir.

4.6 Gashiti

Dreifing gastegunda milli vatns- og gufufasa er allvel þekkt. Þess vegna er hægt að reikna út hver styrkur gastegunda var í vatni áður en suða hófst, ef efnasamsetning gufufasa í jafnvægi við vatnssafa er þekkt. Unnt er m.ö.o að reikna svokallaðan gashita, og segja fyrir um hita í jarðhitakerfi út frá efnasamsetningu gufu sem safnað er á yfirborði. Reiknaður hiti er samkvæmt skilgreiningu sá hiti, sem suða hefst við í kerfinu og ber gufa sem nær yfirborði á sýnatökustaðnum merki hans. Notkun gashita gerir ráð fyrir að sýni náist af peirri gufu, sem fyrst myndaðist djúpt í jörðu og að eina breytingin á efnasamsetningu hennar á leið til yfirborðs verði vegna innrænna ("adiabatic") breytinga. Hér á eftir er tilraun til skýringar á því hversvegna gufan getur komist til yfirborðs tiltölulega lítið breytt, en frekari annmörkum eru gerð skil í köflum 4.7 og 4.8.



Mynd 54 Hitaferlar
rennis við mismunandi
prunguleiðni.

Ef suðuhiti er t.d. $280-300^{\circ}\text{C}$ þarf að koma gufunni upp í gegnum 900-1100 m langa vatnssúlu, þar sem hiti er mun lægri, og ekki er víst að suða fari fram í, án þess að efnasamsetning gufunnar breytist af völdum leitni til nýs jafnvægis vegna breytts hita. Hér er gert ráð fyrir að gufa og vatn leiti upp um misgengi og sprungur, þar sem leiðni er miklu betri en annars staðar í kerfinu. Því meiri sem löðrétt leiðni sprungu er, því örara verður streymi vatns og gufu um hana og þeim mun meiri varmi flyst upp hana. Verður það til þess, að hiti og brýstingur verða hærri þar en á sama dýpi annars staðar í kerfinu, þar sem löðrétt leiðni er minni, þ.e. vatnsgufublandan verður yfirhituð í slíkum sprungum. Á mynd 54 eru sýndir þrír mismunandi hitaferlar með dýpi. Ferill A er hugsanlegur hitaferill í

tregleidandi hlutum kerfisins (Reiknað er með vatnssúlu sem á öllum dýpum er við suðu, en hvergi í suðu), en ferlar B og C tákna hita í afmörkuðum sprungum, sem vatn og gufa streyma upp eftir, knúin af suðu, sem hófst við 293°C í 1000 m dýpi (punktur D). Hitaferill C er fyrir opnari sprungu en ferill B, og er streymi og þar með varmaflutningur meiri þar en í hinni. Hafa því myndast þar aðstæður, sem gera að verkum, að hitastig og þrýstingur falla lítið á leið upp lungann af jarðhitakerfinu. Á því bili er við litlum breytingum á efnasamsetningu gufu að búast. Þar sem rennslishraði er þar og í hámarki, er taftími tiltölulega stuttur efst í rásinni, þar sem annað hita- og þrýstingsástand ríkir. Gufa, sem ferðast til yfirborðs um síka sprungu, endurspeglar mjög vel ástand það, er ríkir við upphaf suðu (punkt D). Þar sem leiðni er minni (ferill B), komast vatn og gufa strax í snertingu við kaldara berg, og eru mun lengur á leiðinni upp sprunguna en í hinu tilfellinu (ferill A), svo að aðstæður til nálgunar nýs jafnvægis eru miklu hagstæðari en í opnu sprungunni. Efnasamsetning endurspeglar þá lægra hitastig en upphafssuðuhita. Efnajafnvægi í yfirborðsgufu eiga í öllum tilvikum að ráðast af hitastigi, sem liggur milli upphafssuðuhita og 100°C . Því nær sem eðlisástand uppstremisrásar er því, sem lýst er með ferli C, þeim mun betur nær efnasamsetning yfirborðssýnis að lýsa ástandinu við upphafssuðupunkt (D). Er ástandið nálgast það, sem lýst er með ferli B, fer gashita, byggðum á jafnvægi í mismunandi efnahvörfum að bera verr saman, þar sem efnahvörf ganga mishratt, og nýju jafnvægi því misfljótt náð.

Í stuttu máli má segja, að ójafnvægi ríki í hverri uppstremisrás eftir upphaf suðu, þó að jafnvægi ríki almennt í sjálfu jarðhitakerfinu. Því opnari sem rás sú er, sem rennið streymir um til yfirborðs, þeim mun betur endurspeglar efnasamsetning gufu á yfirborði jafnvægi djúpt í kerfinu. Stefán Arnórsson og Einar Gunnlaugsson (1984) hafa fjallað ítarlega um gashita og sett fram jöfnur, sem byggjast á styrk einstakra gastegunda (CO_2 , H_2S og H_2) og einnig á hlutföllum (CO_2/H_2 , $\text{H}_2\text{S}/\text{H}_2$). Eftirfarandi jöfnur þeirra hafa verið notaðar hér til að reikna gashita (styrkur gastegunda er í mmól/kg gufu, hitastig í $^{\circ}\text{C}$).

$$\text{CO}_2\text{-hiti: } t^{\circ} = -44,1 + 269,25 \log(\text{CO}_2) - 76,88(\log(\text{CO}_2))^2 + 9,25(\log(\text{CO}_2))^3 \quad (\text{Allar aðstæður}) \quad (3)$$

$$\text{H}_2\text{S-hiti A: } t^{\circ} = 246,7 + 44,81 \log(\text{H}_2\text{S}) \quad (\text{Aðstæður A}) \quad (4)$$

$$\text{H}_2\text{S-hiti B: } t^{\circ} = 173,2 + 65,04 \log(\text{H}_2\text{S}) \quad (\text{Aðstæður B}) \quad (5)$$

$$\text{H}_2\text{-hiti A: } t^{\circ} = 277,2 + 20,99 \log(\text{H}_2) \quad (\text{Aðstæður A}) \quad (6)$$

$$\text{H}_2\text{-hiti B: } t^{\circ} = 212,2 + 38,50 \log(\text{H}_2) \quad (\text{Aðstæður B}) \quad (7)$$

$$\text{CO}_2\text{-H}_2\text{-hiti A } t^{\circ} = 341,7 - 28,57 \log \frac{(\text{CO}_2)}{(\text{H}_2)} \quad (\text{Aðstæður A}) \quad (8)$$

$$\text{CO}_2\text{-H}_2\text{-hiti B } t^{\circ} = 311,7 - 66,72 \log \frac{(\text{CO}_2)}{(\text{H}_2)} \quad (\text{Aðstæður B}) \quad (9)$$

$$\frac{H_2S}{H_2}-\text{hiti } t^0 = 304,1 - 39,48 \log \frac{(H_2S)}{(H_2)^2} \quad (\text{Notaður við allar aðstæður en ein- göngu ætlaður fyrir aðstæður A})$$

Aðstæður A: Alltaf, ef $t^0 > 300^{\circ}\text{C}$, og við $200-300^{\circ}\text{C}$, ef $\text{Cl} > 500 \text{ mg/kg}$
Aðstæður B: Alltaf, ef $t^0 < 200^{\circ}\text{C}$, og við $200-300^{\circ}\text{C}$, ef $\text{Cl} < 500 \text{ mg/kg}$
 Cl = styrkur klóríðs í upphaflegum, ósoðnum vatnsfasa.

Til samanburðar var einnig reiknaður gashlutfallahiti skv. aðferð D'Amores og Panichis (1980):

$$t^0 = \frac{24775}{\alpha + \beta + 36,05} \quad (11)$$

þar sem

$$\alpha = 2 \log \frac{CH_4/CO_2}{CO_2} - 6 \log \frac{H_2/CO_2}{CO_2} - 3 \log \frac{H_2S/CO_2}{CO_2} \quad (12)$$

$$\beta = 7 \log P_{CO_2} \quad (13)$$

Styrkur gastegunda er í rúmmáls-% og P_{CO_2} er hlutþrýstingur CO_2 í atm.


Begar unnið er við frumrannsókn á jarðhitasvæði eru augljós vandkvæði á að ákvæða hlutþrýsting CO_2 . D'Amore og Panichi (1980) ráðleggja í slíkum tilvikum eftirfarandi gildi:

$$\begin{aligned} P_{CO_2} &= 0,1 \text{ atm ef rúmmál } CO_2 < 75\% \\ P_{CO_2} &= 1 \text{ atm ef rúmmál } CO_2 \geq 75\% \\ P_{CO_2} &= 10 \text{ atm ef rúmmál } CO_2 > 75\% \text{ og } CO_2 > 2H_2, H_2S > 2H_2. \end{aligned}$$

Fyrst var reiknað úr jöfnum með tilliti til aðstæðna A og B fyrir öll sýni. Í ljós kom, að við Tjarnarás var meðalútkoma yfirleitt um 300°C . Að auki hafa fundist þar merki um háan klóríðstyrk (sjá kafla 4.4). Á þeistareykjagrundum var meðalgashiti hins vegar mun lægri, og jafn greinileg merki um háan klóríðstyrk hafa ekki fundist þar. Fyrsta nálgun var því að miða við aðstæður A á Tjarnarási en aðstæður B á þeistareykjagrundum. Meðalgashiti reyndist og í grennd við 300°C á sýnatökustöðum nr. 24 og 25 í norðausturhorni svæðisins og var miðað við aðstæður A þar, en hann var nokkuð lægri á stað nr. 3 (Ketilfjalli) og var miðað við aðstæður B þar, því að klóríðstyrkur þótti ekki það hár, að ástæða væri til að miða við aðstæður A. Til að sannprófa réttmæti þessa, var hiti reiknaður fyrir öll sýni og miðað við aðstæður A og B. Í öllum tilvikum kom fram minna staðalfrávik í meðaltalshita við þær aðstæður sem valdar höfðu verið sem fyrsta nálgun.


Hlutfallahiti D'Amores og Panichis (1980) þótti víkja of mikil frá hinum til að raunhæft væri að taka hann með í meðaltal. Niðurstöður reikninga á honum eru þó birtar til samanburðar í töflu 9. Þar eru og niðurstöður fyrir hina gashitana, sem reiknaðir voru, meðaltal þeirra og staðalfrávik. Þá voru tekin staðalfrávik hvers þeirra skv. niðurstöðum Stefáns Arnórssonar og Einars Gunnlaugssonar (1984) og þau notuð til að finna þau bil, sem 95% líkur eru á, að hver niðurstaða spanni ($\bar{x} \pm 2\sigma$), og fundið það svið, sem næst er því að falla að niðurstöðum allra hitanna fyrir hvert sýni. Oftast þurfti að líta framhjá niðurstöðum H_2S - og/eða H_2S/H_2 -hita. Þetta líklega hitabil er einnig skráð í töflu 9.

Reynsla af gashita er nokkur hér á landi. Mest hefur CO₂-hiti verið reyndur, og virðist geta gefið viðunandi niðurstöður.² Á mynd 55 er sýnt hváða CO₂-hiti reiknast í einstökum gufuaugum á Þeistareykjum. Hæstur er hánn 280-310°C undir Tjarnarási og við Ketilfjall, en á bilinu 220-260°C á Þeistareykjagrunnum.




Mynd 55 Koldíoxiðhiti.

Á mynd 56 eru dregnar niðurstöður reikninga á H₂S-hita. Dreifing gilda er í aðalatriðum hin sama og fyrir CO₂-hita, en þau eru alla jafna nokkuð hærri. Lesa má ákveðnari ANA-VSV stefnu á hitasvæðinu úr þessari mynd en hinni fyrri.



Mynd 56 Brenni-steinsvetnishiti.

Á mynd 57 eru svo teiknaðar niðurstöður meðaltals fyrir hitana fimm, og sýna niðurstöður mjög greinilegan mun á Þeistareykjagrundum og Tjarnarási, eða u.p.b. $230\text{--}270^{\circ}\text{C}$ gashita á því fyrr nefnda, og $270\text{--}310^{\circ}\text{C}$ á því síðar nefnda. Þá kemur og fram annað heitt svæði (gashiti $> 300^{\circ}\text{C}$) við rætur Ketilfjalls.



Mynd 57 Meðalgashiti.

Niðurstaða þessara athugana er sú, að allt bendir til þess að hæstur hiti sé við sunnanverðan Tjarnarási og vestan við Ketilfjall. Ber niðurstöðum mismunandi reikningsaðferða saman um að hiti, þar sem suða hefst sé þar um $280\text{--}310^{\circ}\text{C}$.


4.7 Áhrif suðu á efnasamsetningu gufu

Í kerfi þar sem bæði vatnsfasi og gufufasi eru fyrir hendi dreifast rokgjarnar gastegundir milli fasanna eftir ákveðnum lögmálum. Styrk gass (i) í vatnsfasa ($x_{1,i}$) má reikna út frá heildarstyrk ($x_{t,i}$), gufuhluta (y) og afgösunarstúðlinum B_i samkvæmt líkingunni:


$$x_{1,i} = x_{t,i} / (1 - y + yB_i) \quad (14)$$

Stúðullinn B_i er háður hita og er mismunandi fyrir einstakar gastegundir. Mynd 58 sýnir pennan stuðul fyrir CO_2 , H_2S , CH_4 , H_2 og N_2 á hitabilinu $100\text{--}350^{\circ}\text{C}$ (Giggenbach 1980).

Ef þannig aðstæður skapast við suðu í jardhitakerfi, að aðskilnaður verði á vatni og gufu, getur það haft veruleg áhrif á samsetningu þeirrar gufu, sem síðar myndast. Við suðuna dreifast gösin milli fasanna í samræmi við jöfnu (14), og minnkar því styrkur þeirra í vatninu. Ef soðna vatnið streymir eftir aðskilnað við gufu í átt að lægri þrýstingi og sýður áfram, verður sú gufa sem nú myndast mun snauðari af gastegundum heldur en sú sem fyrst myndaðist. Endurtaki suða sig á pennan hátt er talað um þrepasuðu.



Mynd 58 Afgösunarstuðlar
nokkura efna við $100\text{--}350^\circ C$.




Mynd 59 Styrkur koldioxíðs
við $100^\circ C$ og áhrif þrepasúðu.

Til þess að athuga hvaða áhrif suða hefur á þann gashita sem fundinn var út frá styrk gass í gufu er CO_2 -hiti tekinn sem dæmi. Á mynd 59 sýnir efsta línan samband milli CO_2 -styrks í gufu við $100^\circ C$ og hita í jarðhitageyminum. Hinur línumnar sýna hvernig CO_2 -styrkur í gufu breytist ef gert er ráð fyrir suðu í $10^\circ C$ þrepum, og að jafnvægi náist milli fasanna tveggja. Línumnar tákna styrk í gufu þegar afgangsvatnið hefur soðið í $100^\circ C$, og er þá reiknað með 100% afgösun. Til þess að skýra þetta nánar er tekið dæmi af vatni í jafnvægi við berg, þar sem suða hefst við $280^\circ C$ (punktalína á mynd 59). Jafnframt því sem aðskilnaður verður á fösum heldur suða áfram þar til hiti hefur fallið í $250^\circ C$ (þ.e. $30^\circ C$ hitafall vegna suðu). Í dæminu er gert ráð fyrir að þá sjóði vatnið í einu þepi í $100^\circ C$ án aðskilnaðar við gufu. Á mynd 59 sést, að styrkur CO_2 í þannig fenginni gufu væri slíkur að $\log CO_2 = 3,2$. Ef tekið er sýni af þessari gufu og CO_2 -hiti reiknaður fást $234^\circ C$. Erfitt er að sjá á sýninu hvernig gufan er til komin og í reynd reiknast hiti of lágur. Verður því að líta á CO_2 -hita sem lágmarkshita. Í dæminu hér á undan reiknast CO_2 -hiti t.d. $234^\circ C$, þegar raunverulegur suðuhiti er $250^\circ C$ og suða hefst við $280^\circ C$.

Auk þess, sem suða hefur áhrif á styrk gastegunda í vatninu, raskar


hún einnig hlutföllum þeirra. Stafar það af því, að leysni þeirra í vatni er misjöfn og er því stuðullinn B í jöfnu (14) mismunandi eftir gastegundum. Mynd 58 sýnir að leysni þeirra í vatni minnkar í þessari röð: $H_2S > CO_2 > CH_4 > H_2 > N_2$. Þetta leiðir til þess, að við suðu situr tiltölulega mest eftir í vatnsfasa af H_2S en minnst af N_2 . Þannig lækka hlutföllin CO_2/H_2S og H_2/H_2S í vatni við suðu. Ef vatnið sýður aftur kemur sú gufa til með að endurspeglar þetta og hefur því síðar mynduð gufa lægri CO_2/H_2S og H_2/H_2S -hlutföll heldur en sú fyrsta. Þetta hefur verið notað til þess að rekja rennslisleiðir í jarðhitakerfum. Mynd 60 sýnir hlutfallið CO_2/H_2S á Þeistareykjum. Þar kemur í ljós, að þetta hlutfall er áberandi lægrá í þeirri gufu sem safnað var á Þeistareykjagrundum heldur en á Tjarnarássvæðinu og við Ketilfjall. Hefðbundin túlkun á mynd 59 segir að vatnið sem gefur af sér þá gufu sem nær yfirborði á Þeistareykjagrundum hafi að öllum líkendum soðið áður.



Mynd 60 Hlutfall CO_2/H_2S í gufu.

Ef unnt er að gera sér grein fyrir aðaluppstreymissvæði og fá marktæka ákvörðun á hitastigi þar sem suða hefst, er hægt út frá niðurstöðu efnagreininga á gufunni að reikna hvernig styrkur og hlutföll efna ættu að breytast við suðu. Eins og komið hefur fram hér að framan, er gert ráð fyrir að uppstreymi sé undir sunnanverðum Tjarnarási. Mynd 61 sýnir samband milli mældra gilda á CO_2 -styrk í gufu og hlutfallsins CO_2/H_2S . Á myndinni hafa sýni frá Tjarnarási og Þeistareykjagrundum verið afmörkuð með línum, og sést að þau eru nokkuð dreifð, sérstaklega begar haft er í huga, að kvarðarnir á myndunum eru logaritmiskir. Línan á myndinni sýnir niðurstöðu tilraunar til þess að reikna hvaða breytingar á efnasamsetningu gufu yrðu við þrepasúðu. Upphafsgildi eru valin þannig, að suða í $100^{\circ}C$ án aðskilnaðar gefi efnasamsetningu gufu sem líkasta þeirri, sem mælist á Tjarnarási. Upphafsgildi á hita var valið $280^{\circ}C$ í samræmi við koldíoxídhita. Ferillinn er síðan reiknaður út frá $10^{\circ}C$ suðuprepum og aðskilnaði gufu og vatns sem síðan er látið sjóða í einu þepi í $100^{\circ}C$. Eins og fram


kemur á myndinni fellur ferillinn um það svæði sem afmarkar sýnin frá Þeistareykjagrundum og reyndist það samsvara því, að hiti hefði fallið um 30°C eða svipað og dæmið á mynd 59 sýnir. Sé þessi túlkun rétt, er hiti vatnsins sem gefur gufu á Þeistareykjagrundum um 30°C hærri heldur en mynd 54 gefur til kynna ($240\text{--}260^{\circ}\text{C}$). Af framangreindum útreikningum er hins vegar alveg ljóst, að mikla aðgát þarf ef reikna á út gashita og rekja rennslisleiðir samkvæmt gashlutföllum sömu sýna, þar sem suðan rýrir gildi hitareikninganna.




Mynd 61 Samband CO_2 -styrks og hlutfalls H_2S og CO_2 í gufu.

Til þess að athuga möguleika á suðu enn frekar var reiknað hvernig H_2 ætti að breytast við suðu, og voru notaðar sömu forsendur og hér að ofan. Mynd 58 sýnir, að H_2 leysist mun lakar í vatni heldur en CO_2 og H_2S , enda kemur í ljós, að þegar vatnið hefur soðið um 30°C eins og suðulíkanið á mynd 59 gerði ráð fyrir hefur reiknaður styrkur H_2 í gufunni lækkað svo mikil, að hann ætti ekki að vera mælanlegur. Mynd 62 sýnir mæld gildi og reiknaðan feril fyrir hlutföllin $\text{CO}_2/\text{H}_2\text{S}$ og CO_2/H_2 . Þar sést, að H_2 -styrkur í sýnum frá Þeistareykjagrundum er allit óf hár til þess að unnt sé að rekja gufurnar á þeim svæðum sem um ræðir til sama djúpvatns sem hefur soðið mismikið.

Ekki er þó hægt að stla, að minnkun styrks verði svo alger sem sýnt er á mynd 59, því að um leið og suðan er um gard gengin hefjast efnahvörf við berg að nýju og leitast þá vatnið við að ná gastegundum þaðan aftur til að fá fram jafnvægisstyrk þann, sem einkennir ríkjandi hitastig.



Mynd 62 Reiknaður suðuferill og mæld gildi $\text{CO}_2/\text{H}_2\text{S}$ og CO_2/H_2 í gufu við 100°C .



Mynd 63 Áhrif þrepasuðu á gashita.

Ekki er unnt að ná aftur þeim styrk, sem fengist hefði án suðu, nema á mjög löngum tíma, en þó nokkur nálgun getur fengist á tiltölulega stuttum tíma. Því tregara sem rennslið er því betri nálgun fæst, áður en suða hefst að nýju. Í töflu 10 og á mynd 63 eru borin saman áhrif þrepasuðu á CO₂-hita, H₂S-hita, H₂-hita, CO₂/H₂-hita og H₂/H₂S-hita. Má sjá, að áhrif á H₂S-hita eru lítil og því má ætla, að hann sýni gildi, sem ekki hafa fjarlægst upphafssuðugildi mikil. Áhrif eru langmest á CO₂-hita. Eins og kom fram fyrr í þessum kafla verður hann of lágor, ef þrepasuða fer fram og vökvinn nær ekki að nálgast jafnvægi við berg, áður en soðin gufa nær yfirborði.

4.8 Áhrif vatnsleiðni bergs á efnasamsetningu

Með gashita er leitast við að segja til um hita í jarðhitageymum. Forsenda þess, að það sé unnt er sú, að efnajafnvægi hafi náðst milli bergs og þess vatns sem gefur gufuna sem nær til yfirborðs. Einnig er gert ráð fyrir, að vatnið sjóði í einu þepi frá jafnvægishita og án aðskilnaðar niður í 100°C. Á þann hátt eiga styrkur og efnahlutföll í gufu að endurspeglar jafnvægisefnasamsetningu rennis í jarðhitageyminum við síðustu suðu.

Í köflunum hér að framan eru leidd rök að því, að gufa myndist við allt að 310°C á þeistareykjum. Ef miðað er við að þrýstingur á hverju dýpi ráðist af þyngd vatnssúlunnar sem ofan á hvílir, myndast 310°C heit gufa á 900-1100 m dýpi undir vatnsyfirborði. Til þess að gufa sem þar myndast nái til yfirborðs, án þess að breytingar verði á efnasamsetningu hennar, verða aðstæður að vera sérlega hagstæðar. Til dæmis er augljóst, að gufa þéttist í kerfinu yfir gufumyndunarstaðnum, ef þar er ekki suða. Sá gashiti sem fundinn er frá styrk gastegunda í gufu sem að hluta hefur þést verður rangur. Hins vegar er líklegt, að sú gufa sem nær yfirborði fari eftir afmörkuðum rásum um jarðhitakerfið. Vegna varmaflutnings með gufu kemst á tveggja fasa streymi þar þó svo að utan flutningsrásanna sé ekki suða. Ef lóðrétt leiðni er góð í þessum rásum má ætla, að gufusýni tekin á yfirborði nái að endurspeglar gufu sem myndast hefur á miklu dýpi. Á hinn böginn er ekki hægt að gera ráð fyrir öðru en að efni í bergi og vatni leiti til jafnvægissyrks í uppstreymisrásunum. Verður því að gera ráð fyrir, að efnasamsetning gufu nálgist jafnvægi við nýtt og lægra hitastig, og því meir sem leiðni er tregari vegna lengri snertitíma. Með þetta í huga er dregin sú ályktun, að efnasamsetning gufu þar sem lóðrétt leiðni er góð endurspegli jafnvægi á mun meira dýpi heldur en samsetning gufu sem farið hefur um rásir með lélegri leiðni, að því gefnu, að suða nái djúpt í kerfið. Þessi túlkun leiðir til þess að nota má gashita til þess að segja til um afstæða leiðni bergs.

Á þeistareykjum er áberandi munur á efnasamsetningu gufu frá suðurenda Tjarnaráss annars vegar og þeistareykjagrundum hins vegar. CO₂-hiti er 280-310°C á fyrnlefnda svæðinu en 230-260°C á því síðarnefnda. Fyrsti möguleikinn á túlkun er sá, að um raunverulegan hitamun sé að ræða. Annar möguleiki er, að mismunandi leiðni lóðrétttra rása orsaki breytingar á gufu frá myndunarstað til yfirborðs. Breytileika í efnasamsetningu milli einstakra svæða á þeistareykjum bæri samkvæmt því að túlka þannig að aðfærsluleiðir gufu væru betur opnar við Tjarnaráss heldur en á þeistareykjagrundum.

Ennfremur er unnt að hugsa sér, að vegna betri leiðni við Tjarnaráss

nái aðrennslið meira dýpi, áður en það fer að sjóða, en á þeistareykjagrundum, þar sem það blandast e.t.v. yfirborðsvatni.

Ef sprungur á yfirborði eru skoðaðar er ljóst að gufusvæðið við Tjarnarás er mjög greinilega tengt ungum brotum, en sprungur eru mun ógleggri á hinu svæðinu. Ef til vill má líta á það sem stod undir hugmyndina um betri vatnsleiðni við Tjarnarás.

4.9 Um kvíkasilfur og gashlutföll

Svæðinu er skipt í tvennt á grundvelli $\delta^{18}\text{O}$ gilda eins og sýnt er á mynd 45, þ.e. svæði A, Tjarnarás og svæði B, þeistareykjagrundir. Til hægðarauka verður eingöngu fjallað um sýni, sem súrefnис-18/16 hlutfall var mælt í. Meðaltöl og staðalfrávik súrefnис-18/16 hlutfalls, $\text{CO}_2/\text{H}_2\text{S}$ hlutfalls, meðalgashita og kvíkasilfurstyrks fyrir bessi sýni af svæðum A og B eru skráð í töflu 11. Þó að staðalfrávik séu stór, er greinilegur munur á svæðunum tveimur. Styrkur kvíkasilfurs er tiltölulega mikill í sýnum frá Tjarnarási og nálgast þann styrk, sem búast mætti við, ef jafnvægi hefði náðst í efnahvarfinu



við $250-300^\circ\text{C}$ (sjá Halldór Ármannsson og Trausti Hauksson 1980), meðan hann er yfirleitt miklu lægri, og viða illmælanlegur í sýnum frá þeistareykjagrundum. Bendir það til stöðugleika og langvinns jafnvægis í renni við Tjarnarás, meðan hið gagnstæða virðist gilda um þeistareykjagrundir.

Eðlileg túlkun á þessum niðurstöðum er sú, að jafnvægi hafi verið nálgæð við hátt hitastig við Tjarnarás meðan á þeistareykjagrundum streymi tiltölulega kalt vatn inn. Það sýður svo á minna dýpi við lægra hitastig. Sums staðar á Tjarnarássvæði virðist einnig geta verið um tiltölulega klóríðrikt renni að ræða og getur það haft áhrif á gashlutföll (t.d. $\text{CO}_2/\text{H}_2\text{S}$). Sennilega er hitastig það lágt í renni undir þeistareykjagrundum, að afgerandi magn kvíkasilfurs hefur ekki náð að leysast í því.

4.10 Radon

Radon er ein af eðalgastegundunum, en atóm þeirra eru með mjög stöðuga skipan elektróna, og tekur radon því engan þátt í efnahvörfum. Styrkur radons stjórnast því ekki af efnajafnvægi milli vatns og bergs eins og styrkur flestra annarra efna, sem athuguð voru á þeistareykjum. Túlkun á breytilegum styrk radons hlýtur því að vera frábrugðin túlkun á styrk annarra efna.

Radon (Rn-222) er geislavirkт efni sem myndast við klofnun radíums (Ra-226). Helmingunartími radons er 3,8 dagar. Styrkur radons í kyrrstæðu vatni er háður myndun þess og ræðst því af styrk radíums í bergeninu og helmingunartíma radons.

Ef rennið streymir um sprungu með víddina b (m) og allt radon myndast í berglagi með þykktina S (m), hafa Stoker og Kruger (1976) og Halldór Ármannsson og Trausti Hauksson (1980) sýnt fram á, að styrkur radons í renni (C_{Rn} :dpm/kg) eftir að það hefur streymt vegalengdina L (m) er:

$$C_{Rn} = (2 \gamma_f S E / b) (1 - \exp(-\lambda_{Rn} L / m \gamma_f)) \quad (16)$$


E = útgeislun radons úr bergi (dpm/m^3)

λ_{Rn} = eyðingarstuðull radons (s^{-1})


m = rennsli ($\text{kg}/\text{m}^2\text{s}$)

γ_f = eðlisrúmmál (m^3/kg)

Ef gert er ráð fyrir, að radíumstyrkur bergs í jardhitakerfinu sé alls staðar svipaður má líta á E sem fasta. Með því að setja stærðirnar S (þá er gert ráð fyrir, að ferðahraði radons sé sá sami um berg alls staðar á svæðinu, þ.e. að um svipað berg sé alls staðar að ræða) og b (þá er gert ráð fyrir sömu sprunguvídd alls staðar á svæðinu) einnig fastar er gengið út frá því að snertiflötur rennis við berg sé sá sami hvar sem er í vatnsleiðandi lögum í kerfinu. Þessa staðhæfingu verður að notast við meðan beinar mælingar hafa ekki verið gerðar. Styrkur radons í renni er þá háður rennsli, vegalengd og eðlisrúmmáli. Eðlisrúmmál er háð hita en aðallega vökvá- og gufuhluta rennis. Mynd 64 sýnir hvernig hlutfall radons í renni við radon í kyrrstæðum vatnsfasa breytist með rennsli. Reiknað var með 250°C hita og mismunandi gufuhluta. Heildregnu línumnar sýna hvernig breytingar verða ef $L = 1500 \text{ m}$ en punktalínurnar $L = 2600 \text{ m}$. Myndin sýnir, að sé rennsli meira en $2 \text{ kg/m}^2\text{s}$ er styrkur radons aðallega háður rennsli en



Mynd 64 Samband radonstyrks, rennslis, gufuhluta og vegalengdar við 250°C .



Mynd 65 Styrkur radons í gufu.


í minna mæli vegalengd. Gufuhluti hefur hins vegar ekkert að segja fyrr en rennsli fer að minnka, og begar rennslið er komið niður undir $0,1 \text{ kg/m}^2$'s eða minna er styrkur radons 40 sinnum hærri í hreinni gufu ($y=1$) heldur en hreinum vatnsfasa ($y=0$). Þá hafa breytingar á rennsli og vegalengd hins vegar engin áhrif. Niðurstöðan er sú, að lágur styrkur radons í renni miðað við styrk radons í kyrrstæðum vatnsfasa stafar af hröðu rennsli, en mikill styrkur stafar af hægu rennsli og/eða háum gufuhluta en þetta tvennt fer oft saman (Gestur Gíslason o. fl 1978).

Árið 1977 hófust mælingar á radoni (Rn) í vatni og gufu úr borholum í Kröflu í samvinnu milli Raunví sindastofnunar Háskóla Íslands og Orkustofnunar. Voru þessar mælingar liður í verkefni í jarðskjálftarannsóknum RH. Í ljós kom, að niðurstöðurnar reyndust einnig áhugaverðar vegna rannsókna á jarðhitakerfinu (Gestur Gíslason og fl. 1978). Þegar gerð var könnun á gufuaugum á Kröflusvæði var styrkur radons í gufunni ákvárdæður. Þær niðurstöður sem þá fengust reyndust hjáplegar við túlkun á eiginleikum jarðhitakerfisins (Halldór Ármannsson og Trausti Hauksson 1980) og með þá reynslu í huga var ákveðið að mæla radon í gufu á Þeistareykjum. Niðurstöður eru sýndar í töflu 6 og á mynd 65. Mældur styrkur radons í gufu inni á virkasta svæðinu á Þeistareykjum er á bilinu 9400 - 348200 dpm/kg. Lægstur styrkur mælist í gufuaugum sem eru á misgenginu vestan við Bæjarfjall. Bendir þá til þess eins og fyrr sagði að þar sé rennsli hræðast. Hærri styrkur annars staðar á svæðinu gefur til kynna hægara streymi og/eða gufu í bergi. Athygli vekja há gildi í suðurhluta Tjarnaráss þar sem gashiti er hæstur. Ef gufuhluti er hár í bergi veldur þá hægara rennsli en ella, þannig að við slíkar aðstæður getur rennsli orðið tregt og leiðir þá til þess að radonstyrkur verður hár, jafnvel þó að berg sé tiltölulega vel opíð. Niðurstöður eru því þær, að vatnsleiðni er tiltölulega góð í grennd við misgengin vestan við Bæjarfjall, en að kerfið sé í suðu við þau þar sem gashiti er hár. Þá benda niðurstöður radonmælinga til þess að á Þeistareykjagrundum sé rennsli tregara, en þar er erfidara að segja til um gufuhluta.

4.11 Rennslisleiðir

Nokkrar vísbendingar er unnt að nýta til að fá hugmyndir um rennslisleiðir um jarðhitasvæðið.


Bragi Árnason (1976) hefur leitt rök að því, að grunnvatnsrennslí á Norðausturlandi sé yfirleitt til norðurs. Ætla má, að þær sprungur, sem fundist hafa á svæðinu (2. kafli) leiði vatnið yfirleitt í þessa stefnu. Hámarksgashiti bendir til uppstreymis og lækkandi gashiti getur bent til afrennslis. Í kafla 4.7 og á mynd 58 kemur fram, að leysni mismunandi gastegunda í vatni er ekki hin sama, og rjúka þær því mismikið úr vatnsfasa við suðu. Þær kemur og fram að hafi gufa soðið af renninu einu sinni, t.d. við uppstreymi, hefur styrkur lítt leysinnar gastegundar (t.d. H_2) minnkað meira en annarrar leysnari (t.d. H_2S). Við það lækkar hlutfall á bord við H_2/H_2S , og kemur það fram er afrennslisvatnið sýður aftur af sér gufu. Eins og fram hefur komið hér að framan, eru ýmsir annmarkar á slíkri túlkun, en sé munur verulegur milli tveggja staða má gera því skóna, að þær sem hlutfallið er lægra, sé um afrennslí frá hinum að ræða. Dreifing H_2/H_2S hlutfalls í gufusýnum frá Þeistareykjum er sýnd á mynd 66 og nokkrar hugsanlegar leiðir rennslis á mynd 67.



Mynd 66 Hlutfall H_2/H_2S í gufuaugum.

4.12 $^3He/ ^4He$ hlutfall

Tekin voru nokkur sýni til greininga hlutfalls helium-3 og helium-4 samsæta. Uppruni þessara tveggja samsæta er talinn mismunandi, þ.e. algengast er helium-4, sem að töluverðu marki myndast við geislavirka klofnun, en helium-3 er álitid jafngamalt alheiminum. Gnótt þess síðarnefnda er talin bera vitni uppruna á miklu dýpi.



Mynd 67 Hugsanlegar rennslisleidir grunnvatns.

Greiningar voru gerðar í rannsóknastofu í háskólanum í Cambridge, Englandi sem liður í samvinnuverkefni Orkustofnunar við jarðvíssindadeild þess skóla og Norrænu eldfjallastöðina. Viðunandi niðurstöður fengust úr greiningum sýna frá tveimur stöðum, G-1 og G-7, og eru þær sýndar í töflu 12, gefnar upp sem hlutfall $^{3}\text{He}/^{4}\text{He}$ hlutfallsins í gufunni við sama hlutfall í andrúmslofti. Eru niðurstöður svipaðar því, sem þekkist við Kröflu og Námafjall og fleiri jarðhitasvæði á Norðausturlandi (Hooker o.fl. 1982), en lægri en sumsstaðar á Suðurlandi og Reykjanesi (Polak o.fl. 1975). Þær eru innan þess svíðs, sem algengt er í basalti á Norður-Atlantshafshryggnum (Craig og Lupton 1981), og benda til þess, að gas þetta sé komið af tölverðu dýpi.

4.13 Efnagreiningar á sýnum úr volgrum

Vatnusuppsprettur eru á tveimur stöðum á Þeistareykjum. Annars vegar eru nokkrar volgrur vestan undir Ketilfjalli og hins vegar er brunnum heima við gömlu bæjarrústirnar á Þeistareykjum.

Undir Ketilfjalli kemur vatnið fram í skriðufætinum, og er rennsli alls staðar lítið, vel innan við 1 l/s og hiti þess mælist á bilinu $12-35^{\circ}\text{C}$. Sýnum var safnað úr heitstu volgrunni (V-1), en hún er beint niður undan Katlinum, en svo nefnist brennisteinsskella í miðjum

hlíðum Ketilfjalls (G-3) (mynd 41). Sýnum var safnað bæði 1981 og 1982 til þess að sjá hvort breytileiki væri í efnasamsetningu milli ára. Niðurstöður eru sýndar í töflu 13. Vatnið ber nokkur merki jarðhitavatns, en þó er heildarstyrkur uppleystra efna mun lægri heldur en vænta má í háhitavatni. Líklegast er hér um að ræða kalt grunnvatn sem sígur í gegnum Ketilfjall, en land er um 150 m hærra austan heldur en vestan þess. Vatnið hefur trúlega blandast gufu og hitnað. Styrkur SiO_2 og Na/K-hlutfall benda til jafnvægisleitar efna milli vatns og bergs við hita sem er hæri en venjulegur hiti grunnvatns. Tiltölulega hár styrkur koldfóxiðs og breytileiki milli ára bendir til blöndunar við CO_2 -ríka gufu.

Vatnsbólið á Þeistareykjum er um 1 m djúpur brunnur, og rennur frá honum örlítil leña. Hiti vatnsins er $23,6^{\circ}\text{C}$ en ljóst er af efnasamsetningu vatnsins að um er að ræða regnvatn sem runnið hefur skamman veg í jörðu. Sést það af lágum styrk uppleystra efna. Einnig er Na/Cl-hlutfall það sama og í regni, en við upptöku efna úr bergi breytist það hlutfall.

Niðurstaða efnagreininga á volgu lindavatni á Þeistareykjum er sú, að það eigi ekkert skyld við vatnið í jarðhitakerfinu heldur sé um að ræða grunnvatn sem hefur hitnað fyrir tilstilli varmaflutnings frá undirliggjandi háhitakerfi.

Niðurstöður δD og $\delta^{18}\text{O}$ samsætugreininga (Tafla 4) á sýni úr V-1 benda til uppruna í regnvatni úr næsta nágrenni (sbr. Bragi Árnason 1976), og styður það þá túlkun, sem hér var sett fram.

4.14 Samandregnar niðurstöður

Eftirfarandi ályktanir má draga af niðurstöðum efnarannsókna á Þeistareykjum með hliðsjón af niðurstöðum annarra rannsókna þar.

- 1) Á Þeistareykjum er hitagjafi, sem gæti verið kvíkuhólf eða innskot, með A-V læga stefnu frá Ketilfjalli að Lambafjöllum, og jarðhitakerfi ofan á.
- 2) Vesturhluti jarðhitakerfisins, þ.e. Tjarnarás og svæði vestur af honum, liggur innan virka sprungubeltisins. Um Bæjarfjall hnikar sprungubeltið sér til, en á þeim stöðum kann það að vera í sambandi við hitagjafann.
- 3) Með tímanum hefur jarðhitakerfið lokast af vegna útfellinga í jöðrum þess, og innstreymi er nú takmarkað við afmarkaðar rásir. Meginrennslisstefna er norðlæg.
- 4) Renni kerfisins er e.t.v. svipað að uppruna og svo nefnt "fornvatn" (Bragi Árnason 1976) á Húsavík, í Reykjahverfi og í Áðaldal, og er það líklega tiltölulega salt. Austast kemst nokkurt kalt grunnvatn inn í kerfið vegna hækkandi vatnsstöðuprýstings (hydrostatic pressure) austan Ketilfjalls og Bæjarfjalls. Einnig er mögulegt, að djúpt í jörðu vestan Bæjarfjalls streymi tiltölulega ómengad "fornvatn" inn í kerfið um virkstu misgengin (sjá sýnatökustaði G-9, G-10 og G-19 á mynd 41).
- 5) Vatn nær jafnvægi við heitt berg, en blandast kaldara vatni í austurhluta kerfisins og sýður hugsanlega í vesturhlutanum. Því er $\delta^{18}\text{O}$ allmiklu lægra í þeim síðartalda. Kemur þetta einnig fram í háu $\text{CO}_2/\text{H}_2\text{S}$ hlutfalli í austurhluta en lágu í

- vesturhluta.
- 6) Á 900-1100 m dýpi fer fram suða við $280-310^{\circ}\text{C}$. Vatn og gufa leita upp um sprungur, og komast þannig í snertingu við nýtt umhverfi. Í uppstreymisrásunum ríkir því ójafnvægi a.m.k. um stundarsakir.
 - 7) Svæðið umhverfis Tjarnarás er vel opíð og rennsli því hratt upp til yfirborðs. Efnasamsetning gufunnar nær því að endurspeglar ástand sem ríkir djúpt í jörðu.
 - 8) Á þeistareykjagrundum er lítið um nýleg brot og streymi til yfirborðs tiltölulega hægt. Má ætla að sú gufa, sem þar nær yfirborði hafi soðið grynnra en gufan við Tjarnarás, og gashiti hennar sé því lægri.
Þegar borað er eftir skolvatni verður að gæta þess, að velja stað sem skemmst frá væntanlegu borsvæði. Ennfremur þarf að gæta þess að vera svo fjarri jarðhitasvæðinu að hitastig vatnsins verði ekki of hátt. Kaldavatnsholu hefur verið valinn staður skammt norðan við Þeistareykjagrundir (mynd 73), rétt austan við aðalvegarslóðann til norðurs. Fjarlægðin frá þessum stað að væntanlegu borstæði er 2-2,5 km. Þetta er nokkuð langur vegur, en viðnámsmælingar hafa leitt í ljós, að öllu nær jarðhitasvæðinu er ekki ráðlegt að fara, vegna þess að kalt grunnvatn virðist ekki vera fyrir hendi inni á því sjálfa. Á umdræddum stað benda viðnámsmælingar til að dýpi ofan á vatnsbord sé um 25 m. Gert er ráð fyrir að holan verði boruð með höggbor, og er talið, að ekki purfi að lagfæra vegin til Þeistareykja til þess að koma slikeum bor á staðinn.



Mynd 73 Staðsetning kaldavatns- og rannsóknarborholu.

8.2 Vegalagning

Vegasamband við Þeistareyki er mjög slæmt, aðeins jeppaslóðir sem eru færar 3-4 mánuði á ári. Ef koma á þangað jarðbor sem getur borað nokkur hundruð metra borholu verður augljóslega að ráðast í umfangsmikla vegargerð. Um tvær leiðir er að velja til Þeistareykja, annars végar frá Húsavík um Reykjaheiðarveg og þaðan til suðurs, hins végar frá "kísilveginum" á Hólasandi til norðurs. Leiðin frá Húsavík er 25 km löng, þar af eru 11 km frá Reykjaheiðarvegi til Þeistareykja. Leiðin frá "kísilveginum" er 21 km löng og virðist hún hagkvæmari kostur af eftirtöldum ástæðum : 1) Mikill hluti þeirrar leiðar er um sanda, þar sem vegargerð er auðveld. 2) "Kísilvegurinn" er mun betri végur en Reykjaheiðarvegur, sem gera þyrfti verulegar lagfaringar á, yrði leiðin frá Húsavík farin. 3) "Kísilveginum" er haldið opnum, eftir því sem föng eru á, allt árið, en Reykjaheiðarvegur er lokaður vegna snjóa drjúgan hluta vetrar. 4) Orkustofnun hefur geymslu- og vinnuádstöðu í Mývatnssveit, sem hugsanlega mætti nýta frá Þeistareykjum. Kostnaðaráætlun í viðauka 4 gerir ráð fyrir végalarlagningu milli Þeistareykja og Hólasands.

8.3 Rannsóknarborhola

Fyrstu rannsóknarholu á Þeistareykjum hefur verið valinn staður á sunnanverðum Tjarnarási og er hann sýndur á mynd 73. Forsendurnar fyrir staðsetningunni eru eftirfarandi:

1. Staðurinn er inni á miðju virka jarðhitasvæðinu og þar nærrí sem yfirborðsummerki jarðhita eru hvað mest.
2. Nálægð við Tjarnarásmisgengið, en jarðhiti á yfirborði er áberandi tengdur því og bendir það til vatnsleiðandi bergs.
3. Gashitamælar benda til þess, að hiti sé hár þar undir, og leidd hafa verið að því rök að suða nái þar djúpt í kerfið.
4. Efnasamsetning gufu bendir til þess, að bergið sé vel vatnsleiðandi á þessum slóðum.
5. Á þessum stað yrði borað í miðja lágvíðnámslægðina, en þar mælist viðnám minna en 10 ohmm ofan við 400 m dýpi.
6. Þar er grunnt á háviðnámslagið sem kemur fram í mælingum, en í því virðist gufan sem nær yfirborði vera mynduð.

Ef bora á djúpt í háhitakerfi, þ.e. 1000-2000 m, er nauðsynlegt að fóðra holur niður á tiltölulega mikil dýpi. Þetta á sérstaklega við á svæðum sem ekki hefur verið borað í áður, þar sem hiti og þá um leið hámarksprýsingur er svo til óþekktur. Það hefur aftur á móti í för með sér, að takmarkaðar upplýsingar fást um efri hluta holunnar. Er því lagt til, að fyrsta holan verði a.m.k. 600 m djúp. Er það í samræmi við áætlun Orkustofnunar um rannsóknir á háhitasvæðum (Valgarður Stefánsson o. fl. 1982). Í viðauka 4 er kostnaðaráætlun um borun slíkrar holu, en þar er gert ráð fyrir að hægt sé að láta holuna blása.

8.4 Frekari yfirborðsrannsóknir

Þó svo að stigi yfirborðsrannsókna sé lokid á þeistareykjum verður að gera ráð fyrir nokkrum rannsóknum á yfirborði samfara rannsóknarborunum. Má þar nefna smáskjálftarannsóknir, en þær geta gefið upplýsingar um eðli jarðhitakerfisins en þó aðallega hitagjafans. Einnig er nauðsynlegt að afla upplýsinga um jarðskjálftavirkni svæðisins áður en það verður virkjað.

Í kaflanum um byngdarmælingar var rakin nauðsyn þess, að koma upp neti mælistöðva til þess að fylgjast með hugsanlegum breytingum á byngdar-sviði vegna vinnslu á svæðinu. Þetta þarf að gera áður en til vinnslu kemur, og er eðlilegt að gera það strax og rannsóknarboranir hefjast.

Ef farid verður út í frekari rannsóknir og nýtingu á jarðhitasvæðinu er nauðsynlegt að framkvæma umhverfiskönnun á þeistareykjum og nágrenni. Virðist eðlilegt að Orkustofnun hafi frumkvædi að slikri athugun, en hún ætti að stuðla að því að framkvæmdum verði hagað þannig, að sem minnstu raski valdi.

Þá skal þess að lokum getið að búast við að rannsóknarboranir veki margar spurningar sem leiði til enn frekari mælinga á yfirborði en þegar hefur verið minnst á.

HEIMILDIR

Ármannsson, Halldór, Gíslason, Gestur og Hauksson, Trausti 1982:
Magmatic gases in well fluids aid the mapping of the flow pattern
in a geothermal system. Geochim. Cosmochim. Acta, 46, 167-177.

Arnórsson, Stefán, Gunnlaugsson, Einar og Svavarsson, Hördur 1983 a:
The chemistry of geothermal waters in Iceland. II. Mineral
equilibria and independent variables controlling water
compositions. Geochim. Cosmochim. Acta, 47, 547-566.

Arnorsson, Stefán, Gunnlaugsson, Einar og Svavarsson, Hördur 1983 b:
The chemistry of geothermal waters in Iceland. III. Chemical
geothermometry in geothermal investigations. Geochim. Cosmochim.
Acta, 47, 567-577.

Arnórsson, Stefán og Einar Gunnlaugsson 1984: New gas geothermometers
for geothermal exploration. - Calibration and application.
Geochim. Cosmochim. Acta. Handrit (lagt fram).

Arný E. Sveinbjörnsdóttir 1982: Stable isotope study of water-rock
interaction in the Krafla and Reykjanes geothermal fields,
Iceland. Stable isotope Report No.88. Project 2010481.
University of East Anglia, Norwich, England, 30 s.

Bemmelen, R.W. van og M.G. Rutten 1955: Tablemountains of Northern
Iceland. E.J. Brill, Leiden. 217 bls. auk 52 myndasíðna og korta.

Bragi Árnason 1976: Groundwater systems in Iceland. Vísindafélag
Íslendinga XLII, 236 s.

Craig, H. 1961a: Isotopic variations in meteoric waters. Science 133,
1702-1703.

Craig, H. 1961b: Standard for reporting concentrations of deuterium
and oxygen-18 in natural waters. Science 133, 1833-1834.

Craig, H. og Lupton, J.E. 1981: f: Emilian (ritstj.) The sea, vol.
7.

D'Amore, F. og Panichi C. 1980: Evaluation of deep temperatures of
hydrothermal systems by a new gas geothermometer. Geochim.
Cosmochim. Acta, 44, 549-556.

Darling, W.G. og Bath, A.H. 1983: Stable isotope analyses from the
Krafla and Námafjall geothermal systems in Iceland. Institute
of Geological Sciences. Geophysics and Hydrogeology Division.
Hydrogeology Unit, Wallingford. Report No. WD /ST/83/5, 15 s.

Ellis, A.J. og Mahon, W.A.J. 1977: Chemistry and Geothermal Systems.
Academic Press. New York, San Francisco, London, 392 s.

Eysteinn Tryggvason 1978a: Jarðskjálftar á Íslandi 1930-1939.
Raunvísindastofnun Háskólags, RH-78-21, 92 bls.

Eysteinn Tryggvason 1978b: Jarðskjálftar á Íslandi 1940-1949.
Raunvísindastofnun Háskólangs, RH-78-22, 51 bls.

Eysteinn Tryggvason 1979: Jarðskjálftar á Íslandi 1950-1959.
Raunvísindastofnun Háskólangs, RH-79-06, 90 bls.

Gestur Gíslason, Halldór Ármannsson og Trausti Hauksson 1978: Krafla.
Hitaástand og gastegundir í jarðhitakerfinu. Orkustofnun,
OS-JHD-7640, 9 s.

Giggenbach, W. F. 1980: Geothermal gas equilibria. Geochim.
Cosmochim. Acta, 44, 2021-2032.

Guðmundur Guðmundsson, Guðmundur Pálmason, Karl Grönvold, Karl
Ragnars, Kristján Sæmundsson og Stefán Arnórsson 1971:
Námafjall-Krafla. Áfangaskýrsla um rannsókn jarðhitasvæðanna.
Orkustofnun JHD, 81 s.

Guðmundur Pálmason, Tor Nilsen og Gunnar Þorbergsson 1973: sjá Pálmason
Guðmundur, Tor Nilsen og Gunnar Þorbergsson 1973:

Guðrún Larsen og Sigurður Þórarinsson 1977 : sjá Larsen, G. and
Thorarinsson S. 1977.

Halldór Ármannsson og Trausti Hauksson 1980: KRAFLA Samsetning gass í
gufuaugum. Orkustofnun OS80027/JHD16.

Halldór Ármannsson, Gestur Gíslason og Trausti Hauksson 1982: sjá
Ármannsson, Halldór, Gíslason, Gestur og Hauksson, Trausti 1982.

Halldór Kjartansson 1972: Leirmyndanir í Dalasýslu og Þingeyjarsýslum.
Orkustofnun JKD. 53 s, 30 m.

Hooker, P.J., M. Condomines, R.K.O'Nions, E.R.Oxburgh, H. Ármannsson og
Karl Grönvold 1982 : Helium and other isotopic variations in the
Krafla rifting zone, Iceland. EOS, 63, 457.

Hrefna Kristmannsdóttir og Sigfús Johnsen 1981: Eyjafjörður -
Efnainnihald og ísótópahlutföll jarðhitavatns. Orkustofnun
OS81023/JHD014, 15 s.

Jarðbornair ríkisins 1951 : Efnagreiningar á hverum og laugum.
Reykjavík, 88 s.

Jón Jónsson 1976 : Svæðisgos á Reykjanesskaga. Týli 6, 2, 53-58.

Jón Jónsson 1978 : Jarðfræðikort af Reykjanesskaga. Orkustofnun
OS-JHD-7831, 303 s, myndir og kort.

Karl Grönvold og Ragna Karlsdóttir 1975: ÞEISTAREYKIR - Áfangaskýrsla
um yfirborðsrannsóknir jarðhitasvæðisins. Orkustofnun - JHD 7501.
26 s, 11 m.

Kjartan Ottósson 1980: Jarðskjálftar á Íslandi 1900-1929.
Raunvísindastofnun Háskólangs, RH-80-05, 84 bls.

Kristján Sæmundsson 1974 : sjá Sæmundsson, Kristján 1974.

Kristján Sæmundsson 1977: Jarfraðikort, Norðausturland. Mælikvarði 1:250000. Náttúrufræðistofnun Íslands, Landmælingar Íslands.

Kristján Sæmundsson 1979 : Outline of the geology of Iceland. Jökull 29, 7-28.

Kristján Sæmundsson 1982: Úskjur á virkum eldfjallasvæðum á Íslandi. Eldur í Norðri. Sögufélagið. Reykjavík. bls. 221-239.

Larsen, Guðrún and Thorarinsson, S. 1977 : H4 and Other Acid Hekla Tephra Layers. Jökull, 27, 28-46.

Layugan, Domingo B. 1981: Geoelectric sounding and its application in the Theistareykir high-temperature area, NE-Iceland. Orkustofnun/UNU Geothermal Training Programme, Iceland. Report 1981-5.

Magnús Ólafsson 1984: "Hentug handbók fyrir hvörn mann". Um söfnun og efnagreiningu vatns- og gassýna. Orkustofnun OS JHD. Handrit.

Meidav, T 1980: Direct current resistivity methods in geothermal exploration. Geoth. Res. Counc. Technical Training course no. 2.

Nakamura, K. 1970: En 'echelon features of Icelandic ground fissures. Acta Nat. Isl., V. 2, 8, 15 bls.

Ólafur Jónsson 1945: Ódáðahraun, I-III. Bókaútgáfan Norðri H.F., Akureyri. 425 bls., 447 bls., 405 bls.

Pálmason, Guðmundur, Tor Nilsen og Gunnar Þorbergsson 1973: Gravity base station network in Iceland. Jökull, 23, 70-125.

Polak, B.G., V.I.Kononov, I.Tolstikhin, B.A.Mamyrin og L.V.Khabarin 1975 : Int. Ass. Hydrol. Sci. Publ. 119.

Ragna Karlsdóttir 1974: Forundersögelse af Þeistareykir-området. Eksamensprojekt í teknisk geologi, B710905. Danmarks Tekniske Höjskole. 38 s.

Stefán Arnórsson og Einar Gunnlaugsson 1984: sjá Arnórsson, Stefán og Einar Gunnlaugsson 1984.

Stefán Arnórsson, Einar Gunnlaugsson og Hördur Svavarsson 1983 a: sjá Arnórsson, Stefán, Gunnlaugsson, Einar og Svavarsson, Hördur 1983 a.

Stefán Arnórsson, Einar Gunnlaugsson og Hördur Svavarsson 1983 b: sjá Arnórsson, Stefán, Gunnlaugsson, Einar og Svavarsson, Hördur 1983 b.

Stoker, A. K. og Kruger, P. 1976: Radon in geothermal reservoirs. Second United Nations symposium on the development and use of geothermal resources. San Francisco, may 1975, Proceedings, Vol 3

Sec. VII, 1797-1804.

Sæmundsson, Kristján 1974 : Evolution of the Axial Rifting Zone in Northern Iceland and the Tjörnes Fracture Zone. Geol. Soc. Am. Bull. 85, 495-504.

Valgarður Stefánsson, Helgi Torfason og Hrefna Kristmannsdóttir 1981: ÞEISTAREYKIR. Áætlun um rannsókn jarðhitasvæðisins. Orkustofnun, greinargerð VS/HeTo/HK-81/02.

Valgarður Stefánsson, Gestur Gíslason, Helgi Torfason, Lúðvík S. Georgsson, Stefán G. Sigurmundsson og Sverrir Þórhallsson 1982: Áætlun um skipulegar rannsóknir á háhitasvæðum landsins. Orkustofnun, OS82093/JHD13.

Þorleifur Einarsson 1968: Jarðfræði, saga bergs og lands. Mál og Menning. 335 bls. Reykjavík.

Þorvaldur Thoroddsen 1899, 1905: Landskjálfatar á Íslandi. Hið íslenzka bókmenntafélag, Kaupmannahöfn. 269 bls.

VIÐAUKİ 1

FRAMKVÆMD VIÐNÁMSMÆLINGA

A.1 FRAMKVÆMD VIÐNÁMSMÆLINGA

Viðnámsmælingar felast í því, eins og nafnið gefur raunar til kynna, að kanna hvernig eðlisviðnám berglaga gegn rafstraumi breytist með dýpi frá einum stað til annars. Eðlisviðnám berglaga getur verið afar mismunandi, enda er það háð ýmsum breytistarðum. Þær mikilvægustu eru vatnsinnihaldid í berginu, selta vatnsins (m.ö.o. magn uppleystra efna), hitastig og síðast en ekki síst gerð bergsins s.s. lögun og stærð hola, glufa og sprungna. Sé berg mettað vökva fer eðlisviðnámið lækkandi með:

1. auknu seltumagni jarðvatnsins
2. hækkandi hitastigi
3. auknu holrými bergsins

A jarðhitasvæðum er berg venjulega vatnsósa neðan við ákveðið dýpi. Þeir þrír þættir, sem bent var á að stuðluðu að minnkandi eðlisviðnámi eru yfirleitt allir til staðar á jarðhitasvæðum. Þeir eru innbyrðis tengdir að meira eða minna leyti. Þannig eykst t.d. selta jarðvatns með hækkandi hitastigi.

Viðnámsmælingum er skipt í two flokka, jafnstraumsmælingar og riðstraumsmælingar. Eftir 1970 hefur nær eingöngu verið notast við jafnstraumsmælingar við jarðhitaleit á Íslandi.


Jafnstraumsmælingar fara þannig fram, að hleypt er jafnstraumi niður í jörðina gegnum tvö straumskaut og mældur sá spennumunur, sem myndast við það á yfirborði jarðar við önnur tvö rafskaut. Til eru ýmsar tegundir jafnstraumsmælinga með mismunandi innbyrðis afstöðu straum- og spennuskauta. Algengast er, að þau séu í beinni línu, straumskautin yst og spennuskautin mitt á milli. Ef fjarlægðin milli spennuskautanna er höfð mun minni en fjarlægðin milli straumskautanna er mæliuppsetningin nefnd Schlumberger-uppsætning. Fjarlægðin milli straumskautanna er höfð a.m.k. fimmföld fjarlægðin milli spennuskautanna. Schlumberger-uppsætningin er langalgengust hér á landi og verður átt við hana fyrst og fremst, þegar rætt verður um viðnámsmælingar hér á eftir. Uppsætningin er sýnd á mynd V.1.

Eins og fram kemur af mynd V.1 sendir straumgjafinn út straum milli straumskautanna A og B. Straumurinn dreifist um jörðina og nær þeim mun dýpra niður því lengra sem er á milli straumskautanna. Spennumunurinn, sem við þetta myndast milli spennuskautanna M og N er mældur með spennumælinum. Hann er táknaður við V (volt) og er háður styrk útsends straums, sem er táknaður við I (amper), innbyrðis afstöðu rafskautanna og viðnámi jarðlaganna, sem straumurinn fer um. Reiknað er út svokallað sýndarviðnám samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$\rho_a = K \frac{V}{I}$$

Stærðin K er reiknuð út frá innbyrðis afstöðu straum- og spennuskauta. Eins og áður sagði er straumdreifingin í jörðinni háð fjarlægðinni milli straumskautanna. Á mynd V.1 er þessi fjarlægð mun minni en þykkt eftir lagsins og nærrí allur straumurinn berst eftir eftir viðnámslaginu. Sýndarviðnámið verður því jafnt raunverulegu viðnámi eftir lagsins þ.e. 100 ohmm. Til þess að fá upplýsingar um viðnámsdreifinguna nedar í jörðinni er fjarlægðin milli

straumskautanna smáaukin. Þegar fjarlægðin er orðin mun meiri en þykkt efra lagsins fer straumurinn nær eingöngu eftir neðra laginu og sýndarviðnámið nálgast því raunverulegt viðnám neðra lagsins þ.e. 20 ohmm.



Mynd V.1: Schlumberger-uppsetning viðnámsmalinga; skýringamynd.

Jarðlagamódelin eru sjaldan jafn einföld og það tveggja laga módel, sem hér hefur verið lýst. Oftast eru þau fjögurra til sex laga. Það breytir þó ekki þeim grunnhugmyndum sem hafa verið útskýrðar. Útfærsla þeirra verður einungis ögn flóknari.

Í Schlumbergermælingum er fjarlægðin milli straumskautanna aukin smám saman og sýndarviðnám mælt fyrir hvert straumskautabil. Sýndarviðnámið er teiknað upp á tvílogaritmiskan pappír sem fall af hálfri fjarlægðinni milli straumskautanna ($AB/2$). Dæmi um slika viðnámsferla er að finna í viðauka B. Mælingaflokkar Orkustofnunar skila niðurstöðunum frá sér á þessu formi til þeirra, sem annast Úrvinnslu.

A.2 ÚRVINNSLA VIÐNÁMSMÆLINGA

A.2.1 Almenn atriði

Úrvinnsla viðnámsmælinga er tvíþætt. Fyrri hlutinn felst í því að túlka sýndarviðnámsferilinn í "raunverulegt" viðnám jarðar. Seinni hlutinn felst í því að draga niðurstöður einstakra viðnámsmælinga saman í eina heildarmynd af viðnámsdreifingu svæðisins. Hún (viðnámsdreifingin) er síðan borin saman við aðrar rannsóknir af sömu slóðum s.s. jarðfræði, segul- og byngdarmælingar, efnafraðirannsóknir o.s.frv. Þar með fæst enn heilsteyptari mynd, sem síðan er tengd ýmsum jarðhitafraðilegum þáttum, sem segja til um gerð og lögum jarðhitasvæðisins.

A jarðhitadeild Orkustofnunar eru til forrit, sem túlka viðnámsmælingar, bæði einvít og tvívít. Erlendis er unnið að þróun forrita, sem túlka viðnámsmælingar þrívít.

A.2.2 Einvíð túlkun viðnámsmælinga

Í einvíðri túlkun er gert ráð fyrir því, að jörðinni sé skipt í lárétt lög, sem hafa óendenlega útbreiðslu. Sérhvert lag hefur fasta þykkt og viðnám. Fjölda laga má ákvæða útfrá lögum sýndarviðnámsferilsins, en að því loknu má reikna út viðnám og þykkt einstakra laga. Fram til ársins 1978 var það gert með samanburði við frædilega útreiknaða sýndarviðnámsferla. En á því ári eignaðist Orkustofnun forritið CIRCLE2, sem túlkar viðnámsmælingar einvít (Johansen 1977, Ásmundur Jakobsson og Gylfi Páll Hersir 1978). Forritið er sjálfvirkt á þann hátt, að tölvan er mótuð á mæligildum, fjölda laga og einhverjum byrjunargildum fyrir viðnám og þykkt sérhvers lags. Síðan leitar tölvan uppi það jarðlagamódel, sem gefur þann útreiknaða sýndarviðnámsferil, sem passar best við mælda sýndarviðnámsferilinn.

Margir gallar eru á þessari túlkunaraðferð. Í fyrsta lagi sýnir hún einungis þá lausn sem felur í sér fæst möguleg viðnámslög. Þannig eru þau viðnám sem út úr túlkuninni koma einskonar vegin meðalgildi viðnáms yfir ákveðin dýptarbil. Unnið er að þróun forrita, sem túlka viðnámsmælingar einvít, þar sem jörðinni er ekki skipt niður í viðnámslög, en viðnáminu sem fall af dýpi leyft að breytast samfellt (Oldenburg 1978). Þessi aðferð er ekki komin á það stig að hún geti leyst þá fyrrnefndu af hólmi.

Í öðru lagi eru alltaf einhverjar viðnámsbreytingar í láréttu stefnu. Ef þær breytingar eru óverulegar á svæði sem nemur lengd straumarms (AB/2) umhverfis hvort straumskaut er einvíð túlkun góð og gild. Um tvívíða túlkun viðnámsmælinga er fjallað sérstaklega í kafla A.3.

A.2.3 Óvissur og jafngildislag í einvíðri túlkum

Því miður er það svo, að sérhvert sýndarviðnámsgildi er mælt með ákveðinni óvissu. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu óvissuvöldunum og þeim ahrifum sem þeir hafa á túlkun niðurstaðanna.

Bæði við mælingu útsends straums og aflestur spennufallsins, sem straumurinn skapar, er falin ákveðin óvissa. Þá er alltaf um einhverja óvissu að ræða við ákvörðum fjarlægða milli rafskauta. Ýmis utanaðkomandi fyrirbæri geta skammhleypt straumnum s.s. jarðsímalínur, girðingar o.fl. Ef straumurinn skammhleypur, mælist minna spennufall en ella og sýndarviðnámið verður því minna en það raunverulega er. Að lokum má nefna ýmsa aðra óvissuliði t.d. óvissur í mælitækjum, ójöfnur á yfirborði, fjallendi, jarðspennur o.s.fr.

Flestir þeir óvissuliðir, sem hafa verið taldir upp eru óháðir hver öðrum og leggjast því beint saman. Venjan er sú að meta óvissuna sem 3.5% af sýndarviðnámsgildinu að viðbættu staðalfráviku í sérhverjum mælipunkti. Yfirleitt vex staðalfrávikið með vaxandi straumarmslengd og fer fyrst að skipta verulegu mál, þegar hálf fjarlægðin milli straumarmanna (AB/2) er örðin 1000 m. Ástæðurnar fyrir þessu eru einkum tvær. Annars vegar minnkar spennufallið með vaxandi straumarmslengd og mælióvissan verður þar af leiðandi hlutfallslega stærri. Hins vegar valda segulsviðsstraumar í háloftunum jarðstraumum, sem ýmist leggjast við eða dragast frá "réttum spennumun". Því verður að mæla sum mæligildin mörgum sinnum og taka síðan vegið meðaltal, þar sem staðalfrávikið er haft til viðmiðunar.

En hvaða áhrif hefur þessi óvissa á túlkun niðurstaðanna? Ef sérhvert sýndarviðnámsgildi ákveðinnar mælingar væri fullkomlega laust við alla skekkju og jörðin lárétt lagskipt væri eftirleikurinn auðveldur, því að þá svaraði aðeins eitt jarðlagamódel til þess sýndarviðnámsferils, sem við mældum.

Skipta má áhrifum óvissunnar á túlkunina í tvennt. Í fyrsta lagi bein áhrif á þann hátt, að hún veldur ákveðnum óvissumörkum á þykkt og viðnámi einstakra jarðlaga. Í öðru lagi óbein áhrif, sem verða við tilvist svokallaðra jafngildisлага. Jafngildislag eru jarðlög, þar sem breyta má þykkt viðkomandi jarðlags og viðnámi að vild, þó að vísu innan ákveðinna marka, þannig að annaðhvort margfeldi þykktar og viðnáms sé fasti (t-jafngildislag) eða hlutfallið á milli þykktar og viðnáms sé fasti (s-jafngildislag). Jafngildislag verða til, ef þykkt jarðlagsins er minni en dýpið niður á það og ef það er annaðhvort klemmt milli tveggja jarðlaga sem bæði hafa minna viðnám en það sjálft (t-jafngildislag), eða ef það er klemmt milli tveggja jarðlaga sem bæði hafa hærra viðnám (s-jafngildislag).

Ef jarðlagamódel gerir ráð fyrir jafngildislagi og því er breytt í samræmi við það sem sagt var hér að framan fást að vísu mismunandi sýndarviðnámsferlar fyrir mismunandi jarðlagamódel. Hins vegar er munurinn á þeim það lítill, að þeir verða innan óvissumarka mælda sýndarviðnámsferilsins. Þetta hefur það í för með sér að þegar jafngildislag eru til staðar verða viðnám og þykktir þeirra illa ákvarðaðar.

A.3 Tvívíð túlkun viðnámsmælinga

Árið 1981 eignaðist Orkustofnun forrit, sem túlkar viðnámsmælingar tvívíttr p.e.a.s. upplýsingar fást bæði um láréttu lagskiptingu viðnámsins (einvíð túlkun) og viðnámsbreytingar í eina stefnu í láréttu fletinum (Dey 1976, Dey og Morrison 1976, Halldór Halldórsson 1982). Til þess að "mata" forritið verður að gera nokkrar viðnámsmælingar hverja í framhaldi af annarri, þannig að rafskaut allra mælinganna séu á sem næst beinni línu. Venjulega er mælt þvert á þau viðnámsskil sem verið er að kenna og fást þá upplýsingar um viðnámið bæði á mismunandi dýpi og viðnámsbreytingar í láréttu stefnu mælilínunnar. Þá verða mælingarnar að ná vel út fyrir áhrifasvæði þeirra viðnámsskila, sem atlunin er að skoða.

Tvívíð túlkun fer þannig fram, að búið er til viðnámssnið úr rétthyrrndum blokkum. Viðnámið breytist ekki hornrétt á það. Dæmi um slíkt viðnámssnið er á mynd 28. Síðan eru reiknaðir út í tölvu sýndarviðnámsferlar sem fengjast ef mældar væru Schlumbergermælingar eftir sniðinu. Útreiknaðir sýndarviðnámsferlar eru síðan bornir saman við hina mældu, viðnámssniðinu breytt og reiknaðir nýir sýndarviðnámsferlar uns viðunandi samræmi næst milli reiknaðra og mældra ferla. Þá eru stundum borin beint saman mælda sýndarviðnámssniðid annars vegar og hið reiknaða hins vegar. Með því móti fæst hentugt mat á því hvort túlkunin er nægilega góð fyrir sniðið í heild.

Forritið, sem notað er við tvívíðu túlkunina vinnur með net hnittpunkta og er viðnámslíkanið fellt inn í petta net. Þar sem netið inniheldur takmarkaðan fjölda hnittpunkta, verður sniðið alltaf dálitið gróft og upplausnin í forritinu því takmörkuð. Að sjálfsögðu batnar hún með auknum fjölda punkta, en um leið eykst keyrslutími forritsins í tölvunni verulega. Því verður að finna hentugt jafnvægi þarna á milli, þannig að netið verði hvorki of gróft né keyrslutíminn of langur. Að auki eru í tvívíðri túlkun til staðar flest þau vandamál, sem um var rætt í kafla A.2.3. Forritið er mjög frekt á tölvutíma og því ærið kostnaðarsamt að túlka mælingar tvívíttr. Einnig ræður forritið illa við samliggjandi viðnámsblokkir þar sem viðnámshlutföllin eru mjög há. Þá er það galli við tvívíða túlkunarforritið, að ekki er hægt að taka tillit til landslagsáhrifa við túlkunina.

A.4 Vandamál við túlkun viðnámsmælinga á háhitasvæðum

Ýmis mælitæknileg vandamál eru tengd viðnámsmælingum á háhitasvæðum. Þau má einkum rekja til eftirfarandi þriggja þátta:

1. Lélegs sambands milli straumskauta og jarðar
2. Lágs viðnáms í jörðu
3. Mjög mikilla viðnámsbreytinga milli jarðlaga

Hér verður fjallað stuttlega um þessa þætti og áhrif þeirra á viðnámsmælingar.

Flest háhitasvæði á Íslandi eru tengd eldvirkni. Yfirborð þeirra er því iðulega þakið þurrum og lítt grónum hraunum þannig að mjög erfitt er að fá gott samband milli straumskauta og jarðar. Af þessu leidir að sá straumur sem hægt er að senda milli straumskautanna er að jafnaði lítill. Spennufallið milli spennuskautanna er í beinu hlutfalli við strauminn og verður því einnig lítið. Þetta verður til þess að óvissur og skekkjur í mældri spennu (s.s. frá jarðspennum og innri skekkjum í spennumæli, þegar hann er notaður að ystu mörkum) geta orðið hlutfallslega mjög stórar. Óvissunum er reynt að halda í skefjum með því að margendurtaka spennumælinguna og reikna síðan vegið meðaltal. Innri skekkjur í mælitækjum er hins vegar ekki hægt að losna við og verður því í einstaka tilfellum að hætta mælingu mun fyrr en áætlað var.

Viðnám í jarðhitakerfum háhitasvæða er að jafnaði mjög lágt. Spennufallið milli spennuskautanna verður því lítið (það má í grófum dráttum skilja af Ohmslögmáli: spenna=viðnám × straumur). Lágt viðnám á háhitasvæðum hefur því í för með sér sama vandamál og lýst hefur verið hér að framan. Af því sem hér hefur verið rakið má sjá að eitt aðalvandamálið við viðnámsmælingar á háhitasvæðum er lítið spennufall milli spennuskautanna.

Spennufallið er hægt að auka með því að auka fjarlægðina milli spennuskautanna. Í viðnámsmælingum er það að jafnaði gert þrisvar til fjórum sinnum eftir því sem straumarmurinn lengist. Hins vegar er ekki hægt að hafa fjarlægðina milli spennuskautanna eins langa og verkast vill. Fyrir því eru einkum tvar stæður. Í fyrsta lagi er hægt að sýna fram á að dýptarskynjun viðnámsmælinga er ekki meiri en minnsta fjarlægð frá straumskauti að spennuskauti (Knútur Árnason 1983). Til að hafa dýptarskynjunina sem mesta er því æskilegt að hafa spennuskautin sem lengst frá straumskautunum þ.e.a.s. sem næst hvort öðru. Í öðru lagi er í flestum forritum sem notuð eru til einvíðrar túlkunar (þar á meðal CIRCLE2) gert ráð fyrir því að fjarlægðin milli spennuskauta sé miklu minni en fjarlægðin milli straumskauta. Af þessum ástæðum er leitast við að hafa fjarlægðina milli spennuskautanna sem minnsta og ekki meiri en fimm tung af fjarlægðinni milli straumskautanna.

Breytingar á fjarlægðinni milli spennuskauta (spennuarmi) hafa, auk þess sem áður er nefnt, oft í för með sér annað vandamál. Þegar spennuarmurinn er lengdur breytist sýndarviðnámið íðulega þ.e.a.s. ekki mælist sama sýndarviðnám á stuttum og löngum spennuarmi við sama straumarm. Þetta gefur ósamfellu eða hliðrun í mælda sýndarviðnámsferlinum (spennustökk). Það er mjög bagalegt því að þau forrit, sem notuð eru við túlkun mælinganna krefjast samfeldra viðnámsferla. Áður en túlkun getur hafist verður því að leiðréttar ferlana til þess að losna við ósamfellur. Slíkar leiðréttningar geta verið mjög vandasamar og oft orkar tvímælis hvernig þær skuli framkvæmdar. Þó má oft greina á milli tveggja mismunandi gerða af ósamfellum:

1. Hliðrun, sem minnkar með vaxandi straumarmi
2. Hliðrun, sem helst óbreytt með vaxandi straumarmi





Þessar ósamfellur eiga sér mismunandi orsakir.





Þær fyrnefndu eiga rætur sínar að rekja til mjög mikilla viðnámsbreytinga milli láréttar jarðlaga nálægt yfirborði. Þessar ósamfellur eru leiðréttar á þann hátt að notuð eru sýndarviðnámsgildi fyrir styttri spennuarminn eins lengi og hægt er (helst þar til hliðrunin er horfin) og síðan sýndarviðnámsgildi fyrir lengri spennuarminn.





Ósamfellur af síðarnefndu gerðinni eiga rætur sínar að rekja til viðnámsóreglna við spennuskaut. Þær eru alla jafna lagfærðar með því að hliðra þeim hluta ferilsins sem mældur er með stuttum spennuarmi að þeim hluta ferilsins sem mældur er með lengri spennuarminum.





VIÐAUKI 2




MÆLIFERLAR VIÐNÁMSMÆLINGA OG EINVÍÐ TÚLKUN











VIÐAUKI 3

LÝSING Á SÝNATÖKUSTÖÐUM

Lýsing á sýnatökustöðum

Í þessum viðauka er að finna lýsingu á öllum þeim stöðum þar sem sýnum var safnað. Ennfremur er tafla 15 með hnitudum allra sýnatökustaða. Hnitudin eru tekin upp af orthokortum (landsnet) og hæð yfir sjó er einnig lesin af þeim.

- G-1: Gufuauga í gilinu vestan og neðan við gamla sáluhúsið (hesthúsið) þar sem gilið er nokkuð krappt. Með neðstu gufuaugum í gilinu. Hæll var settur á vesturbarm gilsins beint upp af sýnatökustaðnum.
- G-2: Brennisteinsþúfa efst og austast á Neðri-Bóndhól. Svæði með brennisteinsþúfum og yfirborðshita er um 1000 ferm. Hæll er um 10 m í suður frá sýnatökustaðnum.
- G-3: Gufuauga syðst í skál í miðjum vesturhlíðum Ketilfjalls (Ketillinn). Brennisteinn er við sýnatökustaðinn. Hæll var settur 12,5 m S35A frá gufuauganu.
- G-4: Gufuauga hátt í norðurhlíðum Bæjarfjalls beint suður af skálanum. Sýnatökustaður er í kröppu en grunnu gili. Hæll er 4 m í S50V frá sýnatökustað.
- G-5: Gufuauga í 470m y.s. í norðurhlíðum Bæjarfjalls. Skálinn er N10A frá sýnatökustað. Hæll er 2,5 m í stefnu S80A frá sýnatökustaðnum.
- G-6: Gufuauga syðst í Tjarnarás um 200 m frá rótum fjallsins. Syðst í allstórrri jarðhitaskelli. Hæll var rekinn niður 10 m suður af söfnunarstaðnum.
- G-7: Gufuauga í austanverðum Tjarnarás miðja vegu milli Bæjarfjalls og þeistareykjahrauns þar sem það leggst að ásnum. Hæll er 8,65 m vestan við sýnatökustaðinn.
- G-8: Gufuauga vestan til í Tjarnarás um 50 m sunnan við tjarnarstaði vestan við ásinn. Mjög lítið gufustreymi í skorningi sem liggur ofan við ásinn. Hæll beint austur af gufuauganu og 7 m frá því.
- G-9: Gufuauga norðvestan í Bæjarfjalli, vestast í ummyndunarröndinni sem liggur með fjallinu. Hæll er beint vestur af gufuauganu.
- G-10: Gufuauga sunnarlega í hitaröndinni vestan við Bæjarfjall, á móts við syðri enda flugbrautar. Hæll er 10 m vestur af sýnatökustaðnum.
- G-11: Gufuauga norðan við Bæjarfjall um 150 m suðaustan við skálann og austan við lækjarskorninginn sem liggur milli skálans og hesthússins. Hæll: 12 m vestur af sýnatökustað.
- G-12: Gufuauga í stóru brennisteinssvæði norðan og austan við Neðri-Bóndhól sem er trúlegast hraunbrún. Gufuaugað er norðarlega í skellunni. Hæll er 5 m sunnan við sýnatökustaðinn.

- G-13: Lítill skella rétt norðan við G-7. Mikill brennisteinn, sem þekur um 100 m². Hæll um 10 m suður af sýnatökustað.
- G-14: Lítill brennisteinsþúfa í hlíðum undir fjallsrótunum suður af skálanum. Áberandi klettur er uppi á háhólnum rétt við gufuaugeð. Brennisteinn er á um 10 fermetra svæði. Hæll: 4 m norðan við sýnatökustað.
- G-15: Gufuauge nokkuð uppi í hlíðum Bæjarfjalls beint suður af Tjarnarási. Allmikill brennisteinn og nokkur gufuauge. Flatarmál er 425 m². Hæll nál. 8 m austan við sýnatökustaðinn.
- G-16: Nyrst og austast í hveraröndinni vestan og norðan við Bæjarfjall. Sýnatökustaðurinn er lítil brennisteinsþúfa sem er nærrí því í miðri gróðurlausu ræmunni. Hæll u.p.b. 13 m austan við sýnatökustaðinn.
- G-17: Gufuauge norðarlega í röndinni vestan Bæjarfjalls suðvestan við G-16. Frá sýnatökustaðnum ber Ketilinn í Ketilfjalli (G-3) yfir sýnatökustað G-6. Hæll u.p.b. 5 m vestan við sýnatökustaðinn.
- G-18: Gufuauge nyrst og austast í röndinni nordvestan við Bæjarfjall. A milli G-16 og G-6. Hæll um 10 m austan við sýnatökustaðinn.
- G-19: Brennisteinsþúfa í ræmunni vestan Bæjarfjalls í henni austanverðri, gegnt G-17. Lítill gufa og erfið sýnataka. Hæll um 10 m austan við sýnatökustaðinn.
- G-20: Brennisteinsþúfa vestan við Bæjarfjall miðja vegu milli G-16 og G-19.
- G-21: Gufuauge í hlíðum Bæjarfjalls, nánast beint suður af séluhúsínu. Efst og vestast í stóru samfelldu leirhvera- og gufusvæði sem nær fram á grundirnar. Hæll 5 m sunnan og ofan við sýnatökustaðinn.
- G-22: Gufuauge í áberandi brennisteinsþúfubyrpingu í miðjum hlíðum Bæjarfjalls suður af séluhúsínu. Þar er nokkur slakki í hlíðinni, en fyrir ofan tekur við brattasti hluti hlíðarinnar. Hæll 25 m vestan við sýnatökustaðinn.
- G-23: Gufa í hrauninu sem kemur ofan Bóndhóllsskard. Gufur koma þar allvíða upp úr hrauninu, en engin ummyndun er þar á yfirborði. Sýnatökustaðurinn er nærrí miðju gufusvæðinu nokkuð neðarlega, og kemur gufan upp um glufu í hrauninu. Hæll 8 m sunnan við sýnatökustaðinn.
- G-24: Nokkuð áberandi ummyndunarblettir í hrauninu vestur af Ketilfjalli. Vegurinn sem liggur frá séluhúsínu að Ketilfjalli liggur fast vestan við skelluna. Sýnatökustaðurinn er nyrst og vestast í skellunni og kemur gufan úr glufu í hrauninu. Allmikill brennisteinn er á gufusvæðinu. Hæll 7 m austan við sýnatökustaðinn.

- G-25: Ummyndunarskella með gufuauge undir rótum Ketilfjalls vestur af suðurenda þess. Hæll 8 m fyrir vestan sýnatökustaðinn.
- G-26: Smá hitaskella í lækjarfarvegi austan við Tjarnarás og rétt norðan við veginn er liggur suður á sandinn. Skammt sunnan við sýnatökustaðinn er allstór leirhver. Nokkur brennisteinn en frekar lítið gufustreymi. Flatarmál um 140 m^2 . Hæll er 6 m austan við sýnatökustaðinn.
- G-27: Í norðurhlíðum Bæjarfjalls nedan og vestan við G-5. Allstór brennisteinsskella og sker hana krappt gil. Ekki mikil gufustreymi. Sýnatökustaðurinn er á eystri gilbarminum þar sem skorningur liggur ofan í gilið. Þurfti að grafa þrep í leirinn niður að sýnatökustaðnum. Bergið er ummynduð móbergsbreksía. Stærð svæðisins var metin 50×80 m. Hæll 8 m austan við sýnatökustaðinn.
- G-28: Norðan við adalhraunfláka þeistareykjahraunsins í krika þar sem hrauntunga teygir sig til norðurs. Á misgengisbrún (sig til vesturs um 5 m). Þar er þó nokkuð ummyndað, gróðurlaust 25×100 m svæði. Ein brennisteinsskella um 100°C . Mjög lítil gufa á einum stað um miðju svæðisins en ekki í gufuauge heldur úr jarðvegi á svæði sem er um 1 m í þvermál. Hæll 5 m austan við sýnatökustaðinn.
- G-29: Í hrauninu inni í sandgræðslugirðinguunni. Gufuauge um. 10 cm í þvermál í moldarjarðvegi. Sunnanvert við flugvöllinn um 100 m innan við sandgræðslugirðinguna. Engar útfellingar eða ummyndun sjáanlegar. Hæll 5 m vestan við sýnatökustaðinn.
- G-30: Brennisteinsskella um 1 m í þvermál um 100 m vestan við Háurönd norðvestan við G-29. Þó nokkrar brennisteinsskellur og búfur í norðaustur frá þessari. Gufustreymi yfirleitt lítið eða ekkert nema í þeirri sem næst er sýnatökustaðnum. Hæll 5 m austan við sýnatökustaðinn. Stefna á þeistareykjaskála er N56°A.
- G-31: Í norðurhlíðum Bæjarfjalls í hlíðinni upp af séluhúsini. Sýnatökustaðurinn er í efstu brennisteinsþúfunni, upp af G-22. Skammt nedan við fjallsbrúnina. Kreinn brennisteinn við gufuopið. Stærð þúfunnar er 10×10 m en mikil ummyndun er á 10×50 m svæði. Hæll 8 m suður frá sýnatökustaðnum.
- G-32: Uppi á Bæjarfjalli, þar sem gilið sem G-27 er í nær fjallsbrúninni. Gufur koma nokkuð víða upp í móbergi. Hiti virðist bundinn smásprungum sem stefna N50°A. Engar útfellingar eða ummyndun við gufuopin, en ljósar útfellingar í bólstrabergi er mynda hamrana framundan. Hæll 7 m sunnan við (S20°V) sýnatökustað.
- G-33: Vestan við Bæjarfjall við svokallaða Háurönd rétt innan við sandgræðslugirðinguna, litlu norðar en þar sem slóðin sveigir frá girðinguunni að fjallinu. Allmikil gufustreymi er þarna á misgengi sem liggur norður-suður og er sigið um 4 m til austurs. Sýnatökustaðurinn er 8-10 m norðan við aðalgufustreymid. Engin brennisteinn eða ummyndun. Hæll 8 m norðan við sýnatökustaðinn.

G-34: Við gufuútstreymi í Þeistareykjahrauni, innan sandgræðslu-girðingarinnar, nefnt Hitur. Sýni var tekid þar sem er nokkuð ákaft streymi um 100 - 200 m norðan við áberandi hraunhól, í kambi í hrauninu. Hiti 94.4°C . Hæll rétt vestan við augað.

V-1: Uppsprettta í svolitlum slakka neðst í hlíðum Ketilfjalls, beint niður undan Katlinum (sýnatökustað G-3). Vatnið kemur fram í svolitlu dýi. Hæll 8 m austan við uppsprettuna.

V-2: Vatnsbólið á Þeistareykjum rétt norðan við bæjarhólinn. Líðlega 1 m djúpur, hlaðinn brunnur um 50 cm víður. Smálæna rennur frá brunninum. Hæll 7 m austan við brunnin.

STADSETNING SÝNATÖKUSTÁÐA

Staður	X-hnit	Y-hnit	Hæð y.s.
G-1	410.652	7310.637	348
G-2	411.232	7310.428	390
G-3	412.083	7311.251	460
G-4	410.838	7310.179	455
G-5	410.561	7310.074	455
G-6	410.009	7310.356	336
G-7	409.944	7310.630	335
G-8	409.792	7310.928	325
G-9	409.502	7309.933	329
G-10	409.386	7309.625	330
G-11	410.882	7310.563	364
G-12	411.160	7310.686	364
G-13	409.925	7310.691	334
G-14	410.807	7310.432	395
G-15	410.150	7310.065	380
G-16	409.754	7310.307	329
G-17	409.617	7310.168	329
G-18	409.823	7310.388	330
G-19	409.711	7310.181	329
G-20	409.764	7310.254	329
G-21	410.991	7310.376	383
G-22	410.993	7310.264	420
G-23	411.490	7310.684	382
G-24	411.399	7311.257	362
G-25	411.754	7311.034	379
G-26	410.251	7310.456	340
G-27	410.452	7310.164	412
G-28	408.894	7313.115	308
G-29	409.076	7309.557	329
G-30	408.962	7309.633	328
G-31	410.956	7310.110	488
G-32	410.531	7309.954	522
G-33	408.969	7308.928	330
G-34	408.576	7310.683	328
V-1	411.958	7311.386	377
V-2	410.567	7310.796	342

VIÐAUKI 4

KOSTNAÐARÁÐLUN UM BORUN 600 M RANNSÓKNARHOLU

Kostnaðaráætlun um borun 600 m rannsóknarholu .

Forsendur:

í samræmi við "Áætlun um skipulegar rannsóknir á háhitasvæðum landsins" (Valgarður Stefánsson o. fl. 1982).

Byggingarvísitala: 1600

þús. kr


Borleiga og vinnulaun 23 d.	1610
Efni (borkrónur, fóðringar, raufun, holutoppur, hljóðdeyfir)	3700
Aðkeypt þjónusta (flutn. o.fl.)	577
Vatnsöflun (borun, rekstur dælu)	1400
Vegagerð	2100
Vinnubúðir (leiga)	525
Rannsóknir samfara borun	500
ófyrirséð	2080
Samtals	12492

ÞEISTAREYKIR

JARÐHITAKORT


SKÝRINGAR:

- Jarðhitaummyndun á yfirborði
- Brennisteinn með eða án gufustreymis
- Leirhverir
- Gufur þar sem $t^{\circ}\text{C} < 90^{\circ}\text{C}$
- Afbraeðslur í febrúar 1982
- Laug



ÞEISTAREYKIR

JARÐFRÆÐIKORT



ÞEISTAREYKIR BROTALÍNUKORT



- Sprungur og misgengi sem hafa hreyfst á nútíma og fyrr
- Sprungur og misgengi sem hafa hreyfst á nútíma
- Gígar
- Ummýndun
- Leirhverir og gufuaugu yfir 90 °C
- Gufa 20 ° - 90 °C
- Volgrur
- Framhlau
- Mörk jarðmyndana

LANGAVITI

ÞEISTAREYKJABUNGA

STÓRÁVÍTI

Stórvítishraun

LITLAVÍTI

PÓRUNNARFJÖLL

EINBÚI

Draugahraun

DRAUGAGRUNDIR

GÆSAFJÖLL

Mynd 3

0 2 km

